HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA ritgerð**
**í íslenskri málfræði**

# Um hljóðgervinga, myndhljóð og hljóðtáknun í íslenskum teiknimyndasögum

**Fabio Teixidó Benedí**

Leiðbeinandi: Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus
Júní 2022

**ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD**

# Um hljóðgervinga, myndhljóð og hljóðtáknun í íslenskum teiknimyndasögum

Fabio Teixidó Benedí
140579-2979

Lokaverkefni til MA-prófs í íslenskri málfræði

Leiðbeinandi: Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2022

Um hljóðgervinga, myndhljóð og hljóðtáknun í íslenskum teiknimyndasögum

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-prófs
við íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Fabio Teixidó Benedí, 2022
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

# Ágrip

Í ritgerð þessari er ætlunin að búa til fyrsta myndhljóðasafn úr íslenskum teiknimyndasögum eftir ólíka rithöfunda sem gefnar voru út á mismunandi tímum. Aðalrannsóknarspurningin felst í því að skoða að hve miklu leyti íslensku myndhljóðin brjóta þeim reglum sem ríkja í íslenska málkerfinu. Gerð verður grein fyrir hljóð-, hljóðkerfis-, orðhluta- og merkingarfræðilegum atriðum á borð við atkvæðagerð, endurtekningu, hljóðskipunarreglur, stafsetningu, áhrif erlendra tungumála, orðmyndunaraðferðir og tengsl milli forms og merkingu. Jafnframt verður gerður samanburður við önnur tungumál og skoðað verður hvort niðurstöðurnar séu í samræmi við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu viðfangsefni í öðrum tungumálum.

# Abstract

This dissertation was aimed to build the first corpus of Icelandic ideophones that has been made so far. Ideophones were taken from comics by different Icelandic authors that were published in the last six decades. The main purpose of this work is to study to what extent Icelandic ideophones break the rules that prevail in the Icelandic language system. A wide range of phonetic, phonological, morphological and semantic features are examined, including syllable structure, reduplication, phonotactic rules, spelling, word formation, foreign language influence and all kind of relationships between form and meaning. The results are then compared with other languages to assess whether they are in accordance with previous studies on this subject.

# Efnisyfirlit


**1. Inngangur** ..... **7**

**2. Um hljóðgervinga og eðli þeirra** ..... **10**

2.1. Uppruni tungumálsins og eðli málvísindalega táknsins ..... 10

2.2. Á mörk tungumálsins ..... 12

2.3. Skilgreining á hljóðgervingi ..... 13

2.4. Myndhljóð ..... 15

2.5. Hljóðtáknun ..... 16

2.6. Undirflokkar hljóðgervinga ..... 18

2.7. Samantekt ..... 18

**3. Um myndhljóð og hljóðtáknun í íslensku** ..... 20

**4. Hljóðtáknun og teiknimyndasögur** ..... 23

**5. Gerð myndhljóðasafnsins** ..... 25

**6. Hljóð- og hljóðkerfisleg atriði** ..... 31

6.1. Atkvæðagerð ..... 31

6.2. Villt form ..... 35

6.3. Lengd myndhljóða ..... 36

6.3.1. Tvíritun lokhljóða í bakstöðu ..... 38

6.4. Endurtekning myndhljóða ..... 39

6.4.1. Endurtekning með hljóðskipti ..... 42

6.5. Myndhljóð og hljóðskipunarreglur ..... 46

6.6. Tökuorð ..... 48

6.6.1. Aðlögun enskra orða ..... 51

6.6.1.1. Aðlögun lokhljóða ..... 51

6.6.1.2. Aðlögun önghljóða ..... 53

6.6.1.3. Aðlögun sérhljóða ..... 54

6.6.2. Meira um áhrif enskra orða ..... 56

6.7. Notkun z, c, w, q ..... 52

6.8. Samantekt ..... 58

**7. Orðhlutafræðileg atriði** ..... 60

7.1. Orðflokkar ..... 60

7.1.1. Sagnir og nafnorð ..... 61

7.1.2. Upphrópanir ..... 67

7.2. Orðmyndun ..... 69

7.2.1. Afleidd myndhljóð ..... 69

7.2.2. Samsett myndhljóð ..... 69
7.3. Samantekt ..... 70
**8. Merkingarfræðileg atriði** ..... 72
8.1. Flokkun myndhljóða eftir notkun ..... 72
8.2. Tengsl milli hljóðs og merkingar ..... 74
8.3. Um samheiti og margræðni ..... 76
8.4. Samantekt ..... 78
**9. Niðurstöður** ..... 79

**Heimildaskrá**..... 81

VIÐAUKI I – Upplýsingar um notkunardæmi ..... 89
VIÐAUKI II – Myndir af notkunardæmum ..... 106

# Myndaskrá

Mynd 1. Notkunardæmi um hljóðgerving *splúmms!*.....27
Mynd 2. Algengustu sérhljóðin í kjarna atkvæða.....32
Mynd 3. Samanburður á notkun villtra forma .....36
Mynd 4. Samanburður á notkun fjölritunar hljóða .....37
Mynd 5. Dæmi um notkun endurtekinna myndhljóða ..... 40
Mynd 6. Dæmi um endurtekningu sem fylgir ýmis sérhljóðskipti ..... 44
Mynd 7. Dæmi um endurtekningu án sérhljóðskiptis ..... 44
Mynd 8. Samanburður á endurtekningu með og án sérshljóðskiptis .....45
Mynd 9. Samanburður á endurtekningu með og án sérshljóðskiptis .....45
Mynd 10. Notkun sömu sérhljóðaskipta til að leggja áherslu á eitt og hvert högg ..... 46
Mynd 11. Dæmi um málvíxl ..... 49
Mynd 12. Dæmi um notkun z, c, h ..... 58
Mynd 13. Notkunardæmi um þýskan hljóðgerving *fauch!!!* .....61
Mynd 14. Dæmi um þýðingu á ensku orðinu *roar* yfir á þýsku ..... 61
Mynd 15. Notkun á *flett, æl* og *grenj* ..... 65
Mynd 16. Notkun hljóðgervinga *blögh* og *bðöö* ..... 67
Mynd 17. Samanburður á notkun hljóðgervings og sagnar í svokölluðum erikuhætti.. 67
Mynd 18. Dæmi um samsett myndhljóð .....70
Mynd 19. Notkun á myndhljóð *slumpp* .....75
Mynd 20. Ýmis orð sem tákna skothvelli ..... 77
Mynd 21. Ólík notkunardæmi um *smakk* og *pamm* ..... 77
Mynd 22. Notkun orðs *smjatt* í ólíkum merkingum .....78

# Töfluskrá

Tafla 1. Dæmi um helstu atkvæðagerðir sem er að finna í myndhljóðasafninu ..... 33
Tafla 2. Dæmi um endurtekin myndhljóð ..... 43
Tafla 3. Yfirlit um óleyfilega stuðla ..... 47
Tafla 4. Dæmi um myndhljóð sem tengjast enskum orðum ..... 50
Tafla 5. Dæmi um þýskar sagnir í erikuhætti ..... 62
Tafla 6. Skilgreining á *me*, *voff* og *krunk* í *Íslenskri orðabók* ..... 68
Tafla 7. Flokkun myndhljóða eftir uppruna hljóða sem líkt er eftir ..... 74

# 1. Inngangur

Eitt helsta einkenni teiknimyndasagna sem gerir lestur þeirra að skemmtilegri og spennandi upplifun er sannarlega þau orð sem standa fyrir utan talblöðrur og fylgja teikningunum. Um er að ræða orð eða hljóðaklasa af ýmsu tagi á borð við *paf, krunk, þúnnnnk!, fsssss* o.s.frv. sem eiga það sameiginlegt að þau reyna að herma eftir hljóðum tengdum tilteknum verknaði eða hljóðum sem menn eða dýr gefa frá sér. Sum þessara orða kallast hljóðgervingar (e. *onomatopoeia*) en þeir eru skilgreindir í *Íslenskri orðabók* sem „orð sem með hljóðum sínum líkja eftir hljóðum í náttúrunnni (*onomatopoëicum*)“. Þetta hugtak nær hins vegar ekki til allra orða sem fylgja myndunum í teiknimyndasögum. Doke (1935:118–119) var fyrstur til að kynna hugtakið myndhljóð (e. *ideophone*) sem er víðara hugtak en hljóðgervingur. Samkvæmt honum er myndhljóð „a vivid representation of an idea in sound“ og hann bendir á að myndhljóð séu oft hljóðgervingar en ekki alltaf. Enn víðara er hugtakið hljóðtáknun (e. *sound symbolism*) sem Hinton o.fl. (1994:1) skilgreina stuttlega sem „direct linkage between sound and meaning“. Ritgerð þessi fellur að mörgu leyti innan ramma hins síðastnefnda hugtaks.

Lengi sýndu málfræðingar hljóðgervingum og svipuðum orðum lítinn áhuga. Meðal þess sem e.t.v. skýrir þetta áhugaleysi má nefna að orð af þessu tagi tengjast talmáli, óformlegu málsniði, barnamáli og „ómerkilegum“ textategundum eins og teiknimyndasögum. Auk þess er ritháttur þeirra mjög misjafn og meðal málfræðinga ríkir mikið ósamræmi varðandi skilgreiningu og flokkun þeirra. Ýmsir málfræðingar, m.a. Poyatos (1993), halda því meira að segja fram að slík orð tilheyri samhliðamáli (e. *paralanguage*) en ekki tungumáli eins og rætt verður um í kafla 2.2.

Hins vegar er óhætt að segja að slík orð séu til í öllum tungumálum og að um sé að ræða virkt fyrirbæri. Áhugi á þessum orðum hefur aukist undanfarna áratugi en vegna skorts á handbókum eða málfræðibókum þar sem myndhljóð og hljóðgervingar eru skoðuð sérstaklega þurfa málfræðingar að safna saman slíkum orðum og búa til sérstök söfn (e. *corpora*). Sem dæmi um hljóðgervingaorðabækur og hljóðgervingasöfn má nefna orðabækur í japönsku (Amanuma, 1974; Kakehi, Tamori og Schourup, 1996; Ono, 1994; Hida og Hideko, 2002); kóresku (Aoyama, 1991); kínversku (Geng, 1986); mandarin kínversku (Noguchi, 1995); ensku (Kloe, 1977; Kaida *et al*., 1985); katalónsku (Riera-Eures og Sanjaume, 2002); spænsku (García de Diego, 1968); frönsku (Enckell og Rézeuau; 2005; Nodier, 2012), basknesku (Ibarretxe, I., 2006).

Auk þessara orðabóka eru einnig til fræðirit og málvísindagreinar þar sem hljóðgervingar og myndhljóð eru greind sérstaklega í ólíkum tungumálum. Sem dæmi má nefna rannsóknir í afrískum tungumálum (Doke, 1935; Childs, 2003); tyrknesku (Ido, 1999) eða Mon-khmer mál (Diffloth, 1979) eða spænsku (Rodriguez Guzmán, 2005). Eitt af þeim tungumálum þar sem myndhljóð hafa verið mest rannsökuð vegna mikillar tíðni þeirra er japanska (Hamano 1998; Hirose 1981; Kita 1997). Í öðrum ritum bera málfræðingar saman hljóðgervingakerfi í mismunandi tungumálum eins og Bordbar og Kambuziya (2016) og Schourup (1993). Einnig eru verk tileinkuð þýðingu hljóðgervinga (Zhao 1999; Casas Tost, 2009). Í sambandi við eðli myndhljóða gera Voeltz og Kilian-Hatz (1999) og Akita og Dingmanese (2019) fróðlega samantekt. Varðandi hljóðtáknun er vísað m.a. til verks Hintons o.fl. (1994) þar sem fjallað er um það hugtak í víðum skilningi en einnig í sambandi við tiltekin tungumál. Feist (2012) gerir ítarlega grein fyrir hljóðtáknun í ensku.

Aðalheimildin til að leita að hljóðgervingum og svipuðum orðum í rituðu formi eru teiknimyndasögur. Ýmsir málfræðingar hafa notað þær til að byggja myndhljóðasöfn í þeim tilgangi að skoða ólík fyrirbæri í sambandi við hljóðtáknun. Eitt dæmi er rannsókn Oswalts (1994) sem byggist á enskum teiknimyndasögum. Einnig má nefna verk Taylors (2006) og orðabækur eftir Gasca og Gubern (2008), Benayoun (1968) og Fresnault-Deruelle (1977).

Þrátt fyrir þessar rannsóknir í öðrum tungumálum hafa myndhljóð og hljóðtáknun vakið litla sem enga athygli hér á landi. Árið 1926 tók Alexander Jóhannesson saman helstu einkenni íslenskra hljóðgervinga og Halldór Halldórsson (1950) og Guðrún Kvaran (2005) ræða stuttlega um þá. Fyrir fáum árum birtist MA-ritgerð eftir Þórhöllu Guðmundsdóttir Beck (2013) þar sem hún fjallar um hljóðtáknun í sambandi við lýsandi orð í táknmáli. Í tengslum við þýðingafræði er að finna stutta umfjöllun um myndhljóð í MA-ritgerð Unnar Bjarnadóttur (2018) og BA-ritgerð Helgu Bjargar Arnarsdóttur (2019) þar sem nefnd eru ýmis þýðingarvandamál sem tengjast þýðingu japanskra hljóðgervinga yfir á íslensku.

Í ritgerð þessari er ætlunin að búa til fyrsta myndhljóðasafn úr íslenskum teiknimyndasögum eftir ólíka rithöfunda sem gefnar voru út á mismunandi tímum. Aðalrannsóknarspurningin felst í því að skoða að hve miklu leyti íslensku myndhljóðin brjóta þeim reglum sem ríkja í íslenska málkerfinu. Gerð verður grein fyrir hljóð-, hljóðkerfis-, orðhluta- og merkingarfræðilegum atriðum á borð við atkvæðagerð, endurtekningu, hljóðskipunarreglur, stafsetningu, áhrif erlendra tungumála,

orðmyndunaraðferðir og tengsl milli forms og merkingu. Jafnframt verður gerður samanburður við önnur tungumál og skoðað verður hvort niðurstöðurnar séu í samræmi við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu viðfangsefni í öðrum tungumálum.

Skipulag ritgerðarinnar er sem hér segir: Í kafla 2 er byrjað á því að greina hugtökin hljóðgerving, upphrópun, myndhljóð og hljóðtáknun með því að taka saman skilgreiningar frá ýmsum málfræðingum. Í kafla 3 verður gerð samantekt á því sem sagt hefur verið um íslenska hljóðgervinga og hljóðtáknun í íslensku. Á eftir fylgir stutt umræða um hlutverk teiknimyndasagna í rannsókn hljóðtáknunar. Í kafla 5 verður gerð grein fyrir þeirri aðferð sem notuð var í gerð myndhljóðasafnsins. Því næst verða hljóð- og hljóðkerfisleg atriði skoðuð, m.a. atkvæðagerð, lengd hljóða, endurtekningu, hljóðskipunarreglur og áhrif tökuorða. Í kafla 7 verður fjallað um ýmis orðhlutafræðileg atriði á borð við flokkun myndhljóða í orðflokka og orðmyndunaraðferðir. Því næst verða merkingarfræðileg atriði skoðuð eins og tengsl milli tiltekinna hljóða og merkingarsviða orða svo sem dæmi um samheiti, margræðni o.s.frv. Að lokum verða niðurstöður settar fram.

## 2. Um hljóðgervinga og eðli þeirra

Í þessum kafla verður fjallað um hugtökin hljóðgerving, upphrópun, myndhljóð og hljóðtáknun. Reynt verður að taka saman skilgreiningar frá ýmsum málfræðingum og sýnt fram á hve erfitt er að skilgreina þessi fyrirbæri vegna talsverðs ósamræmis milli mismunandi kenninga og sjónarhorna.

### 2.1. Uppruni málsins og eðli málvísindalega táknsins

Rodríguez Guzmán (2011) bendir á að áhugaleysi málfræðinga í garð hljóðgervinga á 20. öld hafi hugsanlega stafað af tvennu. Annars vegar var höfnun á þeim kenningum um uppruna tungumálsins sem byggðar voru á hljóðgervingum og hins vegar var sterkur stuðningur við kenningu Saussures um það að tengsl milli táknmyndar (e. *significant*) og táknmiðs (e. *signifié*) væru handahófskennd. Hér á eftir verður fjallað um hvort tveggja.

Uppruni málsins hefur lengi verið umræðuefni milli málfræðinga og ótal kenningar hafa verið settar fram um hann. Áður en Chomsky (1957) setti fram kenningu um þróun málsisns út frá hugmyndinni um málkunnáttufræði (e. *generative grammar*) héldu ýmsir málfræðingar því fram að uppruna málsins mætti reka til hljóðgervinga eða hljóða sem talfæri frummannsins gáfu frá sér af mismunandi ástæðum og í ólíkum kringumstæðum. Sumar þessara kenninga eru vel þekktar og Halldór Halldórsson (1950:8-10) nefnir m.a. þrjár tilgátur sem tengjast þessu verkefni að einhverju leyti.

- Pooh-pooh kenningin gerir ráð fyrir því að rætur málsins megi finna í viðbragðshljóðum sem frummaðurinn gaf frá sér til að lýsa geðshræringu, sársauka, gleði o.s.frv. Upphrópanir eru slík orð og Halldór nefnir *uss* og *svei* sem dæmi í íslensku.
- Bow-bow kenningin heldur því fram að rætur málsins sé að finna í eftirhermum náttúruhljóða eins og dýrahljóða t.d. þegar hundur er kallaður eftir geltinu sínu („bow-bow“ er eftirlíking á hljóði hundsins). Í þessu samhengi talar Halldór um hljóðgervinga og hann bendir á orð eins og *baula*, *gelta*, *mjálma* o.s.frv.
- Wig-wag kenningin tengir uppruna málsins við látæðishljóð, þ.e. hljóð talfærannna sem fylgdu þeim líkamshreyfingum sem frummaðurinn gerði til að láta hugmyndir sínar í ljós.

Samkvæmt sumum þessara kenninga, eins og bow-bow kenninginni, voru hljóðgervingar ekki skapaðir út í bláinn heldur myndaðir af einhverri ástæðu. Hljóðsamsetning þeirra táknar náttúruhljóð eða hávaða sem heyrist í kringum okkur. Þessi lýsing á hljóðgervingum er í ósamræmi við lýsingu Saussures á málvísindalegu tákni (e. *linguistic sign*) þar sem tengslin milli táknmyndar og táknmiðs eru handahófskennd. Hljóðgervingar virðast vera undantekning frá því en Saussure telur þessi orð sjaldgæf og veitir þeim enga athygli. Samkvæmt honum eru þau aðeins nálgun á náttúruhljóðum og val á hljóðsamsetningu þeirra er að einhverju leyti samkomulagsbundið (Saussure, 1916). Til að mynda segir hann að hundurinn gelti ekki eins á frönsku og þýsku. Einnig bætir hann við að hljóðgervingar eru upprunalega ekki hluti af kerfi tungumáls en þegar þeir fara inn í það þá losna þeir við upphaflegt eðli þeirra og þeir verða að málvísindalegu tákni. Með því mótast þeir eftir hljóðkerfislegum og orðhlutafræðilegum ferlum eins og hin orðin.

Í samræmi við Saussure fjallar Alexander Jóhannesson (1926) á eftirfarandi hátt um það hvernig hljóðgervingar mótast af hljóðkerfi hvers tungumáls.

> Haninn galar eins suður í Tjekkoslovakíu og á Íslandi og hljómur kirkjuklukkanna er eins á báðum stöðum, ef málmurinn er samur og gerð öll, en eftirhermur þessara hljóða eru ólíkar í ýmsum löndum og fer það vitanlega eftir eðli tungumáls, beitingu raddfæra, framburði og tungutaki, á hvern hátt hver þjóð reynir að herma eftir þessum hljóðum. (Alexander Jóhannesson, 1926:31)

Ýmsir samtímamálfræðingar Saussures svo og aðrir eftir hans tíma (Jespersen, 1922; Bolinger, 1949) halda því hins vegar fram að þessi sterku tengsl á milli táknmyndar og táknmiðs geri hljóðgervinga að sérstökum orðum sem málfræðingar verði að skoða nánar. Grammont (1901:329) segir að fjöldi hljóðgervinga sé miklu meiri en yfirleitt er gert ráð fyrir en hann viðurkennir að skynjun og túlkun málnotenda taki þátt í hljóðgervingasköpun og þar af leiðandi sé það ferli að nokkru leyti huglægt (Grammont, 1933). Málfræðingar eins og Guiraud (1960) og Ullmann (1972) halda því fram að tengsl milli táknmyndar og táknmiðs séu ekki algerlega tilviljun háð því það eru hljóðkerfis-, orðhluta- og merkingarfræðilegar ástæður á bak við gerð þeirra. Rhodes (1994:279) tekur skýrt fram að í hinum eiginlegu hljóðgervingum mótist orðin beinlínis af þeim hljóðum sem þau tákna, þ.e.a.s. það er bein tenging milli hljóðeinkenna náttúruhljóða og hljóðkerfislegra einkenna orðanna sem herma eftir þeim þeim. Fischer (1999) bendir á að rithátturr og merking hljóðgervinga séu að nokkru leyti samkomulagsbundin og þess

vegna sé að finna í hljóðgervingum dæmi um samhljómun (e. *homonymy*), fjölmerkingu, samheiti og tvíræðni sem eru fyrirbæri sem styðja það að málvísindalegu táknin séu handahófskennd. Jakobson og Waugh (1987: 181-91) gera umfangsmikla samantekt um sögu hljóðgervinga.

## 2.2 Á mörk tungumálsins

Ýmsir málfræðingar eru sammála því að hljóðgervingar hafi mikilvægt hlutverk í samskiptum en hins vegar halda þeir því fram að hljóðgervingar séu ekki raunveruleg orð heldur hljóð eða hávaði sem talfærin gefa frá sér í boðskiptum. Þar af leiðandi standa þeir utan við tungumál og tilheyra samhliðamáli (e. *paralanguage*). Renský (1966:102) segir til dæmis að hljóðgervingar standi einhvers staðar á milli tungumáls og samhliðamáls því sumir þeirra hafa ekki aðeins eitt fast form og það er ósamræmi í rithætti þeirra. Þeir eru ekki lexíkaliseraðir eins og venjuleg orð.

Aðrir þverneita því að hljóðgervingar geta talist til orða. Einn helsti málfræðingurinn sem hefur rannsakað samhliðamál og boðskipti án orða er Fernando Poyatos. Samkvæmt honum felst samhliðamál í ýmsum fyrirbærum sem má skipta í mismunandi flokka. Einn þeirra kallar hann staðgengla (e. *alternants*) og hljóðgervingar falla í þennan flokk (Casas Tost, 2009:68). Poyatos skilgreinir staðgengla á eftirfarandi hátt:

> Ingressive or egressive, voluntary or involuntary, conscious or unconscious, independent single or compound nonverbal segmental utterances, articulated or not, […] either voiced or unvoced, as well as momentary silences or breaks […], variously combined with and qualified by kinesics and other nonverbal systems in multiple-system constructs and, or only, by some primary qualities and qualifiers, sound alternants being produced singly or repeatedly in human interaction and in communication with animals, or in noninteractive situations. (Poyatos, 1993:382)

Sem dæmi um staðgengla nefnir hann langan lista af hljóðum og fyrirbærum á borð við andvörp, ræskingar, smelli, innöndun og útöndun, hvæs, stunur, nöldur, blástur, andköf, más o.s.frv. En þegar Poyatos (1993:145) gerir grein fyrir staðgenglum kemur í ljós að hlutverk þeirra skarast við hlutverk hljóðgervinga. Hann segir til dæmis að staðgenglar séu notaðir m.a. í þessum tilgangi:

- Að vísa til hljóða sem við eigum erfitt með að lýsa með orðum.
- Að tákna með hljóðum fyrirbæri sem gefa ekki hljóð frá sér eins og hreyfingar og hraði.

- Að eiga samskipti við dýr með því að reyna að herma eftir röddum þeirra.

Poyatos bendir á að sumir staðgenglar geti samsvarað hljóðönum og að þeir geti fengið ritað form og birst í orðabókum. Samt sem áður heldur hann eindregið því fram að jafnvel í þessum tilvikum tilheyri þeir samhliðamáli, þ.e.a.s. að birting í orðabók þýði ekki endilega að um orð sé að ræða. Hann vill frekar tala um „ritaða staðgengla“:

> Those dictionary “verbal items” represent nonverbal ones, they help us to identify part of our repertoire, yet not only relatively few have reached also the status of written alternants, that is, visual, most of which would never “look like” words because they simply are not. Poyatos (1993:390)

Þessi umfjöllun leiðir í ljós að mörkin milli tungumáls og samhliðamáls eru ekki alltaf skýr og augljós. Verk Poyatos vekur spurningar um hvað orð þýðir eiginlega, hvert er nákvæmlega hlutverk orðanna eða hvaða skilyrði einhver röð hljóða þurfi að uppfylla til að hún geta talist til orðs. En eins og fjallað verður um í kafla 2.5 lýsa sumir málfræðingar staðgenglum Poyatos innan ramma hljóðtáknunar.

### 2.3. Skilgreining á hljóðgervingum

Skilgreining á hljóðgervingi hefur lengi verið umræðuefni og flokkun þeirra hefur verið flókin og umdeild milli málfræðinga. Til að byrja með má minna á skilgreiningu á hljóðgervingi í *Íslenskri orðabók* sem nefnd var í inngangi: „Orð sem með hljóðum sínum líkir eftir hljóði í náttúrunni“. Þessi skilgreining er í samræmi við lýsingu Guðrúnar Kvarans (2005:110) sem segir að hljóðgervingar séu orð sem verða til í þeim tilgangi að herma eftir náttúruhljóðum. Svipaðar skilgreiningar á hljóðgervingi er að finna í enskri Oxford orðabók, þýskri Duden orðabók, danskri orðabók, franskri Larousse orðabók og orðabók hinnar konunglegu spænsku akademíu.

Til samanburðar er áhugavert að skoða skilgreiningu á hljóðgervingi í Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum þar sem hljóðgervingur er skilgreindur í samhengi sérhæfs máls: „Orð sem er myndað þannig að það líkir eftir hljóðum, sem eru ekki málhljóð, sem tengjast því sem það táknar“. Skilgreiningunni fylgir eftirfarandi athugasemd: „Orð eins og 'bra-bra' og 'voffi' eru dæmigerðar hljóðgervingar. Þá má ímynda sér að sögnin 'dingla' í merkingunni að 'hringja' sé n.k. hljóðgerving, þ.e. minni á hljóðið 'ding-dong' sem margar bjöllur gefa frá sér“.

Í skilgreiningu á hljóðgervingi eru þá tvö afmarkandi einkenni (e. *essential characteristics*). Annað er tengingin milli hljóðsamsetninga hljóðgervinga og þeirra hljóða sem þeir herma eftir. Hitt er það að hljóðið sem líkt er eftir á að vera náttúruhljóð og með því er átt við fyrirbæri í kringum okkur sem gefa frá sér hljóð (t.d. rödd dýra, skothvellir, högg eða vélahljóð) en ekki fyrirbæri án hljóða eins og hreyfingar, áferð eða sálarástand. Í því síðastnefnda felst aðalmunurinn milli hljóðgervinga og myndhljóða eins og fjallað verður um í næsta undirkafla.

En þó að orðabækur virðist vera sammála um skilgreiningu á hljóðgervingi er mikið ósamræmi varðandi muninn milli hljóðgervinga og upphrópana. Meinard (2015) bendir á að í enskri Oxford orðabók og í franskri Larousse orðabók séu hljóðgervingar merktir sem upphrópanir en í franskri hljóðgervingaorðabók teljist upphrópanir til hljóðgervinga. Hér er áhugavert að bera saman íslenska flettiorðið *voff* við samsvarandi spænska flettiorðið *guau*. Í orðabók Konunglegu spænsku akademíunnar hefur flettiorðið *guau* tvær merkingar. Annars vegar er orðið notað í „voff“ merkingu en hins vegar í „vá“ merkingu. Í „voff“ merkingu er *guau* merkt sem hljóðgervingur en í „vá“ merkingu er það merkt sem upphrópun. Hins vegar er *voff* merkt sem upphrópun í Íslenskri orðabók en orðið „hljóðgervingur“ kemur fram í skilgreiningunni: „hljóðgervingur um hundsgelt“.

Þetta ósamræmi er einnig ríkjandi milli málfræðinga ekki síst hvað varðar það hvaða orðflokki hljóðgervingar tilheyra. Sumir gera skýran greinarmun milli hljóðgervinga og upphrópana (Rodríguez Guzmán, 2011; Meinard, 2015) og sumir telja að hljóðgervingar séu sérstakur orðflokkur (Doke, 1935; Diffloth, 1979). Einn helsti munurinn milli hljóðgervinga og upphrópana felst í því að hljóðgervingar herma eftir náttúruhljóðum en upphrópanir eru notaðar til að tjá tilfinningar eða gefa í skyn sálarástand einstaklings. Með öðrum orðum hafa hljóðgervingar tilvísunargildi (e. *referential function*) meðan upphrópanir hafa tilfinningagildi (e. *expressive function*), áhrifagildi (e. *conative function*) og sambandsgildi (e. *phatic function*). Fábregas og Gil (2008) segja að upphrópanir séu samkomulagsbundin málvísindaleg tákn sem uppfylla samskiptaþörf. Ólíkt hljóðgervingum eru upphrópanir sjálfstæðar segðir (e. *utterances*) sem jafngilda heilum setningum „Ég finn verk“ gæti komið í stað fyrir „Æ!“ í ákveðnum tilvikum. Geta má þess að merking upphrópana er samhengisbundin.

Í umfjöllun Guðrúnar Kvaran (2003:105) eru hljóðgervingar ekki taldir sér orðflokkur. Samkvæmt henni teljast sumar upphrópanir eins og *ha, vá, úff, oj, æ, ó* til hljóðgervinga þó að slík orð lýsi undrun, ánægju, erfiði, ógeði, sársauka o.s.frv. Halldór Halldórsson

(1950:9) nefnir að sagnir eins og *ussa* og *sveia* séu myndaðar af upphrópunum *uss* og *svei*. Í samræmi við þetta segir Guðrún Kvaran að nafnorð og sagnir eins og *fuss - fussa, suss – sussa, marr – marra, plomp – plompa* hafi líklega verið upphrópanir í upphafi en þær urðu að nafnorðum og síðan urðu til nafnleiddar sagnir. Hér má minna á athugasemdina í Íðorðabankanum þar sem sagnir eins og „dingla“ teljast vera „nokkurs konar hljóðgervingar“.

Samkvæmt ýmsum málfræðingum er hægt að nota hljóðgervinga sem nafnorð, lýsingarorð eða sagnorð eftir því hlutverki sem þeir hafa í hverju tilviki (Riba og Rius, 1999:442). Samkvæmt Guðrúnu Kvaran (2003) geta þessi orð staðið sem nafnorð og hún sýnir setningardæmi þar sem viðskeyttum greini í hvorugkyni er bætt við og lýsingarorð lagar sig að beygingunni:

(1) *Æið* sem heyrðist minnti á langdregna óið rétt áður.

Hljóðgervingar geta myndað nafnorð og sagnir (t.d. *mjá* → *mjálm, mjálma*). Í þessum samhengi talar Rhodes (1994) um „villt form“ (e. *wild forms*) eins og *bzzz* sem verða að „tömdum formum“ (e. *tame forms*) eins og enskri sögn *to buzz*. Um þetta verður fjallað í kafla 6 þar sem grein verður gerð fyrir báðum formum í íslenskum teiknimyndasögum. Fábregas og Gil (2008) nefna nokkur dæmi í spænsku þar sem sögn er leidd af upphrópun með því að bæta við viðskeytunum *-ear* eða *-ar* sem eru venjulega notuð með nafnorðum og lýsingarorðum til að mynda sagnir. Eitt dæmi af því er *¡arre!* (upphrópun í merkingu *hott! hott!*) → *arrear* (sögn í merkingu “að hvetja skepnur”).

### 2.4. Myndhljóð

Akita og Dingemanse (2019) segja að á einhverjum tímapunkti hafi hugtakið „hljóðgervingur“ fengið niðurlægjandi aukamerkingu í alþjóðlegum fræðiritum.. Hugtakið var of takmarkað við líkingu eftir hljóðum og málfræðingar komu fram með ný og víðfeðmari hugtök sem gætu náð ekki aðeins yfir orð sem líkja eftir hljóðum heldur einnig orð sem lýsa mismunandi fyrirbærum án hljóða. Talað var m.a. um *specific adverbs, sound images, echoisms* og *expressive words*. Hugtakið sem vakti mesta athygli og er í dag fast í sessi meðal þeirra málfræðinga sem hafa áhuga á tengslum milli hljóðs og merkingar er „myndhljóð“ (e. *ideophone*) sem Doke (1935) skilgreindi á eftirfarandi hátt í sambandi við Buntu tungumál sem hann rannskaði:

> A vivid representation of an idea in sound. A word, often onomatopoeic, which describes a predicate, qualificative or adverb in respect to manner, colour, sound, smell, action, state or intensity. […] It must be pointed out that generally the special rules of length, tone and stress, applicable in ordinary grammatical forms, differ considerably in the case of ideophones. (Doke, 1935, pp. 118–119)

Myndhljóð hafa verið rannsökuð af ýmsum málfræðingum og í ólíkum tungumálum. Þau eru einnig kölluð á ensku *mimetics* eða *expressives* og eins og Doke bendir á eru þau ekki takmörkuð við hljóðgervinga. Þau geta líka vísað til annarra skynjunarsviða eins og hreyfinga, áferðar eða sálarástands. Í japönsku er að finna fjölmörg dæmi um slík myndhljóð. Til að mynda má nefna *numenume* sem vísar til einhvers sem er vott og skínandi eða *wakuwaku* sem táknar að málnotandinn er spenntur. Þessi orð eru sérstaklega áberandi í japönskum teiknimyndasögum.

Akita og Dingemanse (2019) benda á að myndhljóðum hafi aðeins verið lýst í einstökum tungumálum og að það hafi hindrað að hafa víðari lýsingu á þeim. Dingemanse, (2012:655) skilgreinir þau sem „marked words that depict sensory imagery“ eða orð sem tengjast „perceptual knowledge that derives from sensory perception of the environment and the body“ (Dingemanse, 2012:655-656). Samkvæmt Akita og Dingemanse eru myndhljóð mörkuð að því leyti að þau geta haft sérkennileg hljóðskipunareinkenni og tjáningarríka byggingu, kjarnyrt orðhlutafræðileg einkenni eins og endurtekningu (t.d. ensk orð *namby-pamby*, *hoity-toity*) eða geta verið setningarfræðilega sjálfstæð. Þau geta einnig verið borin fram með sérstakri áherslu eða tóni og þeim fylgja oft svipbrigði. Þessi lýsing á mörkun myndhljóða samsvara því sem Doke kallaði „sérstakar reglur“ í skilgreiningunni sinni.

### 2.5. Hljóðtáknun

Ýmsir málfræðingar hafa lýst hljóðgervingum í samhengi hljóðtáknunar. Hljóðtáknun er víðara hugtak en myndhljóð og tengist öllum mögulegum tengingum milli hljóðs og merkingar. Hljóðtáknun felst í ólíkum fyrirbærum þar sem einstaklingur gefur hljóð frá sér og með því gefur hann til kynna tiltekna upplifun. Ítarlega lýsingu á hljóðtáknun er að finna í verki Hintons o.fl. (1994):

> Sound symbolism is the direct linkage between sound and meaning. Human language has aspects where sound and meaning are completely linked, as in involuntary utterances such as cries of pains or hiccups. In these cases sound only has “meaning” in that it directly

> reflects an internal state of the body or mind. A scale can be set up between these utterances and completely conventional, arbitrary language, where sound and meaning presumably have no direct relationship at all. (Hinton o.fl., 1994:1-2)

Hinton o.fl. (1994:2-6) skipta hljóðtáknun í fjóra flokka:

- Líkamshljóðtáknun (e. *corporal sound symbolism*) felst í hljóðum sem tengjast beinlínis tilfinningarlegri eða líkamlegri stöðu einstaklingsins. Um er að ræða m.a. upphrópanir, breytingar í raddartóninum eða ósjálfráð hljóð eins og hósta og hiksta.
- Hermihljóðtáknun (e. *imitative sound symbolism*) vísar til orða eða liða sem tákna umhverfishljóð sem heyrast í kringum okkar þ.e.a.s. hljóðgervinga. Um er að ræða hljóðamynstur, stundum óvenjuleg, sem reyna að herma eftir hljóðum sem dýr og vélar o.s.frv. gefa frá sér.
- Samskynjunarhljóðtáknun (e. *synesthetic sound symbolism*) felst í því að tákna með hljóðum fyrirbæri sem eru ekki hljóðfyrirbæri eins og stærð, gerð, lögun, áferð o.s.frv.
- Samkomulagsbundin hljóðtáknun (e. *conventional sound symbolism*) vísar til tengingar á milli ákveðna hljóðana eða hljóðaklasa og tiltekinna merkinga.

Hins vegar skilja aðrir hljóðtáknun í strangri merkingu og gera mun milli hljóðgervinga og hljóðtáknunar. Til dæmis segir Bredin (1996:568) að hljóðgervingur sé tenging frá hljóði til hljóðs en hljóðtáknun sé tenging frá hljóði til ólíkra merkingarsviða á borð við birtu og myrkur. Í grein sinni um hljóðtáknun í ensku segir Feist (2013) að hugtakið hljóðtáknun nái yfir hljóðgervinga, myndhljóð og áhrif stakra sam- og sérhljóða.

Þessi tenging milli hljóðs og merkingar stafar af einkennum hljóðanna sjálfra en ekki af þeim myndönum eða orðum sem innihalda þau hljóð. Feist (2013) segir að kjarni málsins varðandi hljóðtáknun felist í því að greina hvort „phonemes, sound features, and so on can be meaningful apart from the morphemes they are part of“. Þessi skoðun er í samræmi við skilgreiningu Nuckolls (1999:228) á hljóðtáknun: „The term sound symbolism is used when a sound unit such as a phoneme, syllable, feature, or tone is said to go beyond its linguistic function as a contrastive, non-meaning-bearing unit, to directly express some kind of meaning“.

## 2.6. Undirflokkar hljóðgervinga

Ýmsir málfræðingar hafa notað mismunandi flokkkunarkerfi til að skipta hljóðgervingum í ólíka undirflokka. Ein af einföldustu flokkunum er eftir Chapman (1985) og byggist á uppruna hljóðsins sem hljóðgervingar líkja eftir:

- Hljóð sem menn gefa frá sér og eru ekki málhljóð.
- Náttúruhljóð sem eru ekki frá manni, s.s. hljóð sem dýr eða náttúrufyrirbæri gefa frá sér.
- Gervihljóð, s.s. hljóð frá hljóðfærum, vélum eða hlutum sem menn meðhöndla.

Einnig flokka Enckell og Rézeau (2005) hljóðgervinga eftir uppruna hljóðsins á eftirfarandi hátt:

- Hljóð sem mannslíkaminn gefur frá sér eins og hjartsláttur, hrotur, más.
- Hljóð sem dýr gefa frá sér með „rödd“ sinni eða ekki eins og mjálm eða hljóð frá hestum að brokka.
- Hljóð í náttúrunni eins og frá vindi eða eldingum.
- Hljóð frá hljóðfærum, tækjum eða vélum eins og síma, lest, bílavél o.s.frv.
- Hljóð frá hversdagslífi eins og hurðarskellir, flöskur sem tæmast o.s.frv.

Ibarretxe (2012) flokkar hljóðgervinga frá sjónarhóli málnotkunarfræðinnar og skiptir gildi þeirra í þrennt:

- Leiklistagildi (e. *dramaturgical function*): hljóðgervingar sem eru notaðir í tjáningarskyni.
- Stílbragðsgildi (e. *stilistic function*): hljóðgervingar sem hafa fagurfræðilegt hlutverk í textanum.
- Málvísindagildi (e. *linguistic function*): hljóðgervingar sem beina athygli að tilteknum atriðum í setningagerðinni.

## 2.7. Samantekt

Höfnun á þeim kenningum um uppruna tungumálsins sem byggðar voru á hljóðgervingum og sterkur stuðningur við kenningu Saussures um það að tengsl milli táknmyndar og táknmiðs væru handahófskennd ollu umtalsverðu áhugaleysi málfræðinga í garð hljóðgervinga á 20. öld. Meira að segja halda ýmsir málfræðingar því fram að

hljóðgervingar standi utan við tungumál og tilheyri samhliðamáli vegna þess að þeir eru ekki raunveruleg orð.

Hins vegar hefur áhugi á hjóðgervingum aukist undanfarna áratugi og ýmsir málfræðingar benda á að tengsl á milli táknmyndar og táknmiðs í slíkum orðum eru sterk og að þau gera hljóðgervinga að sérstökum einingum sem þarf að skoða nánar. Samt er mikið ósamræmi í sambandi við skilgreiningu á þeim og sérstaklega hvað varðar hvaða orðflokki hljóðgervingar tilheyra. Sumir gera t.d. skýran greinarmun milli hljóðgervinga og upphrópana en aðrir telja að hljóðgervingar séu sérstakur orðflokkur.

En sumir málfræðingar sem hafa áhuga á tengslum milli hljóðs og merkingar komu fram með hugtakið myndhljóð sem nær ekki aðeins yfir orð sem líkja eftir hljóðum heldur einnig orð sem lýsa mismunandi fyrirbærum án hljóða og geta líka vísað til annarra skynjunarsviða eins og hreyfinga, áferðar eða sálarástands. Aðrir málfræðingar hafa lýst hljóðgervingum í samhengi hljóðtáknunar. Hljóðtáknun er víðara hugtak en myndhljóð og tengist öllum mögulegum tengingum milli hljóðs og merkingar. Hún felst í ólíkum fyrirbærum þar sem einstaklingur gefur hljóð frá sér og með því gefur hann til kynna tiltekna upplifun. En þessi tenging milli hljóðs og merkingar stafar af einkennum hljóðanna sjálfra en ekki af þeim myndönum eða orðum sem innihalda þau hljóð. Ritgerð þessi fellur innan ramma þessa hugtaks.

## 3. Um íslenska hljóðgervinga og hljóðtáknun í íslensku

Í þessum kafla verður gert samantekt á því sem sagt hefur verið um íslenska hljóðgervinga og hljóðtáknun í íslensku. Byrjum á því að nefna að Runólfur Jónsson (1688:96) fjallar ekki sérstaklega um hljóðgervinga í málfræðinni sinni en hann skrifar örstuttan kafla þar sem taldar eru upp ýmsar upphrópanir. Hann flokkar þær niður eftir notkun á eftirfarandi hátt:

Aðdáun: *hva, á, hvaðalátum*
Áhersla: *jável*
Ógnun: *bibí*
Úrdráttur: *núnú, soso*
Sársauki: *ávi, æ, æejej*
Hneykslun: *svei, fuy, vei*
Gleði: *hohó*
Hlátur: *hahá, hihí*
Skelfing: *ó*
Þögn: *þei, þei*
Eftirrekstur: *rirr, takk, trutt, hoho, hó*

Í bókinni sinni *Hugur og tunga* skrifar Alexander Jóhannesson (1926:27-62) umfangsmikinn kafla um íslenska hljóðgervinga þar sem hann heldur því fram að flestir þeirra hafi flust með Norðmönnum til Íslands á landnámsöld og sýnir allmörg dæmi um hljóðgervinga sem koma fram í fornum bókmenntum. Hann skiptir hljóðgervingum í tvennt. Annars vegar þeir sem leitast við að herma eftir náttúruhljóðum og hins vegar þeir sem menn nota til að lýsa hugarástandi sínu eða koma í veg fyrir einhverja athöfn (1926:31-32). Síðarnefndi flokkurinn samsvarar upphrópunum en Alexander notar ekki það orð.

Það merkilegasta í umfjöllun Alexanders í tengslum við þetta verkefni er að sumt sem hann segir væri í dag sett innan ramma hljóðtáknunar. Hann útskýrir t.d. að stundum reynum við að lýsa með orðum ýmsum athöfnum sem gefa ekki hljóð frá sér en við skynjum með öðrum skilningarvitum en eyrun. Hann fjallar stuttlega um endurtekningu hljóðgervinga og segir að með því að tvöfalda tiltekna orðstofna og skipta um sérhljóð reynum við að lýsa t.d. hraða (eins og *haddapadda, abba-labba-lá*) eða ákveðnum athöfnum (*dinglum-dangl, hvippinn og hvappinn, pírum-pár*). Einnig segir hann að „áherzlan á *jæja* breytist allmjög eftir því, hvernig orðið er notað“ og þetta sýnir að hann er meðvitaður um tengslin milli yfirsneiðarþátta (e. *suprasegmentals*) og merkingar. Málfræðingar sem rannsaka hljóðtáknun í dag hafa áhuga á slíkum tengslum og um þau verður fjallað í kafla 6. Alexander (1926:29-30) gerir einnig nokkrar áhugaverðar athugasemdir um tengslin milli hljóða og merkingar í íslensku. Hér er samantekt á þeim:

- *o* og *u* eru miklu dimmari en *e* og *i*. Þess vegna vælir uglan *ú-ú* en lóan kveður *dírrindí*
- *r* er titringshljóð
- Þau orð sem enda á *k, t* eða *p* tákna stundum högg eða fall, t.d. *bump*
- Þau orð sem byrja á *f* eða *þ* tákna viðbjóð, andúð eða ógeðslega hluti, t.d. *fúinn, feyja, fúki, fuð, fytta*.
- *s* er hvíslhljóð og táknar einhverja hreyfingu. Einnig táknar það að einhverju(m) er vísað á bug (þess vegna er sterkara að segja *svei* en *vei*) eða þyt, suðu og hávaða eins og í *hviss, iss, uss* o.s.frv.

Alexander gerir umfangsmikið samantekt um íslenska hljóðgervinga sem fylgja alls konar orðsifjafræðilegar útskýringar og samanburður við önnnur tungumál. Hann fjallar bæði um ýmis dýra- og fuglahljóð á borð við *bu, ga-ga-gó, rapp-rapp* og önnur náttúruhljóð eins og *gling-gling(-gló), klukk* o.s.frv. Einnig ræður hann um „annars eðlis orð og hljóð, er hrjóta manni af vörum, er einhver sérstök hugsun skyndilega gagntekur hann“. Hann flokkar þessi orð eftir því hvað maður lætur í ljós. Hér á eftir eru sýnd dæmi um hvern flokk:

- Sársauki: *æ, ha, oi, vei*; í fornu máli: *hev, hossun, ave*
- Gleði: *he-he-he, hí-hí, hó* (*hopp og hó*), *hó og hæ, hæ, húrra, tralalala*
- Hrollur: *atatata, hutututu*. Hann segir að „menn heyri tennurnar gnötar af skjálfta við orð þessi“.
- Andstygð: *fuss, fý, huj, hoj, putt, svei, sei, vei, svei-attan, ullabí*; í fornu máli: *fussu, hussun, hosson*
- Undrun: *ha, há, hí, hó, ó, jæja, æjæja, sei, seisei*
- Hlutleysi: *humm, umla, la-la*
- Örvun eftirtektar: í fornu máli: *hú, há, hei, hæ, gjugg*
- Hvíld og þögn: *hviss, iss, uss, yss, suss, þiss, ussumsussu, mump*. Orðin *þei, þei, ró, ró, bíum-bíum-bamba* eru notuð þegar börn eru svæfð og hann bendir á að vögguljóð séu einnig kölluð *dummmadó, dilldó, korriró, lilló*.
- Kallað á og vísað burt: *dibbo-dibb, tif-tif, tifinn-tifinn, kuss-kuss, hvutta-hvutt, kis-kis, púdd-púdd, hó, hott hott*. Þegar sigað er á hesta og kýr: *arr, irr-da, pirr, pird, purd, púrd, trutt*.
- Játun og neitun*: já, jú, ó já, ó jú, jó-ú, jæja, ojæja, já já, jamm, jerí(j)ór, jerjú, jamm, nei, ó nei, sei sei nei, sussu nei*.

Geta má þess að umfjöllun Alexanders birtist undir titlinum „hljóðgervingar“ og að hann nefnir ekki orðið upphrópun. Hann ræðir ekki um það hvernig á að flokka þau orð sem hann kallar hjóðgervinga en hann segir að ýmis nafnorð og sagnir séu mynduð af svokölluðum hljóðorðum. Hann lýsir meira að segja mun á notkun nokkurra íslenskra hljóðgervinga á ólíkum svæðum landsins: „á Austurfjörðum er sagt *tif-tif, tifinn-tifinn*, í Árnessýslu er sagt *gibba-gibb* eða *kibba-kibb*“.

Halldór Halldórsson (1950:8-10) nefnir hljógervinga aðeins í sambandi við þær tilgátur um uppruna málsisns sem fjallað var um í kafla 2.1. Sem dæmi um hljóðgervinga nefnir hann sagnir eins og *baula, gala, gelta, geyja, mjálma* o.s.frv. Hann bendir á að hljóðgervingar hafi þegar verið myndaðir á tímum frummálsins en þeir eru enn myndaðir í dag. Umfjöllun Guðrúnar Kvarans (2005:110) um hljóðgervinga og upphrópanir snýst aðallega um flokkun þeirra í orðflokka og ýmis orðhlutafræðileg atriði. En hvorki Halldór né Guðrún gera nánari grein fyrir íslenskum hljóðgervingum og ekki fjalla þau heldur sérstaklega um myndhljóð eða hljóðtáknun í íslensku.

Í meistararitgerð sinni fjallar Þórhalla Guðmundsdóttir Beck (2013) um lýsandi orð eða flokkara (e. *classifiers*) í táknmáli þar sem form þeirra virðist vera eitthvert einkenni vísimiðsins eins og lögun. Hún gerir grein fyrir lýsandi orðum í íslensku táknmáli og segir að slík orð minni á hljóðtáknun í raddmáli. Hins vegar er lítið sem ekkert að finna í íslenskum fræðiritum um hljóðtáknun í íslensku raddmáli.

## 4. Hljóðtáknun og teiknimyndasögur

Eins og sagt var í innganginum er ein ástæða fyrir áhugaleysi á hljóðgervingum sú að þeir eru áberandi í teiknimyndasögum sem voru lengi taldar ómerkileg textategund. Þetta skýrist e.t.v. af því að þau orð sem fylgja myndunum í teiknimyndasögum eru oft rituð með stöfum af mismunandi lögum og stærðum og í ólíkum litum. Einnig tíðkast að fjölfalda tiltekna stafi og láta fjölmörg upphrópunarmerki fylgja orðunum. Auk þess eru slík orð setningarlega sjálfstæð og þau eru oft endurtekin. Í stuttu máli eru þetta orð sem líta mjög óvenjulega út. En ekki teljast öll orð sem fylgja myndunum í teiknimyndasögum alltaf til hljóðgervinga eins og sýnt verður í eftirfarandi köflum.

Raunveruleikinn er hins vegar sá að slík orð eru dýrmæt í rannsókn hljóðtáknunar vegna þess að með þeim er reynt að tákna í rituðu formi yfirsneiðarþætti eins og tón, raddgæði, áherslu, tíðni o.s.frv. svo sem líkamshljóðtáknun, eða staðgengla (e. *alternants*) í skilningu Poyatos. Þessi orð brjóta í mörgum tilvikum hljóðskipunarreglur tungumálsins eða eiga ekki heima i venjulegum orðaforða. Þar af leiðandi eru þau oft ekki lexíkaliseruð orð og er ekki að finna í orðabókum. Hinton o.fl. (1994:3) benda á að vegna þessara ástæðna sé rannsókn á líkamshljóðtáknun ekki sérstaklega áberandi í málvísindalegum ritum. Ein helsta heimild til að rannsaka mismunandi fyrirbæri í tengslum við hljóðtáknun eru einmitt teiknimyndasögur vegna þess í þeim má finna dæmi um þau fyrirbæri í rituðu formi.

Sem dæmi um notkun teiknimyndasagna í rannsókn á hljóðtáknun má nefna rannsókn Oswalts (1994:93) sem notaði enskar teiknimyndasögur til að rannsaka hljóðtáknun í ensku. Hann safnaði sögum sem birtust daglega í ólíkum dagblöðum á tilteknu tímabili og í þeim fann hann alls konar orð sem voru misjafnlega viðurkennd og lexíkaliseruð að meira eða minna leyti. Meðal þeirra orða sem hann safnaði var að finna sérkennileg orð sem voru aðeins notuð af einstökum rithöfundum, nýjungar sem voru sérstaklega notaðar í teiknimyndasögum, orð sem voru algeng í óformlegu máli en birtust ekki í orðabókum og einnig venjuleg lexíkaliseruð orð sem fundust í orðabókum.

Í inngangi hljóðgervingaorðabókarinnar eftir Gasca og Gubern (2008) er rætt um það að í teiknimyndasögum er ekki aðeins hljóðgervinga að finna heldur einnig upphrópanir og önnur orð sem tákna hugarástand eða sálarástand manns eins og undrun, kvíða, fát o.s.frv. Ásamt þessum orðum má einnig finna nafnorð og sagnir sem eru notuð eins og um hljóðgervinga væri að ræða þó að hljóðsamsetning þeirra hermi ekki sérstaklega eftir

hljóðum. Í þessum tilvikum skiptir lesmerking meira máli en eftirlíkingarhlutverkið. Um slík orð verður fjallað í kafla 7.1.

Í stuttu máli má segja að þau orð sem fylgja myndunum í teiknimyndasögum takmarki sig ekki aðeins við hljóðgervinga heldur eru þau af fjölbreyttum tegundum. Slík orð eru mismunandi eðlis og sýna einhver tengsl milli hljóðs og merkingar þó að þau falli ekki alltaf að hljóðkerfi tungumáls. Eins og sýnt verður í þessari ritgerð má finna fjölmörg dæmi um svipuð orð í íslenskum teiknimyndasögum og þau verða skoðuð sérstaklega í köflum 6-8. Eins og í öðrum tungumálum eru áhrif enskunnar mjög algeng í íslenskum teiknimyndasögum. Um tökuorð og áhrif enskunnar verður fjallað í kafla 6.6.

Í þessu verkefni verða notuð sömu hugtök og íðorð sem nefnd voru í undanförnum köflum. Hljóðgervingar og upphrópanir falla undir hugtakið myndhjóð og einkennum þeirra verður lýst innan ramma hljóðtáknunar.

## 5. Gerð hljóðgervingasafnsins

Teiknimyndasögur sem skoðaðar voru við þetta verkefni voru gefnar út á Íslandi á tímabilinu 1965-2017. Sumar þeirra, sérstaklega þær sem birtust í dagblöðum og tímaritum, voru aðgengilegar á rafrænu formi á heimasíðunni timarit.is. Hinar voru aðeins gefnar út á prentuðu formi og voru því skannaðar. Einungis var safnað þeim myndum sem innihéldu myndhljóð en ekki heilum tölublöðum. Minna má á að merking myndhljóða er oft samhengisbundin en af því að um er að ræða setningafræðileg sjálfstæð orð þá þarf að túlka merkingu þeirra með því að skoða þær myndir sem þau fylgja. Geta má þess að hér koma ekki til greina þýddar teiknimyndasögur eins og íslensku útgáfurnar á Andrési Önd, Ástríki eða Tinnabókum. Einungis voru skoðaðar sögur eftir íslenska höfunda.

Stefnt var að því að safna myndum úr teiknimyndasögum af ýmsu tagi og eftir mismunandi rithöfunda sem gefnar voru út á mismunandi áratugum. Tilgangurinn með því var sá að koma í veg að tiltekin tegund, rithöfundur eða tímabil gæti haft meira áhrif í greiningunni. Teiknimyndasögunum eru skipt í þrjá flokka. Um 17% af myndunum sem safnað var voru teknar úr myndasögum sem birtust í dagblöðum, 33% voru teknar úr myndasögutímaritum og 50% úr prentuðum myndasögubókum. Hér á eftir er listi yfir þær teiknimyndasögur sem voru skoðaðar. Innan sviga stendur fjöldi myndhljóða sem er að finna í hverju tilviki. Myndhljóðin eru 444 talsins. Geta má þess að um er að ræða eigindlega rannsóknaraðferð en ekki megindlega.

Myndasögur í dagblöðum og tímaritum: (75)

- *Sigga Vigga og þingmaðurinn: Sigga Vigga og tilveran* (1979) og *Stattu klár Sigga Vigga* (1980) eftir Gísla J. Ástþórsson. Um er ræða tvær vasabrotsbækur sem hafa að geyma sögur um Siggu Viggu sem birtust í *Morgunblaðinu*. (7)
- Framhaldssagan *Sæmundur fróði* eftir Harald Guðbergsson sem birtist í tímaritinu *Fálkanum* árið 1965. (5)
- Framhaldssagan *Stebbi stælgæ* eftir Birgi Bragason sem hófst í *Tímanum* árið 1966. Skoðaðar voru myndasögur sem birtust á tímabilinu 1966-1967. (26)
- Myndasagan *Svínharður smásál* eftir Kjartan Arnórsson sem birtist í *Þjóðviljanum* frá 1982 til 1985. Skoðaðar voru þær sögur sem birtust árið 1982. (35)
- Myndasagan *Silfurskottumaðurinn* eftir Sjón og Steingrím Eyfjörð sem birtist í vikublaðinu *Eintaki* árið 1994. (2)

Myndasögur í myndasögutímaritum: (149)

- *GISP!* þar sem mismunandi rithöfundar birtu sögur. Meðal þeirra eru Ómar Stefánsson, Þorri Hringsson, Þórarinn Leifsson, Halldór Baldursson, Bjarni Hinriksson, Jóhann L. Torfason, Gunnar Hjálmarsson, Ómar Örn Hauksson og Þórólfur Eyvindsson. Fyrsta tölublaðið birtist árið 1990. Öll tölublöð sem voru gefin út til 2017 voru skoðuð.

Útgefnar myndasögubækur: (216)

- *Pétur og vélmennið: Vísindaráðstefnan* eftir Kjartan Arnórsson. 1979. (61)
- *Flauga-spaug: ýmsar tilraunir til eldflugaskota* efir Emil H. Valgeirsson og Hallgrím Óla Hólmsteinsson. 1981. (19)
- *Ævintýri burstasölumanns: splunkuný, ekta, alvöru myndasaga* eftir Björgvin Ólafsson. 1985. (22)
- *Kafteinn Ísland: hvernig Fúsi Ánason verður hetja dagsins!* eftir Kjartan Arnórsson. 1990. (2)
- *Blóðregn* (2003), *Brennan* (2004), *Vetrarvíg* (2005) og *Hetjan* (2007) eftir Ingólf Örn Björgvinsson og Emblu Ýri Bárudóttur. (12)
- *Krassandi samvera* eftir Bjarna Hinriksson. 2005. (2)
- *Rakkarapakk: með kveðju frá Jólasveinafjölskyldunni* eftir Jan Pozok og Sigrúnu Eddu Björnsdóttur. 2005 (65)
- *Ókei bæ tvö* eftir Hugleik Dagsson. 2008. (22)
- *Lóaboratoríum* (2014) og *Lóaboratoríum. Nýjar rannsóknir* (2015) eftir Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur. (55)
- *Edensgarðurinn* eftir Kristján Jón Guðnason. 2007. (1)

Myndhljóðin sem safnað var voru sett upp í skrá sem er sýnd í viðauka I aftast í ritgerðinni. Þau raðast í stafrófsröð eins og um orðabók væri að ræða. Í skráinni fylgir myndhljóðum tilvísunarnúmer og upplýsingar um þær myndasögur þar sem þau finnast eins og titill, rithöfundur, útgáfuár og forlag þar sem sögurnar voru gefnar út. Hér eru t.d. upplýsingar um hljóðgervinginn *splúmms!* sem birtist í *Svínharði smásál* eftir Kjartan Arnórsson árið 1982:

| Tilvísunarn. | Hljóðgerv. | Myndasaga | Rithöfundur | Forlag/Dagblað | Ár |
|---|---|---|---|---|---|
| SS140882 | *splúmms!* | Svínharður smásál | Kjartan Arnórsson | Þjóðviljinn | 1982 |

Viðauki II hefur að geyma notkunardæmi um hvert myndhljóð. Í honum eru sýndar þær myndir sem myndhljóðin fylgja. Eins og sagt var áður skipta myndirnar miklu máli í þessari rannsókn vegna þess að flest orð sem safnað er við þetta verkefni eru ekki lexíkaliseruð og birtast ekki í orðabókum. Myndirnar gefa okkur samhengi og gera okkur kleift að skilja merkingu þessara orða eða réttara sagt að skilja tengsl milli hljóðsamsetningar og merkingar þeirra. Í mynd 1 er sýnt notkunardæmi um *splúmms!* sem er einnig að finna í viðauka II. Hverju orði í viðauka II fylgir tilvísnuarnúmer.

*splúmms!* SS_041182a

Mynd1. Notkunardæmi um hljóðgerving *splúmms!* sem er tekið úr Svínharði smásál eftir Kjartan Arnórsson. Myndin er að finna í viðauka II aftast í ritgerðinni.

Hér á eftir er listi yfir öll myndhljóðin sem safnað var við þetta verkefni. Í þessari ritgerð verður vísað til þessa lista sem myndhljóðasafns. Í safninu eru einnig talin þau afbrigði af myndhljóðum þar sem einn eða fleiri bókstafir eru endurritaðir vegna þess að óvenjuleg framlenging hljóða getur táknað merkileg fyrirbæri eins og sýnt verður í kafla 6.2. Hins vegar er skráð aðeins eitt dæmi þar sem slík framlenging kemur fyrir. Til dæmis eru *búmm*, *búmmm* og *búmmmmmm* talin sama myndhljóðið og þau eru skráð sem *búmm*. Einnig getur tvíritun lokhljóða í bakstöðu verið merkileg eins og sýnt verður í undirkafla 6.2.1 og þess vegna eru orð eins og *klik* og *klikk* skráð sérstaklega. Af svipaðri ástæðu eru einnig talin sérstaklega þau afbrigði þar sem eitthvert myndhljóð er endurtekið eins og *ding ding*, *dong dong* og *ding dong* auk samsvarandi einfaldra forma *ding* og *dong* því endurtekning myndhljóða getur haft áhrif á merkingu þeirra eins og rætt verður um í kafla 6.3.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *aaaaa* | *flopp!* | *killi-killi* | *pow pow* | *spraut* |
| *aooooooo* | *flúbb* | *kiss* | *prumpp!* | *sproing* |
| *arrf* | *flúmp!* | *kjams!* | *prutt!* | *spúmm* |
| *bam!* | *foom* | *klak!* | *psss psss* | *ssrranss!* |
| *bamm* | *frúmmm!* | *klambr klambr* | *psssch!* | *ssss...* |
| *bang* | *fsss!* | *klang!* | *psssssshh* | *sssssslabb!* |
| *bank bank* | *fsst!* | *klapp!* | *pst pst* | *sssssssspuff!* |

*bööö*
*béff*
*bif!*
*bíb búb*
*bííib*
*bíuíuíu*
*bkklkkkkk*
*bla bla*
*blaarg*
*blamm*
*blegh*
*bligg!!*
*blink blink*
*blíng!*
*blob*
*blopp!*
*blubb*
*blöbb*
*blögh*
*boing boing*
*bomm*
*bomp!*
*bong!!*
*bonk bonk*
*bonka bonk*
*bramm!*
*brask!!*
*brems*
*brestir!*
*brommmmm*
*broom*
*brmmm*
*brrrak*
*brumm*
*brölt*
*bssbssbssbssbss*
*bukk!*
*bumpp!*
*bunk*
*búhú búhú*
*búmm*
*búmp!*
*búúúúú*
*búúú*
*bæng*
*fúmp!*
*fúshc!*
*fúss*
*fvúmm!*
*fvúmp!*
*gagg gagg gagg*
*garg*
*geisp*
*gilli gilli gilli*
*gisp*
*glagg glagg glagg*
*glamrr!*
*gling!*
*gling glong*
*glog*
*glong!*
*glonk!*
*glonk glonk glonk*
*glub!*
*glubb! glubb!*
*glugg glugg*
*glúg! glúg!*
*glúgg glúgg*
*glúmp*
*glúmpf!*
*gnn...*
*golligolligoll!*
*graak!*
*grát!*
*greið greið*
*grenj*
*grmhz!!*
*grnng*
*groff*
*gronk*
*grrr*
*grúmf!*
*grúnk*
*grönk*
*gurgle*
*gúff*
*gúlp*
*hávært muldur!*
*hhhhhhhh*
*hhöurð*
*klapp klapp*
*kless*
*klig klang kling klinc*
*kligg*
*klik*
*klik klik*
*klikk*
*klikk klikk*
*kliks*
*kling*
*kling! klang!*
*kling kling*
*klipp!*
*klips klips*
*klirr klirr*
*klomp!*
*klonk!!*
*klonk! dúnk! konk!*
*klonk klonk*
*klonk! klúnk! klank!*
*klór klór klór*
*klúnk!*
*knakk*
*kráááááá!*
*krak!*
*krakk*
*krank!*
*krass!*
*krmpp*
*kroakk!*
*kronk!*
*krraak!*
*krump*
*krunk krunk*
*krúnkrúnk*
*kýl!*
*lemj!*
*meeeeee!*
*mfmg*
*mfmpff!*
*mjá mjá*
*mjáarrgg*
*mmpf!!*
*muldur!*
*mylj mylj mylj*
*pump pump*
*púf!*
*púff*
*pvúmp!*
*pæng*
*ratatatatattataata*
*rif!*
*ring*
*rip*
*ritsj!*
*rííííng*
*roops!*
*rop!*
*ropp!*
*rót rót*
*rrííúúú*
*rrrrr*
*rzzzrrrzzzzz*
*schlúrp!*
*shisss*
*shwip!*
*sjatt*
*skell!*
*skjót*
*skrak*
*skrans!*
*skrats*
*skriiiiiiiii*
*skrikk skrikk skrikk*
*skrisk skorsk skrisk*
*skriss riss riss*
*skriss skriss!*
*skrits skrats*
*skríííí*
*skrííík!*
*skríísh!*
*skrtt skrtt*
*skrogg*
*skrríis*
*skrrríítss*
*skrubbs skrabbs*
*skrum!*
*skrusk skrask skrusk*
*skruss*
*skrúbb skrúbb*
*staff*
*stimpl*
*sting!!*
*stingg!*
*struns*
*stökk*
*suchk*
*suða*
*suk!*
*svffss*
*svipp!*
*svisjh!!*
*svissh!*
*svúsh!*
*tak!*
*tapp tapp*
*ta-taaaa...*
*thrútna!*
*thump thump*
*ti ti ti ti*
*tik tak*
*tik tik tik*
*tikk! tokk!*
*tjunk*
*tok!*
*tokk!*
*tong!*
*tramp! tramp!*
*trítl*
*tsk tsk*
*tssshh*
*tsuk*
*tuff*
*túmp! túmp!*
*tvang*
*tvúmp!*
*tvúnk!*
*tygg!*
*töff töff*
*tzhuckh*
*tzzzzz*
*ulla*
*urr*
*úff*
*úúúúúú*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *bziigg!!* | *hic* | *möööö* | *skvaldur* | *vammbúmm!!!* |
| *bzzt!* | *hikk!* | *namm! namm!* | *skvett* | *váúúáú* |
| *bzzz* | *hjukk, hjukk!* | *nauðgi nauðgi* | *sla…* | *veee* |
| *clak!* | *hlúnk!* | *njamm* | *slammm!* | *viiizz* |
| *click* | *hnegg hnegg* | *nnrrgh!* | *slit!* | *vlamm!* |
| *ding* | *hniuk* | *oink* | *slorch* | *voff! voff!* |
| *ding ding* | *hnnazzzzzz* | *oorrgg!!* | *slubbs slubbs* | *vommm* |
| *ding dong!* | *hnus hnus* | *paf!* | *slump* | *vomp* |
| *dong! dong!* | *hopp hopp hopp* | *palahiuk* | *slumpp!* | *voossh!* |
| *donk* | *hrifs!* | *pamm* | *slunk* | *vroom vroom* |
| *driiiiii!* | *hring* | *pang!* | *slurk slurk* | *vrrmm* |
| *dring dring* | *hringl* | *pá* | *slurpp!!* | *vrrr* |
| *drriiiinnng!!* | *hrist! hrist!* | *pfíííííí* | *slúbb* | *vrrúusshh!* |
| *dss dsss* | *hrista* | *ping pong* | *slökkv* | *vrúmmm* |
| *dunk* | *hrmpf* | *píp* | *smakk* | *vrö* |
| *dust dust* | *hrot! hrrot!* | *pískur pískur* | *smatt* | *vuörarr* |
| *dúmp!* | *hröð* | *plaff!* | *smell!* | *vúmm!!* |
| *dúnk* | *huargh* | *plask!* | *smjatt* | *vúmp!* |
| *dúnk dúnk dúnk* | *huulöö* | *ploínk* | *snap!* | *vúsh!* |
| *dziiigg* | *húmpf!* | *plokk* | *snapp* | *vúúff* |
| *dziiinkk* | *húrk!* | *plomp!* | *sniff sniff* | *vúúú* |
| *dzzíííínn!!* | *hvisssss* | *plopp!* | *snip! snap! snubbuq!* | *vzz* |
| *ffffffffffffff* | *hvæs!* | *plopp plopp* | *snökt* | *wúúú!* |
| *ffftt* | *högg!!!* | *pof!* | *snøft* | *z* |
| *ffráááá* | *hönk* | *poff!* | *spark!* | *ziip!* |
| *fissssss...* | *iiiihiii* | *pog* | *splank* | *zzzzzz* |
| *flappy flappy* | *iiik!* | *pok!* | *splasss* | *þeff! þeff!* |
| *flaps* | *ííííííí* | *pomm!* | *splat* | *þúnnnnk* |
| *flett flett flett* | *ííííííííng* | *pomp!* | *splatt* | *þvopp!* |
| *flett samanbrjót* | *kaboomm* | *pop!* | *sploss* | *æl* |
| *fliss* | *kabúm!* | *popp púbb pobb púbb* | *splúmms!* | |
| *flommsvííííng!!!* | *kakakk* | *poppp* | *spoing* | |
| *flop!* | *kazak-búmm!* | *pot* | *spól* | |

Í næstu köflum verður gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem einkenna myndhljóðin og einnig verður gerður samanburður við önnur tungumál. Skipulag eftirfarandi kafla er í stórum dráttum sem hér segir: Byrjað er á því að skoða hljóð- og hljóðkerfisleg atriði m.a. atkvæðagerð, lengd hljóða, endurtekningu, hljóðskipunarreglur og áhrif tökuorða. Á eftir fylgir umræða um ýmis orðhlutafræðileg atriði á borð við flokkun myndhljóða í orðflokka og orðmyndunaraðferðir. Því næst verða merkingarfræðileg atriði skoðuð eins og tengsl milli tiltekinna hljóða og merkingarsviða orða svo sem dæmi um samheiti, margræðni o.s.frv. Að lokum verða niðurstöður settar fram.

Eins og nefnt var áður ber hafa í huga að oftast samsvara myndhljóðin ekki orðum sem er að finna í orðabókum og þar af leiðandi er mælt með að skoða viðauka II til að skilja merkingu þeirra í hverju tilviki.

# 6. Hljóð- og hljóðkerfisleg atriði

Í þessum kafla verður fjallað um mismunandi hljóð- og hljóðkerfisleg atriði sem má finna í myndhljóðasafninu. Byrjað er á því að skoða atkvæðagerð og lengd hljóða. Því næst verður endurtekning myndhljóða skoðuð. Á eftir fylgir umræða um hljóðskipunarreglur og að lokum verða áhrif tökuorða athuguð.

## 6.1. Atkvæðagerð

Áður en ljósi verður varpað á atkvæðagerð hljóðgervinga er nauðsýnlegt að skilgreina stofnhluta atkvæðis. Sérhljóð mynda kjarna (e. *core*) hvers atkvæðis. Það eða þau samhljóð sem standa á undan kjarna eru kölluð stuðull (e. *onset*) en það eða þau samhljóð sem koma á eftir má nefna hala (e. *coda*). Kjarni og hali mynda saman það sem kallast oft rím (e. *rhyme*). Kristján Árnason (2005:183) sýnir formgerð atkvæðisins *ból* á eftirfarandi hátt.




Langflest myndhljóð sem safnað var við þetta verkefni eru einkvæð orð sem hafa bæði stuðul og hala. Mjög oft koma fyrir samhljóðaklasar með tveimur eða fleiri samhljóðum í stuðli og hala. Í eftirfarandi lýsingu táknar V sérhljóð og C er notað fyrir samhljóð sem getur verið hindrunarhljóð (e. *obstruent*), s.s. lok- eða önghljóð, eða hljómandi (e. *resonant*), s.s. nef-, hliðar- eða sveifluhljóð. R verður notað sérstaklega þegar um hljómandi samhljóð er að ræða.

Í rannsókn Oswalts (1994, 293:306) á hljóðtáknun í ensku skoðar hann myndhljóð úr enskum teiknimyndasögum og kemst að þeirri niðurstöðu að uppruni hljóðs sem líkt er eftir hefur áhrif á atkvæðisgerð myndhljóða. Hann gerir mun milli þriggja flokka: hljóð sem koma úr rödd eða talfærum lifandi vera (e. *animate imitatives*), hljóð sem koma úr líflausum hlutum (e. *inanimate imitatives*) og upphrópanir. Eins og sýnt verður hér á eftir gilda niðurstöður hans að mestu leyti í myndhljóðum sem safnað er við þetta verkefni.

Í kjarnanum geta staðið bæði einhljóð og tvíhljóð. Langalgengustu sérhljóð í kjarna myndhljóða sem líkja eftir hljóðum frá líflausum hlutum eru [i], [u], [a] og [ɔ] þ.e.a.s. þau sérhljóð í íslenska sérhljóðakerfinu þar sem aðgreiningin er mest. Annars vegar er [i] frammælt sérhljóð og [u], [ɔ] eru uppmælt. Hins vegar eru [i] og [u] nálægustu sérhljóðin í kerfinu og [a] er það fjarlægasta. Í mynd 2 er sýnt hvar þessi sérhljóð eru í íslenska sérhljóðakerfinu. Þau fáu dæmi þar sem sérhljóðin [ɛ], [œ], [ɪ] og [ʏ] koma fyrir í slíkum orðum samsvara tökuorðum eins og *click, kiss* og *slurp* eða tengjast stofnum lexíkaliseraðra orða sem má finna í orðabókinni eins og *högg, slökkv, brems, flett, kless, þeff, rip, slit, tygg, krump, struns*. Hins vegar eru [ɛ], [œ], [ɪ] og [ʏ] algengari meðal þeirra myndhljóða sem líkja eftir hljóðum frá lifandi verum eins og sýnt er í eftirfarandi dæmum: *bðö, hhöurð, huulöö, blög, möööö, vrö, blegh, hnegg, meeee, iiik, urr, hjukk* o.s.frv. Til samanburðar við ensku má geta þess að í rannsókn Oswalts (1994:297) er ekkert dæmi að finna um myndhljóð sem herma eftir hljóðum frá líflausum hlutum þar sem kjarni er [ɔ] eða [e].




Mynd 2. Algengustu sérhljóðin í kjarna atkvæða í íslenskum myndhljóðum sem líkja eftir hljóðum frá líflausum hlutum. Grunngrafið er tekið úr Flego og Bergkson (2020:8).

Upphrópanir og þau myndhljóð sem herma eftir hljóðum frá lifandi verum hafa í grófum dráttum miklu einfaldari atvæðisgerð en þau sem líkja eftir hljóðum frá líflausum hlutum. Atkvæði þeirra geta verið opin atkvæði af gerðinni V (*aaaaa, aoooooooo*), CV (*búúú, me, mö, ha, ve, vú, wú*) eða CCV (*bðö, bla, mjá, vrö*). Einnig geta þau verið lokuð eins og atkvæði af gerðinni VC *(aagh, urr, úff, íiik*), VRC (*arrf, húrk, oorrgg*) eða CVC (*blegh, blögh, gagg, hnegg, hröð, rop, voff*). Fá dæmi er að finna með samhljóðaklösum í stuðli og hala eins og *blaarg, krunk, grúmf*.

Varðandi myndhljóð sem herma eftir hljóðum frá líflausum hlutum er örfá dæmi að finna í safninu þar sem vantar annaðhvort stuðul eða hala. Einu dæmin um atkvæði af gerðinni V eru *úúúúú* og *íííííú* sem líkja eftir skipa- og bílaflautum. Einu dæmin um gerð CV eru *ta-taaa*, sem hermir eftir lúðri, *ti ti ti* sem líkir eftir pípi frá einhverju tæki og *pá* sem táknar skothvell. Af gerðinni CRV má finna *driiii* sem líkir eftir vekjaraklukku, *skríii* sem hermir eftir tækni sem ískrar og *ffrááá* sem táknar bíl sem keyrir á háum hraða. Öll hin dæmin um slík myndhljóð hafa lokuð atkvæði með stuðli og hala af flókinni gerð.

Lágmarksatkvæðisgerð hjá hljóðum sem koma úr líflausum hlutum virðist vera $C_1VC_2$ eins og í *píp, tok*. Flóknustu atkvæðagerðir eru $sC_1R_1V_1V_2R_2C_2$ eins og *sproing* og $C_1R_1V_1R_2C_2C_3$ eins og *klambr*. Í rannsókn Oswalts er ekki nefnt neitt dæmi um enskt myndhljóð með þriggja samhljóða hala. Í töflu 1 eru sýnd dæmi um algengustu atkvæðagerðir í myndhljóðum sem safnað var við þetta verkefni. Vísað er í verk Eiríks Rögnvaldssonar (2013:60-63) til að kynna sér hvaða sér- og samhljóð taka þátt í fram-, inn- og bakstöðu í íslensku.

| **atkvæðisgerð** | **dæmi** |
|---|---|
| CVC | *bam, bif, búb, bíb, bomm, bukk, búmm, fissss, gúff, kýl, paf, pamm, píp, pof, pog, pok, pomm, pop, pot, púf, rif, rip, rop, rót, tak, tapp, tik, tok, tuff, viiizz, vúmm, vúúff, ziip* |
| $C_1R_1V_1C_2$ | *glog, klik, blam, bligg, blob, blopp, blub, blubb, blöbb, bram, brom, brak, brum, fliss, flopp, frúm, grak, bziig, klapp, kless, klik, klirr, krak, krass, plaff, tsuk, snip, svúsh, vlamm* |
| $C_1V_1R_2C_2$ | *tong, bomp, bang, bank, bong, bonk, bump, bunk, bæng, ding, dunk, dump, gúlp, hring, ping, pong, pomp, pump, vomp, þúnnnnk* |
| $C_1R_1V_1R_2C_2$ | *blink, bling, brems, brölt, grúnk, dring, flúmp, gling, glonk, glump, kjams, klang, hlúnk, klomp, klonk, krank, plask, plomp, prumpp, tramp* |

Tafla1. Dæmi um helstu atkvæðagerðir sem er að finna í myndhljóðasafninu.

Í sambandi við stuðul má segja að $C_1$ í þeim myndhljóðum sem líkja eftir hljóðum frá líflausum hlutum sé oftast lok- eða önghljóð. Þau sjaldgæfu dæmi með nef- eða hlíðarhljóði í framstöðu samsvara villtum formum eins og *mfmg, mmpf* (sjá umræðu um þau í kafla 6.1.2) eða lexíkaliseruðum orðum eins og *lemj, mylj* (um slík orð verður sérstaklega fjallað í kafla 7.1). Í töflu 1 má sjá að stuðull er helst af gerðinni $C_1R_1$ en einnig má finna orð þar sem önghljóðið /v/ kemur á eftir $C_1$ eins og í *fvúmp, pvúmp,*

*tvúmp, tvúnk, tvæng, þvopp*. Slík gerð er ekki nefnd í rannsókn Oswalts varðandi ensku. En ensku og íslensku myndhljóðin virðast eiga það sameiginlegt að þegar um þriggja samhljóða stuðul er að ræða þá er stuðullinn af gerðinni $sC_1R_1$ eins og sýnt er í dæmum í (2).

(2) *splank, splas, splatt, splúmms, spraut, sproing, skrak, skrans, skrats, skrííík, skrogg, skrubbs, skrum, skvett, struns*

Varðandi hala má sjá að hann er helst af gerðinni $R_2C_2$. Hins vegar má einnig finna nokkur orð þar sem hindrunarhljóð stendur á undan /s/ eins og í *brems, flaps, hrifs, kliks, klips, skrubbs, skrats*. Finnast má einnig þrjú orð með þriggja samhljóða hala sem eru eftirfarandi: *hringl, stimpl, klambr.* Geta má þess til að þau orð séu mynd af sögnunum *hringla*, *stimpla* og *klambra* þar sem /a/ hefur fallið brott (sjá umræðu í kafla 7.1). Auk þess má nefna að ólíkt niðurstöðum Oswalts varðandi ensku má finna í þessu verki íslensk myndhljóð sem enda á /l/ eins og *hringl*, *stimpl* og *trítl*.

Með tilliti til tvíkvæðra hljóðgervinga má segja að örfá dæmi sé að finna í mndhljóðasafninu. Þau samsvara nafnorðum (*pískur, skvaldur*), sögnum í nafnhætti (*suða, hrista*), dæmum um endurtekningu (*blabla*), samsetningum (*flommsvíííng*), orðum með viðskeyti (*kabúmm*) eða sérstökum upphrópunum (*hhöurð, hulöö, vuörarr*).

Að lokum er athyglisvert að minna á þær mörkunarhömlur sem samkvæmt bestunarkenningunni (e. *optimality theory*; Prince og Smolensky, 1993) stýra atkvæðaskipun. Bestunarkenningin byggist ekki á föstum reglum heldur á stigveldi hamla sem ákvarðar hvaða kostur er bestur af mismunandi möguleikum. Í sambandi við atkvæðaskipun nefnir Anton Karl Ingason (2008:34-35) eftirfarandi þrjár mörkunarhömlur (e. *markedness constraints*), þ.e. þær hömlur sem krefjast þess að öll form séu einföld, auðveld eða ómörkuð:

- mörkunarhamla sem bannar að atkvæði hafi hala
- mörkunarhamla sem krefst þess að atkvæði hafi stuðul
- mörkunarhamla sem bannar samhljóðaklasa í atkvæðum

Eins og Anton Karl bendir á er þá CV eina atkvæðagerðin sem uppfyllir þessar hömlur og í raun virðist hún vera ráðandi gerð í tungumálum heims. Aftur á móti eru fá dæmi um myndhljóð sem hafa þessa atkvæðagerð. Eins og sýnt var áður brjóta nánast öll myndhljóð gegn hömlunum þremur, sem þýðir að hvað varðar atkvæðagerð orða sem líkja eftir hljóðum er besti kosturinn örsjaldan valinn. Þau fáu dæmi sem uppfylla þær eru að finna

meðal upphrópana og þeirra myndhljóða sem herma eftir hljóðum frá lífandi verum. Eins og nefnt var í kafla 2.1 eru tengslin milli táknmyndar og táknmiðs í hljóðgervingum ekki handahófskennd. Þeir eru skapaðir í þeim tilgangi að herma eftir náttúruhljóðum með því að nota þau hljóðön sem eru fyrir hendi í tungumálinu. Í því hafa samhljóðin sérstakt hlutverk og þess vega eru þau áberandi í flóknari stuðlum og hölum sem stundum brjóta einnig gegn hljóðskipunarreglum eins og sýnt verður í kafla 6.5. CV atkvæðagerð virðist ekki vera nógu hentugt til að herma eftir hljóðum. Allt þetta sýnir að hve miklu leyti myndhljóðin standa í sérstakri stöðu í tungumálinu. Ekki má gleyma að samkvæmt Akita og Dingemanse (2019) eru myndhljóð mörkuð með mismunandi hætti. Í þessum skilningi má e.t.v. telja þessi flóknari atkvæðagerð myndhljóða ein af þeim einkennum sem marka þau.

### 6.2. Villt form

Hér verða sýnd dæmi um hljóðmyndir sem mynda ekki atkvæði. Í þeim er engan kjarna að finna heldur einungis samhljóð eða samhljóðaklasa sem geta verið fjölfaldaðir eða ekki. Þetta sýnir að hve miklu leyti samhljóð skipta máli í því hlutverki að herma eftir hljóðum. Í (3) eru sýnd öll dæmi sem má finna í myndhljóðasafninu.

(3) *bkklkkkkk, brmmm, bssbssbssbssbss, bzzzz, dss dsss, ffftt, fsss, gnn, grmhz, grnng, grrr, krmpp, mfmg, mmpf!!, nnrrgh!, psssch!, pst, rrr!, ssss, svffss, tsk tsk, tssshh, vrrmm, vrrr, vzz, zzz*

Mayoral (1992) lýsir slíkum formum sem „óskýrum hljóðgervingaformum“ en Rhodes (1994:279) talar um „villt form“ og „tamin form“ sem eru tveir endar á sama skala. Í villtum formum eins og *bzzz* eru möguleikar talfæra mannsins nýttir til hins ýtrasta til að líkja eftir hljóðum öðrum en af mannlegum uppruna. Hins vegar vísar hugtakið „tamin form“ til raunverulegra orða eins og *buzz* þar sem reynt er að herma eftir hljóði með því að nota hljóðeðlislega svipuð hljóðön sem eru fyrir hendi í tungumálinu. Í safninu er að finna eftirfarandi pör af villtum og tömdum formum: *brmmm – brúmm, fssss – fisss, krmpp – krump, vrrmm – vrúmm*. Hér er umdeilt hvort *brúmm, fiss, krump* og *vrúmm* eru „raunveruleg orð“ en Rhodes talar um skala þar sem nokkur millistig eru möguleg. Til dæmis eru *vrúmm* og *brúmm* aðlögun á enska hljóðgervinginum *vroom* sem er að finna í enskri orðabók (sjá kafla 6.6). Benda má á að *brúmm* er leyfilegt orð samkvæmt íslenskum hljóðskipunarreglum en *vrúmm* ekki. *Krump* er mynd af sögninni *krumpa* þar sem *a* hefur fallið brott (sjá kafla 7.1).

Villt form eru algeng í teiknimyndasögum og Hinton o.fl. telja þau mikilvæg því þau eru tilraun til að tákna líkamshljóðtáknun í rituðu formi. Í mynd (3a) er sýnt dæmi um villt form sem táknar ósjálfráð hljóð sem talfærin gefa frá sér þegar maður er að toga af krafti. Til samanburðar er sýnt í (3b) dæmi um villt form sem hermir eftir hljóði sem er ekki af mannlegum uppruna og í (3c) er sýnt jaðardæmi um villt form sem táknar spark með því að fjölfalda lokhljóðið /k/ en hér er hugsanlega um sjónræn áhrif að ræða.




*(a) mfmpff!* *(b) vzz* *(c) bkklkkkkk*

Mynd 3. Samanburður á notkun villtra forma.

### 6.3. Lengd myndhljóða

Í myndhljóðum er leyfilegt að lengja sér- og samhljóð á óvenjulegan hátt án þess að líta sérstaklega á hefðbundnar lengdarreglur. Samkvæmt Poyatos er slík lenging dæmi um fyrirbæri sem tilheyrir samhliðamáli og hann flokkar hana sem staðgengil (sbr. kafla 2.2). Eins og sagt var í kafla 2.4 er lenging eitt dæmi um mörkun myndhljóða (Akita og Dingemanase, 2019). Í sambandi við samskynjunarhljóðtáknun segja Hinton o.fl. (1994:4) að lengd sé yfirsneiðarþáttur sem stundum er notaður til að tákna stóra hluti eins og þegar sagt er á ensku „It was a bi-i-ig fish!“ þar sem stærð á fisknum er lýst með því að framlengja sérhljóðið /i/. Eiríkur Rögnvaldsson (2021) bendir á að slík lenging er notuð í atviksorðum og lýsingarorðum í íslensku til áherslu. Lenging hljóða kemur oft fyrir í töluðu máli en kemur örsjaldan fram í rituðu máli. Teiknimyndasögur eru undantekning á því og í þeim er framlenging táknuð með því að fjölfalda tiltekna bókstafi. Þetta gerir okkur kleift að skoða nánar þetta fyrirbæri. Lenging, eða fjölföldun bókstafa, getur verið notuð í mismunandi tilgangi. Hér á eftir er samantekt á hlutverki hennar sem í grófum drátum má skipta í þrennt. Til samanburðar eru sýnd notkunardæmi í mynd 4:

- Lengingin táknar hljóð sem stendur yfir í ákveðinn tíma. Í mynd (4a) táknar lenging á sérhljóðinu /a/ að maður er að hrópa á meðan hann dettur. Oswalt (1994:304) segir t.d. að lenging á sérhljóðinu /i/ í ensku orði *boiiiing* tákni

stöðugan titring. Það virðist gilda einnig í íslensku eins og sýnt er í mynd (4b) þar sem *dzzíííínn* táknar titring á reipi sem er að toga í hest. Einnig nefnir Oswalt að lenging á samhljóðinu /s/ tákni hljóð sem stendur yfir á meðan eitthvert loft berst út. Í safninu er að finna t.d. *fissss* sem er dæmi um það (sjá mynd 4c).

- Í öðrum tilvikum tengist lenging ekki tímalengd heldur áherslu sem lögð er á tiltekið hljóð. Í mynd (4d) er sýnd teikning þar sem maður skellur á gólfið. Myndinni fylgir orðið *þúnnnnk* þar sem nefhljóðið /n/ er endurtekið. Það að detta er stuttur verknaður sem endar snögglega og þar af leiðandi væri óviðeigandi að lengja eitthvert hljóð. Með því að endurrita /n/ táknar *þúnnnnk* þyngra fall en *þúnk* á sama hátt og „fi-i-ish“ táknar stærri fisk en „fish“. Í safninu er að finna mörg dæmi um þetta, eins og *krraak* þar sem endurritun á /r/ og /a/ táknar hærra brak en *krak* en ekki endilega lengra. Þetta sýnir að lenging er eins konar stílbragð sem einkennir teiknimyndasögur og er notuð til að reyna að hafa áhrif á lesanda.
- Lenging getur verið notuð til að gefa í ljós líkamlega stöðu eða sálarástand einstaklings. Sem dæmi má sjá *hhhhhhhh* í mynd (4e) þar sem ungri konu líður greinilega ekki vel. Önnur dæmi eru *zzzzz* sem táknar sofandi mann eða *mmmm* sem táknar m.a. mann í þungum þönkum.

*(a) aaaaa* *(b) dzzíííínn!!* *(c) fisssss* *(d) þúnnnnk* *(e) hhhhhhhh*

Mynd 4. Samanburður á notkun fjölritunar hljóða.

Í myndhljóðasafninu er að finna ótal dæmi um lengingu hljóða eða fjölföldun bókstafa. Þetta sýnir að lenging er gríðarlega algeng í íslenskum myndasögum. Hér á eftir verða sýnt þau dæmi úr safninu þar sem eitt eða fleiri hljóð eru fjölfölduð. Til að byrja með eru sýnd í (4) þau dæmi þar sem eitt eða fleiri sérhljóð eru lengd. Orð með tvírituðu /o/ eins og *broom*, *foom* og *vroom* teljast ekki dæmi um lengingu því þau eru ensk orð þar sem /oo/ táknar hljóðið [u:]. Hins vegar táknar /oo/ óvenjulega framlengingu á sérhljóðinu /o/ í orðum eins og *roops* því *rop* er íslensk rót.

(4) *Aaaaaa, aooooooo, bðöö, bíííb, blaarg, blöögh, búúú, búúúhúú!, búúúmmm!, bziigg!!, driiiii! drriiiinnng!!, dziiigg, dziiinkk, dzzíííínn!!, ffrááá, graak, huulöö, ííííííííí, íííííííííhíí, ííííííííng, iikiiik!, kráááááá!, kraakk!!, kvúúff, mee, mjáá, mööööö,*

*pfíííííí, rííííng, roops, rrííúúú, skríííí, skrííííík!, sviisshh!, úúúúú, váúúú, veee, viiizz, voossh!, vrrúusshh!, vúúff, vúúú, wúúú, ziip!*

Í samhljóðum er allmörg dæmi að finna um lengingu á öng-, nef- og sveifluhljóðum eins og sýnt er í (5). Myndunarháttur þessara samhljóða leyfir lengingu á þeim en hins vegar er ekkert dæmi að finna um lengingu á hliðarhljóðinu /l/. Eins og má sjá kemur lengingin einnig fram í villtum formum.

(5) *arrf, bamm, béff, blamm, bomm, bramm, brommmmm, brrrak, brumm, búmm, bzzt!, bzzz, drriiinnng!!, dzzíííínn!!, fffffffffff, ffrááá, fisssss, frúmmm!, fsss, fsst, fvúmm!, glamrr, gnn, grnng, groff, grrrr, hhhhhhhh, hhöurð, hnnazzzzzz, hnuss, hrrot!, hvisss, krraak!, kúff!!, mfmpff!, nnrrgh!, oorrgg!!, plúff!, poff!, pomm!, psss, púffff, rrrrr, rzzzrrrzzzzz, shisss, skrrríítss, skruss, slamm, spliff, sploss, splúmms!, spúmm, ssrranss!, ssss, sssslabb!, sssssssspuff!, stingg!, svffss, sviisshh!, tssshh, tzzzzz, urrrr, vammbúmm!!!, vizz, vlamm!, vommm, voossh!, vrrmm, vrrr, vrrúusshh!, vrúmmm, vúmmm, vuörarr, vúúfff, vzz, zzzzz, þeff, þúnnnnk*

Lokhljóð er hægt að lengja með því að lengja þögnina sem kemur eftir myndun þess. Í teiknimyndasögum geta lokhljóðin verið fjölfölduð eins og sýnt er í (6). Hér er um að ræða endurtekningu á tiltekum bókstaf með þeim tilgangi að leggja áherslu á það hljóð sem líkt er eftir en varla er lengdarmunur t.d. á orðunum *bump* og *bumpp*.

(6) *bkklkkkkk, bukk, bumpp, bunkk, bziigg!!, dziiigg, dziiinkk, ffftt, flopp, flúbb, glugg, glúgg, krakk, krmpp, kroakk, oorrgg!!, poppp, prumpp!, skrikk, svipp!, tikk tokk, riippp!, roopp, splatt, slumpp!, þvopp*

Eins og má sjá eru lokhljóð oft tvírituð. Tvíritun /p, t, k/ á eftir sérhljóði í bakstöðu eins og í *krakk, roopp, þvopp* veldur aðblæstri. Um þessi áhrif verður rætt stuttlega í eftirfarandi athugasemd.

### *6.3.1. Um tvíritun lokhljóða í bakstöðu*

Í greininni sinni um hljóðtáknun í ensku bendir Feist (2013:110) á að í ensku eru lokhljóð í framstöðu yfirleitt lítið fráblásin. Hins vegar sýnir hann dæmi eftir enskumælandi sjónvarpsþuli sem bera fram [b] og [d] með fráblæstri í framstöðu til að auka á eða ýkja merkingu orða. Samkvæmt honum er merkingarmunur á fráblásnum og ófráblásnum lokhljóðum. Þegar valið er að hafa fráblásin lokhljóð í framstöðu af ráðnum hug þá hefur það sama hlutverkið og enska atviksorðið *very*.

Þessi dæmi vekja spurningu um það hvort aðblástur í orðum eins og *roopp* [rɔɔhp] er notað í sama tilgangi og fráblástur í áðurnefndum dæmum í ensku. Með öðrum orðum snýst spurningin um það hvort höfundurinn hefur valið sérstaklega að tvírita /p/ í bakstöðu til þess að valda aðblæstri og leggja með því áherslu á merkingu orðsins *rop* eða hvort hann vildi einfaldlega endurrita stafinn eins og í dæmum í (5) og (6) til þess að hafa sjóræn áhrif án þess að hugsa sérstaklega um aðblástur sem tvíritun veldur. Það er að minnsta kosti sérkennilegt að lokhljóð í bakstöðu virðast vera tvírituð frekar en endurrituð meira en tvisvar sinnum eins og í orðum í (5) og (6). *roopp* táknar vissulega hærri ropa en *rop* en ekki er vitað að hve miklu leyti hefur aðblástur áhrif á það.

Auk *roopp* má finna fleiri dæmi í mynhljóðasafninu um tvírituð lokhljóð í bakstöðu. Sum þeirra eru lexíkaliseruð orð eins og *popp* en önnur eru nýjungar eða aðlöguð tökuorð eins og *flopp, snapp, skrikk, tikk tokk, þvopp*. *Þvopp* er t.d. nýjung sem vekur þá spurningu hvort *p* hafi verið tvíritað í bakstöðu af ráðnum huga þegar orðið var myndað svo að aðblástur kæmi fyrir. Gerð verður grein fyrir áhrifum tökuorða í kafla 6.6.

### 6.4. Endurtekning myndhljóða

Eitt algengasta einkenni hljóðgervinga er endurtekning en sérstaklega þegar um tvítekningu (e. *reduplication*) er að ræða. Endurtekning kemur fram í mörgum tungumálum og ýmsir málfræðingar hafa rætt um notkun og hlutverk hennar. Zwicky og Pullum (1987) líta á hana sem „expressive morphology“ og Dressler (1995) ber hana saman við málfæðilega endurtekningu á eftirfarandi hátt:

> Grammatical reduplication has many different forms and meanings […] within and across languages, whereas extragrammatical reduplication in echo words is cross-linguistically much more uniform in form and meaning, and occurs even in languages which have no correspondent reduplication in morphological grammar. (Dressler, 1995 *apud* Polis 2008:53).

Ásamt öðrum fyrirbærum eins og lengingu, tóni og sérstakri hljóðsamsetningu telja Akita og Dingemanse (2019) tvítekningu eitt dæmi um mörkun myndhljóða. Innan ramma hljóðtáknunar tengja Hinton o.fl. (1994:3-4) tvítekningu sérstaklega við táknun tiltekinna hreyfinga. Ákveðnum verknuðum fylgir oft hrynjandi eins og að ganga, sveifla eða titra. Slíkar hreyfingar gefa ekki alltaf hljóð frá sér en samt er líkt eftir þeim með endurteknum myndhljóðum þar sem endurtekning endurspeglar hrynjandina. Samkvæmt Hinton o.fl. eru hrynjandi hreyfinga og hrynjandi hljóða svo nátengd fyrirbæri í taugakerfi manns að þau eru næstum óaðskiljanleg:

> Just as humans are capable of translating rhythmic movements into sounds, they are also capable of the reverse: translating rhythmic movements into sounds, including sound symbolic language forms. In the representation of repeated sounds and movements the linguistic strategy of reduplication is frequently utilized. (Hinton o.fl., 1994:3-4)

Samkvæmt Rodriguez-Guzmán (2011) hefur endurtekning hljóðgervinga þrenns konar hlutverk sem eru rakin hér að neðan. Til samanburðar eru sýnd dæmi úr myndhljóðasafninu í mynd 5.

a) Endurtekning lýsir sífelldu hljóði eða hljóði sem endurtekst ótal sinnum (Grammont, 1901). Sem dæmi má nefna *bssbssbssbssbss* sem táknar sífellt hljóð frá ryksugu (mynd 5a) eða *dúnk dúnk dúnk* sem lýsir að bolta er skoppað ótal sinnum (mynd 5b).

b) Einnig er hún notuð til að auka skynjun á hljóðum og tryggja að þau séu túlkuð (e. *decoded*) á réttan hátt (García de Diego, 1968). Sem dæmi má nefna *namm! namm!* (mynd 5c) þar sem endurtekning hljóðgervingsins *namm!* leggur áherslu á nefhljóð og gerir það auðveldara að skilja merkinguna. *namm-namm* er reyndar lexíkaliserað orð sem má finna í *Íslenskri orðabók* í tvíteknu formi.

c) Endurtekning hjálpar til að halda hrynjandi og hrynkerfi (e. *prosody*) í sönglögum og vísum (Grammont, 1901). Þessi notkun verður ekki skoðuð í þessu verkefni.

*(a) bssbssbssbssbss* *(b) dúnk dúnk dúnk* *(c) namm! namm!*

Mynd 5. Dæmi um notkun endurtekinna myndhljóða.

Hér er athyglisvert að skoða að hve miklu leyti tvítekin myndhljóð eru lexíkaliseruð. Í sumum tilvikum virðist endurtekning skipta svo miklu máli í merkingu þeirra að þau eru lexíkalíseruð í sínu tvöfalda formi en ekki sem einföld orð. Sem dæmi má nefna hljóðgervinginn *bla-bla* sem kemur fyrir í myndhljóðasafninu. Hann er flettiorð í *Íslenskri orðabók* en hins vegar er ekki að finna í sínu einföldu formi *bla*. Í öðrum tilvikum er bæði formin að finna í sama flettiorðinu eins og *krá* og *krá-krá* eða *namm* og *namm-namm* ásamt afbrigðinu *nammi-namm*. Önnur dæmi eins og *bí* eða *bíum* er að finna í einföldu

formi en samsvarandi tvöföld form *bí-bí, bíum-bíum* er ekki að finna undir sama flettiorðinu heldur eru þau sérstök flettiorð. Athygli vekur að suma hljóðgervinga sem eru notaðir gríðarlega oft í endurteknu formi er aðeins að finna í einföldu formi í orðabókinni en ekki í tvöföldu. Um er að ræða orð á borð við *mjá, voff* eða *krunk* sem reyndar eru tvítekin í safninu. Hér er e.t.v. ósamræmi hvað varðar það hvernig slík orð birtast í *Íslenskri orðabók.*

Í (7) er sýndur tæmandi listi af dæmum um endurtekningu sem myndhljóðasafnið hefur að geyma. Dæmafjöldi sýnir að endurtekning er verulega virkt fyrirbæri og að hún er notuð frjálslega með mjög ólíkum orðum. Öll dæmin eru notuð í áðurnefndum hlutverkum og þau sýna að eins og lengning er endurtekning notuð til að gefa myndhljóðum aukamerkingu.

(7) *bammm bamm, bang bang, bank bank, bla bla, blink blink, boom boom, bonk bonka bonka, bssbssbssbssbss, búhú búhú, búmm! búmm!, ding ding, dong! dong! dong!, dring dring, dúnk! dúnk! dúnk!, flappy flappy, flett flett flett, gagg gagg gagg, gilli gilli, glagg glagg glagg, glonk glonk glonk, glubb glubb, glúg! glúg!, glugg glugg, glúgg glúgg, glugg glugg, golligolligoll!, greið greið, hnegg hnegg hnegg, hnus hnus, hopp hopp hopp, hrist! hrist!, hrot! hrrot!, iikiiik!, klik klik, killi-killi, klambr klambr, klapp klapp, klikk klikk, kling kling, klipp klipp, klips klips, klonk klonk, klór klór klór, krunk krunk, krúnk! krúnk!, krúnkrúnk, mjá mjá, mylj mylj mylj, namm! namm!, nauðgi nauðgi, pískur pískur, plopp plopp, pow pow pow, psss psss, pst pst, pump pump, ratatatatatatatata, ring! ring!, rót rót, rzzzrrrzzzzz, skrikk skrikk skrikk, skriss riss riss, skriss skriss!, skritt skritt, skrúbb skrúbb, slubbs slubbs, slurk slurk, smjatt smjatt, sniff sniff, snökt snökt, tapp tapp tapp, ta-taaaa, þeff! þeff!, thump thump, ti ti ti ti, tik tik tik, töff töff, tramp! tramp!, túmp! túmp!, voff voff, vroom vroom*

Í (7) er að finna nokkur dæmi um endurtekin myndhljóð þar sem liðirnir eru tengdir saman með sérstökum bandstaf sem er ekki hluti af stofni. Þessi tengistafur er annaðhvort *i* eins og í *nammi-namm, banki bank* og *golligolligoll* eða *a* eins og í *bonk bonka bonka* þar sem *a* kemur einnig fram í bakstöðu. Eins og sagt var áður má minna á að *nammi-namm* er flettiorð í *Íslenskri orðabók*. Þessi bandstafur virðist hafa það hlutverk að gera það auðveldara að bera fram hljóðgervinginn. Til samanburðar má nefna að samkvæmt Nogueira (1950:86) er atkvæðinu *-ba* bætt við í bakstöðu með svipuðum tilgangi í portúgölskum hljóðgervingum á borð við *¡pimba!, ¡tumba!, ¡bomba!* Rodriguez Guzmán

(2011) nefnir einnig nokkur dæmi í spænsku þar sem *-a* er bætt við aftast í orðinu eins og *¡ñaca!*, *¡zaca!*, *¡taca!* Í þessum tungumálum er auðveldara að bera fram slík orð ef sérhljóði er bætt við í bakstöðu.

### *6.4.1. Endurtekning með hljóðskipti*

Endurtekningu hljóðgervinga fylgir oft sérhljóðaskipti í kjarna þeirra atkvæða sem eru endurtekin eins og í *ding dong*. Þetta fyrirbæri er algengt í mörgum tungumálum en í sumum tilvikum kemur það ekki fyrir þó að endurtekningin sé virkt og frjótt fyrirbæri. Í japönsku er endurtekning myndhljóða gríðarlega algeng en aftur á móti er sérhljóðaskipti hvergi að finna. Í henni má finna t.d. myndhljóð á borð við *soro-soro, suru-suru, giri-giri* en ekki **soro-suru*, **giri-gara* o.s.frv. (Kakehi o.fl., 1996)

Yfirleitt er um að ræða víxl milli ólíkra sérhljóða eins og frammæltra og uppmæltra sérhljóða eða nálægra og fjarlægra sérhljóða. Dienhart (1999) segir t.d. að ein algengustu hljóðskipti í ensku felist í því að skipta á milli nálæga frammælta sérhljóðsins [ɪ] og fjarlægu sérhljóðanna [æ], [ʌ] og [ɒ]. Hann kallar þennan hóp „mish-mash class“ sem virðist vera mjög algengur. Hljóðskipti á /i/ og /a/ koma oft fyrir í nafnorðum sem eru leidd af hljóðgervingum eins og *tic-tac-toe* eða *zig-zag* (sem er aðlaðað að íslensku sem *sikksakk*).

Wang (2005:514) og Rodríguez Guzmán (2011) benda á að slík hljóðskipti fylgja tilhneigingum frekar en föstum reglum. Það sem skiptir mestu máli er að nota sérhljóð með mjög ólíkum einkennum í þeim tilgangi að mynda andstæður. Grammont (1901) talar um björt og dimm sérhljóð og nefnir dæmi í frönsku þar sem björt sérhljóð tákna hið minna, ljúfara eða krúttlegra. Alexander Jóhanesson (1926) segir einnig að *o* og *u* séu miklu dimmari en *e* og *i*. Rodríguez Guzmán (2011) segir einnig að sérhljóðapör eins og /i/-/a/ eða /i/-/o/ tákni „hið litla“ á móti „hinu stóra“. Vegna þessara tengsla milli sérhljóðaskipta og merkingar ber Diffloth (1972:442) þetta einkenni sérhljóða saman við myndan: „systematic iconic vowel alternations in ideophones would lead one to analyse vowel height as a morpheme“. Samkvæmt Fischer (1999:128) er /i/-/a/ sú sérhljóðaandstæða sem best er skynjuð. Í sambandi við íslensku virðist þetta vera í samræmi við rannsókn Ástu Svavarsdóttur o.fl. (1982) á formendum íslenskra sérhljóða þar sem sýnt er að munurinn á meðaltíðni $F_1$ milli /i/ og /a/ er sá mesti meðal íslenskra

sérhljóða. Í töflu 2 er sýnt samantekt á þeim myndhljóðum úr safninu sem eru endurtekin með sérhljóðaskiptum.

| **sérhljóðaskipti** | **dæmi í safninu** |
|---|---|
| /i/ - /a/<br>/i/ - /a/ - /i/<br>/i/ - /a/ - /u/ | *gling glang, kling klang, skrits skrats, tik tak*<br>*klig klang kling klinc*<br>*snip snap snubbuq* |
| /i/ - /o/<br>/i/ - /o/ - /i/ | *ding dong, gling glong, ping pong, tikk tokk*<br>*skrisk skrosk skrisk* |
| /i/ - /u/ | *bíb búb, bíuíuíu* |
| /o/ - /u/<br>/o/ - /u/ - /o/<br>/o/ - /u/ - /a/ | *popp púbb*<br>*klonk! dúnk! konk!*<br>*kloonk! klúnk! klank!* |
| /u/ - /a/<br>/u/ - /a/ - /u/ | *skrubbs skrabbs*<br>*skrusk skrask skrusk* |
| /a/ - /u/ | *váúúáú* |

Tafla 2. Dæmi um endurtekin myndhljóð úr safninu þar sem skipt er á sérhljóði í kjarna atkvæða.

Hér ber að hafa í huga mynd 2 þar sem borin eru saman einkenni íslenskra sérhljóða. Í töflu 2 er sýnt að það tíðkast að skipta á /i/ og öðru sérhljóði því /i/ sker sig sérstaklega úr hinum sérhljóðunum í íslenska sérhljóðakerfinu. Ekkert dæmi er að finna í myndhljóðasafninu um skiptingu á /o/ og /u/. Í töflu 2 er *klonk! dúnk! konk!* talið dæmi um sérhljóðaskipti þó að stuðlar atkvæðanna séu ekki eins en orðin þrjú koma fyrir saman og tákna samfelld hamarshögg.

Sumir málfræðingar eru þeirrar skoðunar að slík hljóðskipti tengist eðlilegri tilhneigingu til að hreyfa talfærin fram og til baka (Spire, 1986:318-19). Hins vegar heldur Russolo (1998:36) því fram að slík hljóðskipti stafi af raunverulegum eðlisfræðilegum mun á þeim endurteknu hljóðum sem líkt er eftir. Þessi munur endurspeglast vel í *bíuíuíu* þar sem líkt er eftir bílaflautu. Í þessu tilviki koma Dopplerhrif (e. *Doppler effect*) við sögu, þ.e.a.s. breyting á tíðni og bylgjulengd hljóðgjafa á hreyfingu. Þess vegna heyrum víxl á háum og lágum tónum. Anscombre (1985) gerir áhugaverða athugasemd í sambandi við hlutverk hljóðskipta. Samkvæmt honum eru þau notuð til að tákna samhverfu í hreyfingum sem gefa hljóð frá sér. Þess vegna er hljóðgervingur sem líkir eftir stöðugu

pípi sem gervitungl gefur frá sér *¡bip, bip, bip!* frekar en *¡bip, bap! ¡bip, bap!* Myndhljóðasafnið hefur að geyma nokkur dæmi um hljóðskipti sem táknar samhverfar hreyfingar. Besta dæmið er að finna í mynd 6 þar sem sýndar eru teikningar úr *Ævintýri burstasölumanns* eftir Björgvin Ólafsson. Í þeim sést bursti sem núið er við höndina á manni. Í myndum (6a-d) er sýnt að með því að skipta á sérhljóðum er því lýst að burstinn nuddast í gagnstæðar áttir. Eins og má sjá fylgja sérhljóðaskiptin ekki fastri reglu en samt er tilhneiging til að hafa fyrst nálæg sérhljóð og svo fjarlæg. Mynd (6e) sýnir að hljóðskipti þurfa ekki endilega að koma fyrir.




*(a) i - a* *(b) i – o - i* *(c) u – a* *(d) u – a - u* *(e) u – u*

Mynd 6. Dæmi um endurtekningu sem fylgir ýmis sérhljóðskipti.

Til samanburðar er sýnt á mynd (7a) að þegar sama bursta er slegið við höndina í stað fyrir að vera núið við hana þá koma hljóðskipti ekki við sögu vegna þess að um að ræða endurteknar hreyfingar sem eru alltaf eins en ekki röð af samhverfum hreyfingum. Eins og má sjá er hljóðgervingurinn *dunk dunk* en ekki *dunk dank* eða eitthvað slíkt á sama hátt og *bank bank* er notað þegar bankað er í hurð en ekki *bank bunk* (sjá mynd 7b).

*(a) dúnk dúnk* *(b) bank bank*

Mynd 7. Dæmi um endurtekningu án sérhljóðaskiptis

Rodríguez Guzmán (2011) bendir á að notkun endurtekningar með eða án hljóðskipta fer eftir því hvort höfundurinn vill leggja áherslu á verknaðinn í heild eða á hvert og eitt þeirra hljóða sem eru endurtekin. Til að mynda bendir hann á dæmi í spænsku um hljóðgerving sem líkir eftir handsög. Þegar sögun er táknuð með *¡rac, rac, rac!* þá er áhersla lögð á sögunina sem verknað í heild. Hins vegar er notað *¡ric, rac! ¡ric, rac!* þegar ætlað er að leggja áherslu á hverja og eina hreyfingu handsagarinnar. Í sambandi við þessa athugun er áhugavert að skoða eitt dæmi úr myndhljóðasafninu sem sýnt er í mynd 8.

Hljóðgervingurinn *kling kling* líkir eftir litlum bjöllum sem hljóma stanslaust í vindinum. Hér koma sérhljóðaskipti ekki fyrir vegna þess að það sem skiptir máli er að lýsa verknaðinum í heild þ.e. að bjöllurnar gefa frá sér hljóð á meðan vindurinn blæs. Í mynd (8b) er hins vegar notað *gling glong* eða *ding dong* til að leggja áherslu á hvert og eitt högg kólfs í kirkjuklukku.

*a. kling kling* *b. gling glong / ding dong*

Mynd 8. Samanburður á endurtekningu með og án sérshljóðskiptis.

Í mynd 9 er sýnt svipað dæmi um þetta. Orðið *hopp* í (9a) kemur fram þrisvar en það þýðir varla að maðurinn í myndinni hoppi nákvæmlega þrisvar heldur ótal sinnum. Verknaðurinn „að hoppa“ er þá táknaður sem verknaður í heild þar sem hvert hopp er ekki merkilegra en hin. Hins vegar er sýnt í (9b) að einhver hlutur skoppar nokkrum sinnum áður en hann dettur niður í skólpræsið. Með því að nota sérhljóðaskipti er áhersla lögð á hvert og eitt skopp á meðan hluturinn nálgast gangstéttarkantinn þar sem saga hans endar. Einnig má líta á /a/ í *plask* sem hluti af hljóðskipunum /i/-/o/-/a/ í *ping-pong-plask* þó að samhljóðasamsetningin í þessu orði sé ekki eins.




*(a) hopp hopp hopp* *(b) ping pong*

Mynd 9. Samanburður á endurtekningu með og án sérhljóðaskiptis.

Að lokum er athyglisvert að skoða tvö dæmi úr tveimur ólíkum myndasögum sem voru gefnar út með 50 ára tímabili. Þau eru sýnd í mynd 10. Annað er tekið úr myndasögunni Stebba stælgæ eftir Birgi Bragason (1966) þar sem sýndir eru þrír menn sem eru skornir í tvennt í sama axarhögginu. Hitt er úr myndabókinni *Vetrarvígi* eftir Emblu Ýri Bárudóttur (2005) og í myndinni sjást tveir menn sem eru barðir í sama högginu.

Samsvarandi hljóðgervingar eru *snip-snap-snubbuq* og *kling-klang*. Sjá má að þó að samhljóðaumhverfið sé af ólíku tagi eru sömu hljóðskiptin /i/ - /a/ notað í báðum tilvikum í þeim tilgangi að leggja áherslu á hvert hljóð. Birgir Bragason bætir við /u/ í *snubbuq*. Þetta sýnir að hljóðskipti í endurteknum hljóðgervingum eru virkt fyrirbæri í íslensku sem er ekki sérstaklega höfundarbundið eða tengt ákveðnu tímabili í sögu teiknimyndasagna.

*(a) snip snap snubbuq*

*(b) kling klang*

Mynd 10. Notkun sömu sérhljóðaskipta til að leggja áherslu á eitt og hvert högg.

### 6.5. Myndhljóð og hljóðskipunarreglur

Eins og nefnt var áður er atkvæðagerð hljóðgervinga sérstök að því leyti að í allmörgum tilvikum koma fyrir langir og flóknir samhljóðaklasar bæði í stuðli og hala. Hér verður rætt um þau dæmi úr myndhljóðasafninu þar sem þessir samhljóðaklasar brjóta hljóðskipunarreglur, þ.e. reglur um hvernig hljóð raðast saman. Akita og Dingemanse (2019) telja þetta leyfi til að brjóta slíkar reglur eitt dæmi um séreinkenni myndhljóða. Í þessari umfjöllun verða ekki skoðuð þau dæmi með bókstöfum sem eru ekki úr íslenska stafrófinu eins og *z, c, w, q* í dæmum á borð við *ddzíííínn, schlúrp, shwip, snubbuq*. Samhljóðaklasinn *th* táknar óröddað önghljóð [θ] eins og í *thrútna* [θrutna].

Í sambandi við framstöðuklasa verður hér gengið út frá umræðu Kristjáns Árnasonar (2005:212-215). Samkvæmt honum geta lokhljóðin *t* og *k* myndað stuðla með *v* sem seinna hljóði en hins vegar getur lokhljóðið *p* það ekki. Samt sem áður má finna í myndhljóðasafninu formið *pvúmp* sem brýtur þessari reglu. Sömuleiðis getur ekkert lokhljóð myndað stuðul með óröddaða önghljóðinu *f* sem seinna hljóði en í safninu má finna framstöðuklasann *pf* í *pfíííííí*. Annað dæmi um óleyfilegan samhljóðaklasa í upphafi

orðs er *bð* í *bðö* þar sem raddaða önghljóðið [ð] kemur á milli lokhljóðsins *b* og sérhljóðs. Minna má að [ð] kemur aldrei fyrir í slíku umhverfi.

Varðandi hljómendur í framstöðu má nefna t.d. að óraddaða önghljóðið *þ* getur myndað stuðul með *v* sem seinna hljóði en *f* getur það ekki. Hins vegar hefur myndhljóðasafnið að geyma dæmi eins og *fvúmm, fvúmp*. Kristján Árnason bendir á að [v] hafi tilhneigingu til að standa nærri kjarnanum og að eina hljóð sem getur staðið á milli þess og sérhljóðsins sé [j]. Hins vegar má finna í myndhljóðasafninu nokkur dæmi þar sem [l] eða [r] stendur á milli [v] og sérhljóðs: *vlamm, vroom, vrrúússhh, vrúm*. Það sem er athyglisvert varðandi *vroom* (og aðlagaða formið *vrúm*) er að um er að ræða enskt orð þar sem *vr* brýtur líka hljóðskipunarreglurnar í ensku (Akita og Dingemanse, 2019). Einnig er að finna í safninu myndhljóðið *ssrranss* þar sem *sr* er einn af fáum óleyfilegum stuðlum með *s* sem fyrra hljóði í upphafi orðs. Annars getur *s* staðið á undan samhljóðum af ýmsu tagi og samkvæmt Kristjáni Árnasyni eru klasarnir sem byrja á *s* fjölbreytilegastir í íslensku.

Í sambandi við eins samhljóðs stuðla má nefna dæmi um myndhljóð sem byrja á *v* eins og *vuörarr, vúmm!, vúmp, vúsh, vúúff, vúúú* þar sem *vú-* og *vu-* má teljast til óvenjulegs upphafa orðs. Í *Íslenskri orðabók* má aðeins finna tökuorðin *vúdú* og *vúlkanísera*.

Í töflu 3 er sýnt yfirlit yfir þá framstöðuklasa sem koma fyrir í myndhljóðasafninu en eru óleyfilegir samkvæmt hljóðskipunarreglunum. Eins og má sjá virðist *v* hafa sérstaka tilhneigingu til að brjóta hljóðskipunarreglurnar því það kemur fyrir í óleyfilegum samhljóðaklösum eða óvenjulegum stöðum. Einnig má geta þess að dæmin eru eftir ólíka höfunda þannig að þessi notkun *v* virðist ekki vera höfundarbundin.

| | | | |
|---|---|---|---|
| ***bð-*** | *bðö* | ***sr-*** | *ssrranss* |
| ***fv-*** | *fvúmm, fvúmp* | ***vl-*** | *vlamm* |
| ***pf-*** | *pfíííííí* | ***vr-*** | *vroom, vrrúússhh, vrúmm, vrö* |
| ***pv-*** | *pvúmp* | ***vu-/vú-*** | *vuörarr, vúmm! vúmp, vúsh, vúúff, vúúú* |

Tafla 3. Yfirlit um óleyfilega stuðla sem er að finna í myndhljóðasafninu. Hér eru talin með þau orð sem byrja á *vu-/vú*.

Í tengslum við hala má finna í myndhljóðasafninu nokkur dæmi um óvenjulega samhljóðaklasa í bakstöðu eins og í *húmpf* og í orðum þar sem *h* stendur aftast t.d. *blegh, blögh* þar sem *h* hefur væntanlega ekki hljóðgildi eða *skríísh, svisjh, voossh* þar sem samhljóðaklasarnir *sh* og *sjh* tákna væntanlega hljóðið [ʃ] vegna áhrifa enskunnar (sjá umræðu um tökuorða og áhrif erlendra orða í næsta kafla).

Með tilliti til sérhljóða má nefna nokkur dæmi þar sem tvö sérhljóð koma fyrir saman þó að yfirleitt geri þau það ekki. Til dæmis stendur [œ] á undan eða á eftir [ʏ] í *hhöurð, vuörarr*. Í öðrum tilvikum stendur [ɔ] á undan [i] eins og í *spoing, sproing, ploínk.* Hin síðastnefndu dæmin sýna áhrif úr ensku þar sem endingarnir *-oing* og *-oink* eru algengar í enskum hljóðgervingum. Samkvæmt Oswalt (1994:305) er hins vegar álitamál hvort þessar endingar brjóti hljóðskipunarreglur í ensku því enskumælendur virðast hafa viðurkennt þessi form undanfarna áratugi.

### 6.6. Tökuorð

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim tökuorðum sem má finna í myndhljóðasafninu og sýna áhrif enskunnar á myndhljóð í íslenskum teiknimyndasögum. Sérstaklega verður skoðað að hve miklu leyti eru ensk orð aðlöguð íslensku.

Áður en sjónum verður beint að áhrifum enskra orða má nefna þrjú dæmi um dönsk orð sem myndhljóðasafnið hefur að geyma: *gisp, snøft* og *suk!* Þau eru ekki aðlöguð íslensku og öll þrjú birtast í sömu myndasögu eftir Þórarin Leifsson og tengjast sömu persónunni í sögunni. Hér er um að ræða einstök dæmi sem eru sérstaklega valin af rithöfundinum með þeim tilgangi að skapa skemmtilega og sérkennilega persónu. Fyrir utan þessi þrjú dæmi finnast ekki fleiri dönsk tökuorð í myndhljóðasafninu.

Öfugt við dönsk tökuorð er ensk orð víða að finna í íslenskum teiknimyndasögum. En hér má geta þess að áhrif enskunnar eru ekki aðeins gríðarlega mikil í íslenskum teiknimyndasögum heldur einnig í sögum á mörgum öðrum tungumálum. Samkvæmt Gasca og Gubern (2012) stafa þessi áhrif af því að langflestir hljóðgervingar í teiknimyndasögum eru yfirleitt ekki ritaðir innan talblaðra. Í stað þess fylgja þeir myndunum sjálfum, þ.e.a.s. teikningar og hljóðgervingar eru sameinuð í eina heild. Þetta kom í veg fyrir að hægt væri að eyða eða þýða hljóðgervingana þegar enskar teiknimyndasögur voru þýddar yfir á önnur tungumál fyrir nokkrum áratugum. Það sem venjulega var þýtt var textinn í talblöðrunum. Þar af leiðandi birtist í þýddum útgáfum á enskum myndasögum blanda af enskum hljóðgervingum og textum á öðru tungumáli. Þannig breiddust enskir hljóðgervingar út og þeir voru einnig notaðir í teiknimyndasögum eftir höfunda sem voru ekki enskumælendur.

Til að mynda skulum við skoða mynd 11 þar sem sýnt er dæmi úr Svínharði smásál eftir Kjartan Arnórsson (1982). Í henni er frásögnin á íslensku en teikningunni fylgir hljóðgervingurinn *vroom vroom* sem er lexíkaliserað enskt orð sem má finna í enskri

Oxford orðabók. Líta má á þetta dæmi sem dæmi um málvíxl (e. *code switching*) en málvíxl kallast það þegar skipt er á milli tungumála. Kristján Árnason (2009:80) bendir á að „þegar erlent orð er notað í íslensku tali eða texta, geti það á stundum flokkast undir einhvers konar málvíxl“. En í sömu greininni segir Kristján að þegar einhver aðlögun eigi sér stað þá verða orðin á sinn hátt „íslensk“. Í þessum kafla verður skoðað að hve miklu leyti má tala um málvíxl í íslenskum teiknimyndasögum varðandi notkun myndhljóða af enskum uppruna, þ.e. að hve miklu leyti ensk myndhljóð eru aðlöguð íslensku þannig að líta megi á þau sem „íslensk“ myndhljóð. Eitt vandamál í þessari greiningu stafar af því að um er að ræða orð sem eru ekki borin fram upphátt. Þau koma einungis fyrir í rituðu formi. Við vitum t.d. ekki hvort íslenskumælandi lesendur myndu bera fram *ziip* [zɪɪp] eða [sɪɪp] en notkun *z* sýnir að orðið hefur ekki verið aðlagað íslenska rithættinum. Greining sem kemur hér á eftir verður gerð miðað við íslenskar framburðarreglur.

Mynd 11. Dæmi um málvíxl úr Svínharði smásál eftir Kjartan Árnorson (1982) þar sem enska orðið *vroom* er notað ásamt íslenskum texta.

Í töflu 4 eru sýnd öll dæmi sem má finna í þeim íslensku teiknimyndasögum sem skoðaðar voru við þetta verkefni um myndhljóð sem tengjast að einhverju leyti enskum orðum. Í töflunni eru sýnd upprunalegu ensku orðin ásamt samsvarandi íslenskum dæmum þar sem einhver aðlögun eða breytingar eiga sér stað. Í sumum tilvikum koma engar breytingar fyrir. Minna má á að ensku orðin og þau samsvarandi íslensku eru notuð í sömu merkingunni.

| **enskt orð** | **myndhljóð í ísl. myndasögum** |
|---|---|
| *bang* | *bang, pang, pæng* |
| *blink* | *blink* |
| *blob* | *blobb, blopp, blub, blubb, blöbb* |
| *boom* | *búmm* |
| *bump* | *bump* |
| *chunk* | *tjúnk* |

| **enskt orð** | **myndhljóð í ísl. myndasögum** |
|---|---|
| *humph* | *húmpf* |
| *kaboom* | *kaboom, kabúmm* |
| *kiss* | *kiss* |
| *oink* | *oink* |
| *org* | *org* |
| *pow* | *pá* |

| | |
|---|---|
| *clack* | *klak* |
| *clang* | *klang, klank* |
| *click* | *klik, klikk, kligg, kliks* |
| *clomp* | *klomp* |
| *clonk* | *klonk, glong, glonk* |
| *clunk* | *klúnk* |
| *conk* | *konk* |
| *crack* | *krak, krakk, graak* |
| *crank* | *krank* |
| *crash* | *krass* |
| *croak* | *kroakk* |
| *cuff* | *kúff* |
| *ding* | *ding* |
| *dong* | *dong, donk, tong* |
| *ding dong* | *ding dong* |
| *glug* | *glug, glúg, glugg, glúgg* |

| | |
|---|---|
| *pump* | *pump* |
| *ring* | *ring, ring, hring* |
| *smack* | *smakk* |
| *splash* | *splass (sploss)* |
| *swipe* | *svipp, shwip* |
| *swish* | *svish (svúsh), svisjh, shiss, svffss* |
| *slump* | *slump* |
| *slurp* | *schlurp* |
| *staff* | *staff* |
| *thump* | *túmp, tvúmp* |
| *tick tack* | *tik tak* |
| *tick tock* | *tikk tokk* |
| *ugh* | *ugh* |
| *vroom* | *vroom, vrúm!, broom, brmmm brumm, frúmmm!* |
| *zip* | *zip* |
| | |

Tafla 4. Dæmi um myndhljóð sem tengjast enskum orðum. Í dálkunum til vinstri eru sýnd upprunaleg ensk orð. Í dálkunum til hægri má sjá þau íslensk dæmi þar sem einhver aðlögun á sér stað (eða ekki).

Eins og má sjá í töflu 4 er reyndar fá dæmi að finna þar sem enskt myndhljóð og samsvarandi íslenskt myndhljóð eru rituð á sama hátt. Þau dæmi eru sýnt í (8).

(8) *bang, blink, ding dong, glug, kiss, oink, org, snip, pump, ring, slump, staff, ugh, vroom, zip*

Í flestum tilvikum er að finna einhverja aðlögun að íslenskum rithætti (*clack* → *klak*) eða að íslenskum hljóðskipunarreglum (*vroom* → *frúmmm!*) þó að stundum sé þetta aðeins að hluta til. Þetta sýnir að málvíxl í ströngum skilningi koma ekki eins oft fyrir og búast mætti við miðað við fjölda myndhljóða sem tengjast enskum orðum. Alltaf á sér stað einhver tilraun til að láta myndhljóð hafa eitthvert íslenskt yfirbragð. Sum þeirra hafa afbrigði eins og t.d. *glug* sem kemur fyrir sem *glúg*, *glúgg* eða *glugg*. Þetta sýnir talsvert ósamræmi varðandi það hvernig ensk myndhljóð lagast að íslenskunni í teiknimyndasögum. Ósamræmið er margs konar vegna misjafna aðlögunaraðferða og fyrir því verður gerð nánari grein í eftirfarandi undirkafla.

### *6.6.1. Aðlögun enskra orða*

Aðlögun erlendra orða að íslensku hefur verið lengi umræðuefni ýmissa málfræðinga. Baldur Jónsson (2002:222) minnist til dæmis á fimm formlegar aðlögunarkröfur í íslensku:

1. Áhersla skal hvíla á fyrsta atkvæði.
2. Tökuorð skal lúta íslenskum hljóðkerfisreglum.
3. Tökuorð skal lúta íslenskum hljóðskipunarreglum.
4. Tökuorð skal falla inn í einhvern beygingarflokk sem fyrir er og hlíta beygingarreglum hans og öðrum sérreglum flokksins.
5. Tökuorð skal stafsetja með stöfum íslenska stafrófsins á þann veg að reglubundin vensl séu milli ritháttar og framburðar.

Kröfur 2, 3 og 5 eru þær kröfur sem skipta mestu máli við þetta verkefni. Krafa 1 kemur ekki til greina því öll dæmi í töflu 4 eru einkvæð orð og þau koma aðeins í rituðu máli. Krafa 4 á ekki við þessa greiningu vegna þess að myndhljóð eru setningafræðilega sjálfstæðar einingar sem birtast án samhengis og þar af leiðandi er ekki hægt að athuga hvort þau hlíti beygingarreglum.

Einnig benda má á eftirfarandi minnisatriði um aðlögun tökuorða sem er að finna á vefsíðu Málfarsbanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (http://malfar.arnastofnun.is/grein/65493):

- Það þarf að sjá til þess að ekki séu hljóð eða hljóðasambönd í orðinu sem ekki eiga sér fyrirmyndir í eldri íslenskum orðum (t.d. danskt *y*, enskt *w*, *sh* o.s.frv.).
- Varðandi ritháttinn verður að taka afstöðu t.d. til þess hvort ritað er *i* eða *í*, *u* eða *ú*, *o* eða *ó* o.s.frv. Best er að halda sig við stafi úr íslenska stafrófinu.

Auk áðurnefndra reglna verður hér vísað til greinar Kristjáns Árnasonar (2009) og greinar Ástu Svavarsdóttur (2007; *apud* Kristján Árnason, 2009) sem varða tökuorð en leggja sérstaka áherslu á aðlögun enskra orða að íslensku.

#### *6.6.1.1. Aðlögun lokhljóða*

Til að byrja með bendir Kristján Árnason (2009) á að þegar búið er að laga eitthvert orð að íslenska rithættinum er stundum ekkert hljóð í sínu upphaflega formi. Hann nefnir t.d. ensku orðin *bridge* [brɪ.dʒ] og *jazz* [dʒæ.z] sem á íslensku eru lexíkaliseruð sem *bridds*

[prɪt(.)s] og *djass* [tjas(:)]. Slík dæmi koma víða fyrir í myndhljóðum sem safnað var við þetta verkefni. Aðlögun veldur oft því að orðið hljómar ekki nákvæmlega eins og samsvarandi enskt orð. Stundum útskýrist þetta þannig að upprunalegu hljóðin í enska orðinu eru ekki fyrir hendi í íslenska hljóðkerfinu eða að íslenskar hljóðkerfisreglur koma við sögu.

Sjáum til dæmis aðlögun bókstafsins *c* í orðum eins og *crack* [kræk]. Í töflu 4 eru sýndir þrír möguleikar: *krak* [k$^{h}$rak], *krakk* [k$^{h}$rahk], *grak* [krak]. Hins vegar er *k* fráblásið í íslensku í framstöðu og tvíritað *k* er aðblásið í bakstöðu en hvorki fráblástur né aðblástur kemur fyrir í enska orðinu. Þar af leiðandi er *grak* eina afurðin sem skilur nákvæmlega upprunalegu hljóðin. Til samanburðar er í (9) samantekt á öllum dæmum í myndhljóðasafninu þar sem *c* er að einhverju leyti aðlagað íslenska rithættinum.

(9) *clack* [klæk] → *klak* [k$^{h}$lak]
*clang* [klæŋ] → *klank* [k$^{h}$lauŋ̊k], *klang* [k$^{h}$lauŋk]
*click* [klɪk] → *klik* [k$^{h}$lɪk], *klikk* [k$^{h}$lɪhk], *kligg* [k$^{h}$lɪk], *kliks* [k$^{h}$lɪχs]
*clomp* [klɒmp] → *klomp* [k$^{h}$lɔm̥p]
*clonk* [klɒŋk] → *klonk* [k$^{h}$lɔŋ̊k], *glong* [klɔŋk], *glonk* [klɔŋ̊k]
*clunk* [klʌŋk] → *klúnk* [k$^{h}$luŋ̊k]
*conk* [kɒŋk] → *konk* [k$^{h}$ɔŋ̊k]
*crack* [kræk] → *krak* [k$^{h}$rak], *krakk* [k$^{h}$rahk], *grak* [krak]
*crank* [kræŋk] → *krank* [k$^{h}$rauŋ̊k]
*crash* [kræʃ] → *krass* [k$^{h}$rass:]
*croak* [krəʊk] → *kroakk* [k$^{h}$rɔahk]
*cuff* [kʌf] → *kúff* [k$^{h}$uf]
*smack* [smæk] → *smakk* [stmahk]
*tick tack* [tɪk tæk] → *tik tak* [t$^{h}$ɪ:k t$^{h}$a:k]
*tick tock* [tɪk tɒk] → *tikk tokk* [t$^{h}$ɪhk t$^{h}$ɔhk]

Eins og má sjá í (9) er sterk tilhneiging að túlka enskt *c* sem *k* en ekki sem *g* þó að val *k* hafi áhrif á framburðinn vegna íslenskra hljóðkerfisreglna og afurðin sé frábrugðnari upprunalegum enskum hljóðum en ef *g* hefði verið valið.

Einnig má benda á að í íslensku eru nefhljóð óröddud á undan /k/. Þar af leiðir að þegar *k* er notað í bakstöðuklasanum *-nk* í staðinn fyrir *g* verður nefhljóðið [ŋ] óraddað. Til að forðast fráblástur, aðblástur og óröddun nefhljóða væri þá hentugra að nota stafinn *g*. Í (9) er sýnt t.d. að *glong* [klɔŋk] er líkara ensku orði *clonk* [klɒŋk] en *klonk* [k$^{h}$lɔŋ̊k] og

*kligg* [kʰlɪk] hljómar meira eins og *click* [klɪk] en *klikk* [kʰlɪhk]. Þessi dæmi sýna að reynt er að fullnægja þeirri kröfu að halda sig við stafi úr íslenska stafrófinu en af tilvikum með *g* að dæma eru sumir rithöfundar meðvitaðir um áhrif íslenskra hljóðkerfisreglna. Með öðrum orðum er reynt að „smita“ tökuorðin með íslensku þannig að hér er ekki um málvíxl að ræða.

Þessi dæmi um val *k* í stað fyrir *g* vekja einnig spurningu um að hve miklu leyti aðlögun myndhljóða á að vera nákvæm hvað varðar það að skila öllum hljóðum í sínu upprunalega formi. Eins og nefnt hefur verið áður í eru myndhljóð sérstök orð að mörgu leyti. Fráblástur og aðblástur sem fylgja notkun *k* geta e.t.v. verið notuð af ráðnum hug sem yfirsneiðþættir sem styrkja líkingu við högg, skelli og smelli sem venjulega eru táknuð með lokhljóðum.

*6.6.1.2 Aðlögun önghljóða*

Skoðum núna aðlögun ensks hljóðs [ʃ] sem er ekki að finna í íslenska hljóðkerfinu. Ásta Svavarsdóttir (2007) segir að það sé ýmist túlkað sem [sj] eða [s:] eftir því hvar það stendur í orðinu. Eins og má sjá í töflu 4 verður /sh/ að /ss/ í bakstöðu eins og í *crash* [kræʃ] → *krass* [kʰrass] og *splash* [splæʃ] → *splass* [stplass]. Hins vegar má sjá að *j* er skotið inn á milli *s* og *h* í *swish* [swɪʃ] → *svisjh* [svɪʃ]/[svɪsj] sem brýtur hljóðskipunarreglunum. Hér væri æskilegra að aðlaga orðið sem *sviss* [svɪss]. Enskt [tʃ] verður að íslensku [tj] í framstöðu eins og í *chunk* [tʃʌŋk] → *tjúnk* [tʰjuŋ̊k] en verður að [ts] í bakstöðu eins og í *scratch* [skrætʃ] → *skrats* [skrats]. Má minnast á að grein Ástu varðar hvernig ensk orð eru aðlöguð íslensku í talmáli en þau myndhljóð sem hér eru skoðuð koma hins vegar fyrir aðeins í ritmáli.

Í grein Ástu kemur einnig fram að enskt kringt tvívaramælt [w] breytist í [v]. Í töflu 4 má sjá nokkur dæmi þar sem *w* stendur í stuðli sem seinna hljóð. Til dæmis verður /tw/ í *twang* [twæŋ] að /tv/ í *tvang* [tvaŋk] og /sw/ í *swish* [swɪʃ] er aðlagað í /sv/ í *svish* [svɪʃ]/[svɪs] og áðurnefndu *svisjh* [svɪʃ]/[svɪsj] en líka í afbrigðinu *svúsh* [svuʃ]/[svus]. /sw/ í *swipe* [swaɪp] verður einnig að /sv/ í *svipp* [svɪhp] en hins vegar má finna eitt dæmi þar sem *swipe* er túlkað í íslensku sem *shwip* sem væntanlega er borið fram [ʃwɪp]. Í síðastnefnda dæminu er [w] óaðlagað og *s* breytist í [ʃ] sem er ekki íslenskt hljóð. Þetta sýnir að hve miklu leyti myndhljóð geta líka brotið meginreglur og tilhneigingar um aðlögun tökuorða. Í öðrum tilvikum kemur aðlögun fyrir aðeins að hluta til eins og í *swish* → *svish* þar sem [w] er aðlagað en [ʃ] í bakstöðu er aftur á móti óbreytt.

Aðlögun enska orðsins *vroom* [vru:m] er athyglisverð. Eins og sagt var áður er framstöðuklasinn *vr-* óleyfilegur bæði í ensku og íslensku. Þó að myndhljóðasafnið hafi að geyma dæmi þar sem *vroom* er ekki aðlagað má finna önnur dæmi þar sem klasinn *vr-* er aðlagaður íslenskum hljóðskipunarreglum. Til dæmis verður tannvaramælt raddað önghljóð [v] að samsvarandi óröddduðu hljóði [f] í *frúmmm* eða að tvívaramæltu lokhljóði [p] eins og í *brumm* og *broom*. Um aðlögun (eða óaðlögun) sérhljóðs [u] verður rætt í næsta undirkafla.

Að lokum skulum við athuga aðlögun á ensku klösunum *ph* og *th*. *ph* í ensku er borið fram [f] eins og í *humph* [hʌmf] sem er lexíkaliserað orð og birtist í enskri Oxford orðabók. Í myndhljóðasafninu má finna aðlagaða formið *húmpf* þar sem *f* kemur í stað fyrir *h* en ekki í stað fyrir klasann *ph*. Íslenskt *húmpf* er væntanlega borið fram [humf] þar sem *p* í samhljóðaklasanum *mpf* er hugsanlega ekki borið fram. Klasinn *th* í enska orðinu *thump* [θʌmp] táknar tannmælt óraddað önghljóð [θ] sem í íslensku er ritað *þ*. Hins vegar má finna dæmi í safninu þar sem hljóðið [θ] breytist í önnur hljóð eins og tannbergsmælt lokhljóð [t] í *túmp* o samhljóðaklassa [tv] í *tvúmp*. Hér má einnig geta þess að annaðhvort *tv* eða *þ* koma líka fyrir í *tvúnk* og *þúnnnk* sem eru hugsanlega tvö aðlöguð afbrigði af orðinu *thump* því bæði *tvúnk* og *þúnnnk* eru notuð í sömu merkingu, s.s. að hamra eða falla þunglega. Í þeim kemur bakstöðuklasinn *-nk* í stað fyrir *-mp*. Má minna á að *thunk* er ekki enskt orð.

#### *6.6.1.3. Aðlögun sérhljóða*

Við nánari skoðun á aðlögunaðferðum sérhljóða í íslenskum myndhljóðum kemur í ljós að þær geta verið frábrugðnar þeim sem tíðkast í töluðu máli. Hér ber hafa í hug mynd 2 þar sem voru sýnd algengustu sérhljóð í kjarna atkvæða í þeim myndhljóðum sem herma eftir hljóðum frá líflausum hlutum. Í stuttu máli er sterk tilhneiging til að hafa [i], [u], [a] og [ɔ] í kjarna frekar en [ɛ], [œ], [ɪ] og [ʏ].

Byrjum við að skoða aðlögun á ensku [ʌ] sem í talmáli er reglulega komið til skila sem [œ] (Ásta Svavarsdóttir, 2007) og þ.a.l. táknað með *ö* í rituðu máli. Mörg íslensk orð þar sem þessi aðlögun kemur fyrir eru lexíkaliseruð og finnast í *Íslenskri orðabók* eins og *pöbb* (af *pub* [pʌb]) eða *bömmer* (af *bummer* [bʌmmə$^{r}$]). Athygli vekur hins vegar að ekkert dæmi um slík aðlögun er að finna í myndhljóðasafninu. Í öllum dæmum þar sem

[ʌ] kemur fyrir í ensku orði skilar þetta sérhljóð sér sem [u] en ekki sem [œ] þó að síðarnefnda hljóðið sé nær upprunalegu ensku hljóði. Þau dæmi eru sýnd í (10).

(10) *bump* [bʌmp] → *búmp* [bum̥p]
*clunk* [klʌŋk] → *klúnk* [k$^{h}$luŋ̊k]
*humph* [hʌmf] → *húmpf* [humf]?
*slump* [slʌmp] → *slump* [stlʏm̥p]
*thump* [θʌmp] → *túmp* [t$^{h}$um̥p], *tvúmp* [t$^{h}$vum̥p]
*chunk* [tʃʌŋk] → *tjúnk* [t$^{h}$juŋ̊k]
*cuff* [kʌf] → *kúff* [k$^{h}$uf]
*pump* [pʌmp] → *pump* [p$^{h}$ʏm̥p]

Eins og má sjá er ekkert dæmi að finna á borð við *bömp* eða *tjönk* þó að þau orð væru hugsanlegar afurðir ef um talmál væri að ræða. Þetta sýnir að myndhljóð virðast hafa sínar eigin kröfur hvað varðar tilteknar aðlögunaraðferðir. Notkun uppmælts nálægs sérhljóðs [u] í kjarnanum virðist hafa forgang fram yfir notkun miðmælts miðlægs [œ] sem hefur svipaðan myndunarhátt og [ʌ], þ.e.a.s. það skiptir meira máli að hafa dæmigert sérhljóð fyrir kjarna myndhljóða heldur en sérhljóð sem hermir betur eftir upprunalega enska hljóðinu. Tengist líklega sömu ástæðu og nefnd var áður fyrir að nota *k* í stað fyrir *g* varðandi aðlögun ensks *c*.

Í (10) er sýnt annað athugavert atriði í sambandi við notkun sérhljóðsins [u]. Eins og má sjá eru *tjúnk* og *klúnk* rituð með *ú* þó að samkvæmt íslenskum hljóðkerfisreglum væri óþarfi að skrifa *ú* í stað fyrir *u* í þessum tilvikum vegna þess að *u* er borið fram [u] á undan gómmæltu nefhljóði. Þar af leiðandi eru *tjunk*, *klunk*, *tjúnk* og *klúnk* borin fram [t$^{h}$juŋ̊k] og [k$^{h}$luŋ̊k] en stafsetning *tjúnk* og *klúnk* fylgir ekki íslenska rithættinum. Samt má benda á að þótt tvíhljóðunarreglan gildi í málinu er hún kannski ekki sérlega virk í nýjum orðum. Þessa sérkennilegu notkun *ú* má e.t.v. skýra þannig að höfundurinn vilji leggja áherslu á að *u* í þessum orðum er borið fram [u] en ekki [ʏ] vegna þess að hljóðið [ʏ] virðist ekki vera dæmigert fyrir íslenska hljóðgervinga (sjá mynd 2). Kannski vill höfundurinn láta orðið hafa eitthvert íslenskt bragð eða sýna að það hefur verið íslenskað að nokkru leyti. Annað dæmi um þetta fyrirbæri má finna í orðinu *ríng*. Í íslensku er ritað *i* borið fram [i] en ekki [ɪ] á undan gómmæltu nefhljóði og þess vegna væri hér óþarfi að rita *í* í stað fyrir *i* því bæði *ring* og *ríng* hljóma [riŋk]. En enska orðið *ring* [rɪŋ] er vel þekkt og með því að nota stafsetninguna *ríng* er verið að sýna að hér er um að ræða aðlagað orð en ekki enska orðið sjálft. Önnur lausn væri að nota íslenska orðið *hring* [r̥iŋk] sem einnig má finna í myndhljóðasafninu.

Varðandi notkun u og ú er einnig áhugavert að skoða aðlögun enska orðsins *glug* [glug] þar sem *u* er borið fram [u]. Í myndhljóðasafninu má finna nokkurt ósamræmi hvað varðar

íslensku útgáfurnar af þessu orði. Í töflu 4 er sýnt að bæði [u] og [ʏ] geta komið fyrir: *glug/glugg* [klʏχ]/[klʏk] eða *glúg/glúgg* [kluχ]/[kluk]. Þetta ósamræmi sést einnig í aðlögun áðurnefnda enska orðsins *vroom* [vru:m] þar sem tvíritað *o* er borið fram [u:]. Í myndhljóðasafninu er að finna orðin *vrúmm* [vrum:], *brumm* [brʏm:] og *broom* sem væntanlega er borið fram [bru:m] vegna áhrifa enskunnar. Ensku orðin *boom* [bu:m] og *kaboom* [kabu:m] eru hins vegar aðlöguð að íslenska rithættinum með *ú*: *búmm*, *kabúmm*. En hins vegar má einnig finna *kaboom* í óaðlöguðu formi.

Í myndhljóðasafninu er ekki að finna mörg dæmi um aðlögun tvíhljóða. Eina dæmið sem má nefna er enska tvíhljóðið [aʊ] í orðinu *pow* [paʊ] sem líkir eftir skothvelli. Það verður að íslenska tvíhljóðinu [au] í *pá* [p$^{h}$au:].

### *6.6.2. Meira um áhrif enskra orða*

Hér verður rætt um nokkur dæmi úr safninu sem teljast ekki beinlínis aðlöguð orð heldur orð sem sýna einhver áhrif frá enskum hljóðgervingum.

Eins og sagt var í kafla 6.1 virðist vera tilhneiging til að tvírita lokhljóð í bakstöðu í íslenskum útgáfum af enskum orðum. Skoðum til dæmis enska orðið *splat* [splæt]. Um er að ræða lexíkaliserað orð sem má finna í enskri Oxford orðabók. Af hljóðsamsetningunni að dæma væri ekki nauðsynlegt að aðlaga það að íslensku vegna þess að það fullnægir öllum kröfum um aðlögun tökuorða. Í myndhljóðasafninu má hins vegar finna afbrigðið *splatt* [splaht] þar sem aðblástur kemur fyrir vegna tvíritunar *t*. Eins og sagt var áður má e.t.v. skýra þetta þannig að höfundurinn vilji hafa aðblástur til áherslu eða kannski að tvíritun lokhljóðs í bakstöðu sé merki þess að orðið hefur verið íslenskað að nokkru leyti. Einnig má finna dæmi þar sem lokhljóð *b* er tvíritað í bakstöðu en það veldur ekki aðblæstri eins og í *scrub* [skrʌb] → *skrubb* [skrʏp]. Í (11) eru sýnd þau dæmi úr myndhljóðsafninu þar sem slík tvíritun lokhljóða kemur fyrir.

(11) *blob* [blɒb] → *blobb*, [plɔp] *blopp* [plɔhp], *blubb* [plʏp], *blöbb* [plœp]
*flop* [flɒp] → *flopp* [flɔhp]
*scrub* [skrʌb] → *skrubb* [skrʏp], *skrubbs* [skrʏps]
*slub* [skrʌb] → *slubb* [stlʏp], *slubbs* [stlʏps]
*snap* [snʌp] → *snapp* [stnahp]
*splat* [splæt] → *splatt* [splaht]
*tap* [tæp] → *tapp* [t$^{h}$ahp]

Einnig má finna dæmi um útgáfur af enskum orðum þar sem einhverju hljóði er bætt við eins og þegar *s* er bætt við í bakstöðu í *slubbs* eða *skrubbs*. Í öðrum tilvikum eiga sér stað breytingar í hljóðsamsetningunni sem hugsanlega hafa ekkert með aðlögun að gera heldur sýna vilja höfundar til að leika sér með ensku orðin á skapandi hátt í þeim tilgangi að leggja áherslu á þau hljóð sem hann hefur áhuga á í hverju tilviki. Í (12) eru sýnd dæmi um myndhljóð sem hafa svipaða atkvæðagerð og samsvarandi ensk orð eða þar sem einhverju hljóði er breytt eða bætt við. Bæði orð eru notuð í sömu merkingu.

(12) *boom* [bu:m] → *fvúmm* [fvum] *bump* [bʌmp] → *fvúmp* [fvum̥p]
*flap* [flæp] → *flaps* [flaps] *click* [klɪk] → *kliks* [kʰlɪχs]
*plash* [plæʃ] → *plask* [pʰlask] *poof* [pʊ̞f] → *paf* [pʰaf], *pof* [pʰɔf]
*scrub* [skrʌb] → *skrubbs* [skrʏps] *slub* [slʌb] → *slubbs* [stlʏps]
*slurp* [slʌrp] → *schlurp* [ʃlʏrtp]

Að lokum má nefna áhrif samhljóðaklasans *vr* á íslensk myndhljóð. Eins og sagt var áður kemur þessi klasi fyrir í enska orðinu *vroom* sem er lexíkaliserað þó að *vr* brjóti enskar hljóðskipunarreglur. *vr* er einnig óleyfilegur samhljóðaklasi í íslensku en hann virðist oft vera notaður í framstöðu til að tákna vélahljóð. Sem dæmi má nefna villta formið *vrrmm* svo sem *vrr* sem líkir eftir saumavél eða *vrrúusshh!* sem líkir eftir flugvél. Áhrif þessa samhljóðaklasa geta e.t.v. útskýrt notkun *v* í framstöðu í orðum á borð við *vúmm!*, *vúmp!*, *vúsh!* eða *vúuff* þó að *vú-* sé ekki leyfilegt upphaf íslensks orðs.

### 6.7. Notkun z, c, w og q

Eins og nefnt var áður benda ýmsir málfræðingar á að best sé að halda sig alltaf við stafi úr íslenska stafrófinu. Hins vegar koma bókstafirnir *z, c, w* og *q* fyrir í tilteknum mynhljóðum sem safnað var fyrir þetta verkefni. Í (13) er að finna lista af öllum dæmum um myndhljóð þar sem einn eða fleiri þessara bókstafa koma fyrir.

(13) *bziigg, bzzt, bzzzz, clak!, click!, dziiigg, dziinkk, dzíííííínn!!, fushc!, grmhz!!, kazak-búmm!, klinc, psssch!, schlúrp!, shwip, slorch, snubbuq!, tzhuckh, tzzzzz, viiizz, vzz, wúúú!, zzz*

Áðurnefndir bókstafir virðast vera notaðir í eftirfarandi tilvikum:

- Óaðlagaðir stafir sem koma fyrir í upprunalega enska orðinu eins og í *clak* (af *clack*) eða *klinc* (af *clink*). Í þessum dæmum má sjá að aðlagað *k* og óaðlagað *c* koma fyrir í sama orðinu. Þetta bendir hugsanlega á vísvitandi notkun á *c*.

- Stafir sem tákna hljóð sem eru ekki fyrir hendi í íslenska hljóðkerfinu eins og raddað tangbergsmælt önghljóð [z] í *dzíííííínn* sem væntanlega er borið fram [tziiiiin] eða óraddað tannbergs-framgómmælt hálfönghljóð [tʃ] í *slorch* sem væntanlega er borið fram [stlɔrtʃ].
- Stafir notaðir í þeim tilgangi að hafa áhrif á lesandann með því að ýkja það hjóð sem hermt er eftir. Þetta er til að mynda sýnt í mynd 12 dæmi úr Flauga-spaugi eftir Emil H. Valgeirsson (1981). Í (12a) líkir *tsuk* eftir hljóðinu frá brauðrist þegar brauðsneið hoppar. Í (12b) er sýnt að þegar um er að ræða risabrauðrist og flugeld í staðinn fyrir brauðsneið (12b) þá er valið að bæta við framandi stöfum eins og *z* og *c* ásamt tveimur *h* á óvenjulegum stöðum. Með því er hljóðið ýkt án þess að hafa sérstök áhrif á framburðinn.

*(a) tsuk*




*(b) tzhuckh*

Mynd 12. Dæmi um notkun z, c, h

### 6.8. Samantekt

Í þessum kafla hefur verið sýnt að langflest myndhljóð í myndhljóðasafninu eru einkvæð orð með flókinni atkvæðagerð sem brýtur oftast gegn hömlunum þremur sem samkvæmt bestunarkenningunni krefjast þess að öll form séu einföld, auðveld eða ómörkuð. Í kjarna myndhljóða sem líkja eftir hljóðum frá líflausum hlutum er oftast að finna sérhljóðin [i], [u], [a] og [ɔ].

Í myndhljóðum er leyfilegt að lengja sér- og samhljóð á óvenjulegan hátt án þess að líta sérstaklega á venjulegu lengdarregluna. Slík lenging tengist ekki tímalengd heldur áherslu sem lögð er á tiltekið hljóð. Hún er notuð til að tákna í rituðu formi yfirsneiðarþátt og gefa í ljós m.a. líkamlega stöðu eða sálarástand einstaklingsins sem gefur frá sér hljóð.

Í myndhljóðasafninu má finna dæmi um endurtekin myndhljóð. Í sumum tilvikum fylgja endurtekningunni hljóðskipti þar sem sérhljóð með ólíkum einkennum eins og frammælt og uppmælt sérhljóð eða nálæg og fjarlæg sérhljóð skiptast á. Hér er ekki um að ræða málfræðilega endurtekningu heldur endurtekningu með tilfinningagildi.

Í mörgum tilvikum hafa myndhljóð samhljóðaklasa sem brjóta hljóðskipunarreglum í íslensku. Þetta tengist oft áhrifum ensku. Í sumum tilvikum eru ensk orð ekki aðlöguð að íslenskum rithætti og þá er um að ræða dæmi um málvíxl milli ensku og íslensku. Flest ensk myndhljóð eru samt aðlöguð að íslensku að einhverju leyti en aðlögunarferðir brjóta oft meginreglunum og tilhneigingum um aðlögun tökuorða.

# 7. Orðhlutafræðileg atriði

Fram að þessu höfum við gert grein fyrir þeim hljóð- og hljóðkerfisfræðilegu atriðum sem koma fyrir í myndhljóðasafninu. Nú skulum við snúa okkur að öðru efni og skoða nokkur atriði sem tengjast orðhlutafræði. Í fyrsta lagi verður rætt um flokkun myndhljóða í orðflokka og því næst verður fjallað um orðmyndunaraðferðir í sambandi við myndhljóð sem safnað var fyrir þetta verkefni.

## 7.1. Orðflokkar

Eins og sagt var í kafla 6.1.2. bendir Rhodes (1994) á að myndhljóðum má raða á skala með tveimur endum og nokkrum millistigum. Á öðrum endanum má finna villt form og á hinum endanum tamin form eða „raunveruleg orð“. Hér getur verið álitamál hvað það þýðir að vera „raunverulegt orð“ því ýmsir málfræðingar halda því fram að nokkur þessara dæma sem má finna í myndhljóðasafninu séu ekki einu sinni orð (sjá t.d. skoðun Poyatos í kafla 2.2). Aðrir segja hins vegar að þau séu raunveruleg orð en þá er umdeilt í hvaða orðflokki þau ættu að vera eða hvort þau myndi sérstakan orðflokk. En eins og nefnt var áður væri það viðfangsefni annarrar rannsóknar.

Í þessum kafla verða skoðuð þau orð sem eru lexíkaliseruð að meira eða minna leyti hvort sem um er að ræða orð með íslenskum rótum eða af erlendum uppruna. Þeim orðum verður skipt í orðflokka en í sumum tilvikum leikur hins vegar vafi á því hvaða flokki ákveðið orð tilheyrir vegna þess að öll þessi orð sem fylgja myndunum í teiknimyndasögum eru setningarlega sjálfstæð, þ.e.a.s. um er að ræða stök orð eða stofn orða sem standa ekki í neinni setningu. Minna má á að samkvæmt Akita og Dingemanse (2019) er þetta setningafræðilega sjálfstæði annað dæmi um mörkun myndhljóða. Þar af leiðandi er oft erfitt að skilgreina hlutverk þeirra því það er ekki hægt að sjá hvernig þau haga sér í samhengi með öðrum orðum. Sem dæmi má nefna *skell* sem getur verið stofn nafnorðsins *skellur* eða sagnorðsins *skella*. Í sumum tilvikum má draga ályktun um hvaða orðflokki tiltekin dæmi tilheyra út frá lesmerkingunni. Það er enginn vafi að *kýl* er stofn sagnorðs *kýla* og að það samsvarar ekki neinum stofn nafnorðs. Í eftirfarandi undirköflum verður rætt um myndhljóð sem má flokka sem sagnorð, nafnorð og upphrópanir.

*7.1.1. Sagnir og nafnorð*

Við nánari skoðun á sögnum sem myndhljóðasafnið hefur að geyma kemur í ljós eitt merkilegt atriði sem einnig má sjá í öðrum tungumálum. Byrjum á að athuga eitt dæmi úr þýsku myndasögunni *Das Kondom des Grauens* eftir Ralf König (1996). Í mynd 13 sést teikning af munni ásamt orðinu *Fauch!!!* sem er stofn af sögninni *fauchen* sem þýðir að hvæsa. *Fauch* er hvorki flettiorð í þýskri orðabók né samsvarar stofn nafnorðs. Hér er um að ræða notkun stofns sagnar sem hljóðgervings þó að erfitt sé að segja að hve miklu leyti *fauch* líkir eftir hvæsi.

Mynd 13. Notkunardæmi um þýskan hljóðgerving *fauch!!!* í Das Kondom des Grauens eftir Ralf König.

Þetta sérkennilega form er kallað *Erikativ* til heiðurs Eriku Fuchs þýðanda sem á sjötta áratugnum þýddi teiknimyndasögur um Mikka Mús og aðrar Disney-sögur yfir á þýsku. Erika Fuchs notaði stofna þýskra sagna til að þýða ensk orð sem lýstu verknuðum sem gáfu frá sér hljóð. Sum þessara ensku orða voru sagnir án nafnháttarmerkisins *to*. Í mynd 14 er t.d. sýnt að þýðing á enska orðinu *roar* yfir á þýsku er *grummel* sem er stofn sagnarinnar *grummeln*. En Erika Fuchs notaði einnig stofna sagna til að þýða enska hljóðgervinga í strangari merkingu orðsins eins og *ka-pow* → *zisch!* þar sem *zischen* þýðir að hvissa. Með öðrum orðum þýddi hún orð eða villt form með sterkum tengslum milli hljóða og merkingar með því að nota þýsk orð þar sem lesmerking (e. *lexical meaning*) skiptir meira máli en hljóðsamsetning.




Mynd 14. Dæmi um þýðingu á ensku orðinu *roar* yfir á þýsku eftir Eriku Fuchs. Dæmi er tekið úr Babel (2020).

Litið var á hugtakið *Erikativ* sem eins konar hátt og þess vegna verður hér notað orðið *erikuháttur* til að vísa til þessa fyrirbæris á íslensku. Erikuháttur vísar til sjálfstæðra óbeygjanlegra orða sem samsvara stofnum sagna og hafa ekki setningafræðilegt hlutverk. Ýmsir málvísindamenn hafa rannsakað hann innan ramma málnotkunarfræðinnar, þýðingarfræðinnar og málfræðinnar (Lindsay, 2009; Delespaul, 2015). Teuber (1998) kallar hann á ensku *inflective*. Með tímanum varð erikuháttur ekki aðeins vinsæll meðal höfunda teiknimyndasagna í Þýskalandi heldur einnig í öðrum löndum m.a. Íslandi eins og sýnt verður hér á eftir. Áhrif erikuháttar urðu svo mikil að notkun hans fór síðar út fyrir teiknimyndasögur og breiddist út í spjallrásum á netinu og samfélagsmiðlum þar sem sagnir í erikuhætti eru skrifaðar innan stjarna, til dæmis **gähn** þar sem sögn *gähnen* þýðir að geispa (Lindsay, 2009). Í greininni sinni gerir Lindsay samantekt á umræðu um eðli erikuháttar og segir m.a. að Hendschel og Weydt (1994) telji hann til upphrópunar en samkvæmt öðrum eins og Teuber (1998) samsvara dæmi um erikuhátt raunverulegum sögnum. Einnig má geta þess að þetta fyrirbæri finnst ekki í rómönskum málum heldur aðeins í germönskum málum.

Áður en við skoðum þau dæmi um erikuhátt sem má finna í myndhljóðasafninu er fróðlegt að skoða til samanburðar fleiri dæmi um erikuhátt í þýsku. Í töflu 5 eru sýnd dæmi úr þýðingum Eriku Fuchs á teiknimyndasögum um Andrés Önd. Eins og má sjá er erikuhátt að finna þegar ending *-en* eða *-n* fellur brott úr nafnhætti.

| **lýsing á mynd** | **enskt myndhljóð** | **þýsk sögn í erikuhætti** | **þýsk sögn í nafnhætti** | **merking þýskar sagnar** |
|---|---|---|---|---|
| flóð nálgast | *roar* | ***grummel!*** | *grummeln* | muldra, rymja |
| vatnsstraumur gýs | *broom* | ***spritz!*** | *spritzen* | |
| geitungur suðar | *bzzz* | ***summ!*** | *summen* | suða |
| gler brotnar | *crash!* | ***klirr!*** | *klirren* | hringla, glamra |
| dekk springur | *ka-pow* | ***zisch!*** | *zischen* | hvissa |
| bíll skröltir | *thump* | ***rumpel!*** | *rumpeln* | skrölta |

Tafla 5. Dæmi um þýskar sagnir í erikuhætti úr þýðingum Eriku Fuchs á sögum um Andrés Önd. Dæmin eru tekin úr Babel (2020).

Hér á eftir verður sýnt að í íslenskum teiknimyndasögum má finna dæmi um eirkuhátt þó að í sumum tilvikum sé á reiki að hve miklu leyti þau samsvara stofnum sagna. Byrjum á að skoða og greina þau dæmi úr myndhljóðasafninu sem sýnd eru í (14).

(14) *brems, flett, greið, hrist, hrista, kless, kling, klipp, kýl, lemj, mylj, plaff, plomp, pump, samanbrjót, skjót, skrans, slökkv, suða, thrútna (þrútna), tygg, ulla, þeff (þef)*

Dæmum í (14) má skipta í flokka eftir gerð stofns samsvarandi sagnar eins og hér er sýnt:

| | |
|---|---|
| #X-a# | *fletta, greiða, hrista, klessa, klippa, kýla* |
| #X-j/v-a# | *klingja, lemja, mylja, tyggja, slökkva* |
| #X# | *plaffa, plompa, pumpa, skransa, suða, þrútna, ulla, þefa* |
| Sterkar sagnir | *skjóta, brjóta (saman)* |

Eins og má sjá samsvara *flett, greið, kless, klipp* og *kýl* stofnum af gerðinni #X-a# og hér er þá vafalaust að um dæmi um erikuhátt er að ræða. En ef við skoðum þau dæmi sem tengjast sagnorðum af gerðinni #X-j/v-a# þá kemur í ljós ósamræmi um það hvort *j* og *v* eigi að fylgja stofninni eða ekki. Þetta stafar hugsanlega af því að í sögnum af þessari gerð gildir hljóðbeygingarregla sem felst í því að *j* og *v* fellur brott í bakstöðu og á undan samhljóði (Eiríkur Rögnvaldsson, 1990:95). En hér er ekki um beygingu að ræða vegna skorts á setningafræðilegu samhengi og þess vegna kemur hér vafi um hvort *j* og *v* ættu að koma með eða ekki. Eins og má sjá fellur *j* og *v* brott í *kling* og *tygg* en ekki í *lemj, mylj* og *slökkv*. Athygli vekur að *kling* og *tygg* koma fram í Pétri og vélmenninu (1979) og Svínharði sálmál (1982) eftir Kjartan Arnórsson á meðan *lemj* og *slökkv* koma fram í Ókei bæ tvö (2008) eftir Hugleik Dagsson og *mylj* er notað í Lóaboratoríum (2014) eftir Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur. E.t.v. er um að ræða tilhneigingu nútímalegra höfunda til að sleppa ekki *j* og *v* þegar þeir nota stofna sagna af gerðinni #X-j/v-a#. En fleiri dæmi þyrfti að skoða til að staðfesta það.

Athugum dæmi um sagnir af gerðinni #X# s.s. *plaffa, plompa, pumpa, skransa, þefa* þar sem *a* í bakstöðu er hluti af stofninni (Eiríkur Rögnvaldsson, 1990:90). Hins vegar er *a* sleppt í *plaff, plomp, pump, skrans* og *þef* vegna hugsanlegra áhrifa frá sögnum af gerðinni #X-a# eða #X-j/v-a#. Þar af leiðandi eru þessi dæmi ekki í samræmi við stranga skilgreiningu á erikuhætti því þau samsvara ekki nákvæmlega stofnum sagna. Hins vegar eru þau notuð á sama hátt og í sama tilgangi og *fauch!!* og *grummel!* í myndum 13-14 og þess vegna mega þau teljast líka dæmi um erikuhátt.

Dæmi í (14) má flokka sem sagnir. Hins vegar eru önnur dæmi í safninu þar sem vafi er um það hvaða orðflokki þau tilheyra. Til að mynda skulum við athuga dæmi úr myndhljóðasafninu sem eru sýnd í (15).

(15) *bang, bank, bif, brask, brölt, brak, bukk, dust, fúss, gagg, garg, grenj, hnegg, hnus, högg, hopp, hrifs, hring, hrot, kjams, klak, klapp, klór, krakk, plokk, pomp, pot, prump, rif, rót, skrum, slit, slúbb (slubb), smakk, smjatt, snökt, spark, slabb, stökk, struns, tak, tikk, tramp, trítl*

Öll dæmin í (15) samsvara einkvæðum hvorugkynsorðum af gerðinni #X-Ø#. Minnast má á að það gildir regluleiki í orðasafni þar sem orð af ákveðnu merkingarsviði fá oft sama kyn. Eins og má sjá vísa flest þeirra til verknaða sem gefa hljóð frá sér eins og högga (*bank, spark, pot*), brota (*brak, rif, slit*) eða tiltekinna hreyfinga (*struns, trítl*). En öll dæmin í (15) gætu einnig verið dæmi um sagnir í erikuhætti því þau tengjast stofnum veikra sagna að einhverju leyti. Sum þeirra samsvara stofnum sagna af gerðinni #X-a# eins og *brölt, snökt*. Önnur samsvara stofnum sagna af gerðinni #X-j-a# eins og *hnegg, hring, stökk, högg* en þessi dæmi eru frábrugðin þeim í (14) eins og *lemj, mylj* þar sem *j* og *v* fylgja stofninni. Að lokum eru dæmi sem gætu verið túlkað sem stofnar sagna af gerðinni #X# þar sem *a* í bakstöðu er sleppt eins og *bif, klór, plokk, spark*. Benda má á að í einhverjum tilvikum eru dæmin samt ekki alveg samhljóða sagnstofni t.d. *slit* sem samsvarar ekki stofni sagnarinnar *slíta*.

Eins og sagt var áður eru þau orð sem hér eru til umræðu setningafræðilega sjálfstæð og það kemur í veg fyrir að hægt sé að ákvarða hvort orð í (15) eru nafnorð eða sagnir í svokölluðum erikuhætti. Á sama hátt er ekki hægt að ákvarða hvort enska orðið *roar* í mynd 14 sé nafnorð eða sögn án nafnháttarmerkisins *to*. Nefna má að sum nafnorð í íslensku eins og *grenj* eru mynduð af veikum sögnum af gerðinni #X# með því að fella -*a* brott. Þessi orðmyndunaraðferð kallast stýfing (e. *truncation*) og hún gæti verið á bak við þau dæmi um erikuhátt þar sem -*a* er hluti stofns.

Eins og nefnt var í kafla 6.1 í tengslum við atkvæðagerð eru langflestir hljóðgervingar einkvæðir. Nú skulum við skoða dæmi um tvíkvæð hvorugkynsorð sem sýnd eru í (16a).

(16) (a) *pískur, skvaldur, muldur*

(b) *glamr, klambr*

Í (16a) er um að ræða nafnorð sem eiga það sameiginlegt að merking þeirra tengist lágværu tali milli manna. Þau enda á -*ur* og beygjast eins og *veður*. Guðrún Kvaran (2005:242) bendir á að í slíkum nafnorðum fellur áherslulausa sérhljóðið -*u*- brott úr stofni í seinna atkvæði á undan beygingarendingu sem hefst á sérhljóði. Hins vegar kemur *u* ekki fyrir í orðunum í (16b) þó að engin beygingarending komi á eftir. Hér er hugsanlega

ekki um nafnorð *glamur* og *klambur* að ræða heldur sagnir *glamra* og *klambra* í erikuhætti. En eins og í áðurnefndu dæmum *plaffa, skransa, þefa* o.s.frv. eru *glamr* og *klambr* ekki stofnar sagna því þær eru sagnir þar sem *a* í bakstöðu er hluti stofns eins og reyndar í *pískra, skvaldra, muldra*. Ef í (16b) væri um nafnorðin *glamur* og *klambur* að ræða þá ætti *u* að koma fyrir því engin beygingarending kemur á eftir. Einnig má bæta við því að með því að sleppa *a* í bakstöðu í *glamra* og *klambra* þá verða þau að einkvæðum orðum með óvenjulegum samhljóðaklösum aftast í orðinu en slík flókin atkvæðagerð er dæmigerð fyrir hljóðgervinga eins og sýnt var í kafla 6.1. Í sambandi við *muldur* má finna eitt dæmi þar sem orðið stendur á eftir lýsingarorð í *hávært muldur* sem sýnir að um nafnorð er að ræða.

Í safninu er einnig að finna dæmi sem mætti túlka sem möguleg dæmi um erikuhátt eða sem stofna veikra og sterkra karlkynsorða (17a-b) eða veikra kvenkynsorða (17c).

(17) (a) *geisp, rop*

(b) *dunk, grát, hlunk, skell, skvett, smell, sting*

(c) *brems, æl, flett, dump, skrík, spól, spraut*

Sum orð í (16) samsvara stofnum sterkra sagna eins og *gráta* og *skella* eða veikra sagna af gerðinni #X-a# eins og *æla, fletta, skvetta* eða af gerðinni #X-j-a# eins og *skrík*. En einnig má finna dæmi um stofna veikra sagna af gerðinni #X# þar sem *a* í bakstöðu er sleppt eins og *ropa, dunka, bremsa*.

Hér má rökstyðja það að sum dæmi samsvari sögnum og ekki nafnorðum með því að skoða þær myndir þar sem þau koma fyrir. Sjáum til dæmis notkun á *flett* og *æl* í myndum (15a-c). Til samanburður er einnig sýnt notkun á *grenj*.

*(a) flett* *(b) flett* *(c) æl* *(d) grenj*

Mynd 15. Notkun á *flett, æl* og *grenj*.

Eins og má sjá í (15a) stendur *flett* ásamt *samanbrjót* sem er dæmigert dæmi um sögn í svokölluðum erikuhætti. Í þessari mynd vísa *flett* og *samanbrjót* til atburðarrásar þar sem fyrst er einhverjum blöð flett og þau svo brotin saman. Þar af leiðandi er *flett* hér vafalaust

stofn sagnarinnar *fletta* en ekki kvenkynsorðsins *fletta*. Í (15b) er sýnd mynd af kvenmanni sem er að fletta einhverju blaði. Í henni stendur *flett* ekki með öðrum orðum en hér er samt frekar augljóst að *flett* vísar til veknaðarins „að fletta“ en ekki nafnorðs *fletta* sem annars er skilgreint í *Íslenskri orðabók* sem „flettiorð í orðabók“. Í (15c) sést maður sem er að æla ásamt orðinu *æl* sem getur verið stofn sagnar *æla* eða kvenkynsorðs *æla*. Nafnorð *æla* er skilgreint í *Íslenskri orðabók* sem „það sem kastað er upp“ en orðið *æl* í myndinni vísar hugsanlega ekki til þess sem maðurinn kastar upp af heldur til verknaðarins „að æla“ sem er einmitt í gangi. Það af leiðandi er *æl* líklega dæmi um sögnina *æla* í erikuhætti. Að lokum er sýndur grátandi maður í mynd (15d) ásamt orðinu *grenj* sem getur verið túlkað sem stofn sagnar *grenja* eða hvorukynsorðs *grenj*. Hér er erfiðara að skilgreina hvað er rétt því *grenj* er skilgreint sem „það að grenja“ þannig að bæði sögnin *grenja* og nafnorðið *grenj* vísa til verknaðarins sem sýndur er í myndinni. Samt sem áður má benda á að Hugleikur Dagsson notar í sömu teiknimyndasögunni nokkur dæmi um dæmigerðar sagnir í erikuhætti eins og *lemj, slökkv, grát* o.s.frv. þannig að hann virðist sýna tilhneigingu til að nota stofn sagna.

Að lokum má benda á að í myndhljóðasafninu er einnig að finna tvö dæmi um stofna nafnorða sem samsvara engum stofnum sagna. Um er að ræða hvorugkynsorð *glubb* sem gætir verið talið til afbrigðis *glugg* því þau koma fyrir í sama samhenginu og í sömu teiknimyndasögunni (sjá viðauka II) og *slurk* sem er stofn sterka karlkynsorðsins *slurkur* en hér kannski um afbrigði af enska orðinu *slurp* að ræða því það fylgir mynd af strák sem er að sleikja kjúklingslegg.

Hvort sem orðin sem hér eru skoðuð teljast til sagnorða eða nafnorða er ljóst að þau hafa lesmerkingu og þar af leiðandi er eðli þeirra ólíkt eðli hljóðgervinga. Í mynd 16 er sýnt dæmi um mynd þar sem orðin *æl*, *blögh* og *bðöö* vísa til nákvæmlega sama verknaðarins. *Blögh* og *bðöö* eru hljóðgervingar í strangari skilgreiningu vegna þess að í þeim eru náin tengsl milli hljóðsamsetningar þeirra og hljóðs sem líkt er eftir. Hins vegar er *æl* ólíks eðlis því um er að ræða lexíkaliserað orð með lesmerkingu sem reynir ekki að líkja eftir neinu hljóði heldur að lýsa verknaðinum. Í mynd 16 er *æl* notað eins og *fauch* í dæminu eftir Ralf König. Hér er um að ræða tvo póla á þeim skala þar sem má raða þeim orðum sem fylgja myndunum í teiknimyndasögum.



Mynd 16. Notkun hljóðgervinga *blögh* og *bööö* og stofns orðs með lesmerkingu eins og *æl*.

Í mynd 17 er sýnt svipað dæmi um þetta. Í mynd (17a) líkir hljóðgervingurinn *klik* eftir hljóði sem fjarstýring gefur frá sér þegar ýtt er á takkann en við vitum ekki hvort maðurinn í myndinni er að kveikja eða slökkva á sjónvarpinu. Hins vegar er sögnin *slökkva* notuð í erikuhætti í mynd (17b) til að lýsa verknaðinum. Það er enginn vafi um það að ýtt er á takkann til að slökkva á sjónvarpinu. Það sem skiptir máli í mynd (17a) er hljóðtáknun en í (17b) er lesmerkingin. Í íslenskum teiknimyndasögum má finna bæði tilvik eins og í myndasögum á öðrum tungumálum.

*(a) klik* *(b) slökkv*

Mynd 17. Samanburður á notkun hljóðgervings og sagnar í svokölluðum erikuhætti.

### *7.1.2. Um upphrópanir*

Í undanfarandi kafla höfum við athugað sagnir og nafnorð sem fylgja myndum í teiknimyndasögum. Nú skulum við skoða þá lexíkaliseruðu hljóðgervinga sem er að finna í *Íslenskri orðabók* og eru flokkaðir sem upphrópanir. Í (18) er sýndur listi af þeim. Eins og má sjá eru öll dæmin orð sem tákna hljóð sem menn og dýr gefa frá sér með rödd sinni.

(18) *bla-bla, krá (krá-krá), krunk, me, mjá, mö, namm (namm-namm), úff, ve, voff*

Byrjum á því að bera saman flettiorðin *me, voff* og *krunk*. Í töflu 6 er sýnt í hvaða orðflokk þau eru flokkuð eftir því hvernig þau eru skilgreind.

| flettiorð | orðflokkur | skilgreining |
|---|---|---|
| *me* | upphrópun | Hljóðgervingur um jarm sauðfjár |
| *voff* | 1. upphrópun | Hljóðgervingur um hundsgelt |
| | 2. nafnorð | Nafnorðsmyndin |
| *krunk* | 1. nafnorð | Hljóð hrafns |
| | 2. upphrópun | Hljóðgervingur um hranfsgarg |

Tafla 6. Skilgreining á *me, voff* og *krunk* í *Íslenskri orðabók*

Eins og má sjá er orðið *me* flokkað í *Íslenskri orðabók* sem upphrópun en ekki sem nafnorð. Önnur dæmi sem flokkast á sama hátt eru *krá* (*krá-krá*), *mö, namm* (*namm-namm*), *úff, ve*. Hins vegar er *voff* skilgreint á tvo vegu. Annars vegar er orðið flokkað sem upphrópun í fyrri skilgreiningunni og hins vegar sem nafnorð í þeirri síðari. Á sama hátt eru einnig flokkuð *bla-bla* og *mjá*. Orðið *krunk* er hins vegar flokkað sem nafnorð í fyrri skilgreiningunni en svo sem upphrópun í þeirri síðari. Í öllum tilvikum kemur orðið *hljóðgervingur* fram þegar flettiorðið er flokkað sem upphrópun. Til samanburðar má minna á að í spænskri orðabók teljast hljóðgervingar og upphrópanir til tveggja ólíkra flokka (sjá umræðu í kafla 3).

Athyglisvert er að skoða hvernig þessi orð eru flokkuð í öðrum íslenskum orðabókum og textaföngum:

- Í Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN) er *bla* (í einföldu formi) talið upphrópun en *krunk, namm, mjá, voff* eru flokkuð sem hvorugkynsorð og sem slík beygjast og taka grein með sér. Önnur dæmi eins og *krá, mö, me* og *ve* er ekki að finna í BÍN.
- Í *Íslenskri nútímamálsorðabók* Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru *me, mjá, mö, namm, voff* og *úff* flokkuð sem upphrópanir en ekki sem nafnorð. *Krunk* er hins vegar skilgreint sem hvorugkynsorð en ekki sem upphrópun. Orðin *bla, krá* og *ve* koma ekki fram.
- Í *Íslenskri stafsetningarorðabók* er aðeins að finna *mjá* og *krunk* sem eru flokkuð sem hvorugkynsorð. Hin orðin er hins vegar ekki að finna.

Öll þessi dæmi sýna töluvert ósamræmi varðandi það að hve miklu leyti þessi orð eru lexícaliseruð í íslensku og hvaða orðflokki þau tilheyra. Þetta sýnir að í orðabókunum virðist flokkun þeirra í orðflokka vera meira og minna tilviljanakennd og ekki taka sérstakt mið af hegðun þeirra.

## 7.2. Orðmyndun

### *7.2.1. Afleiddir hljóðgervingar*

Rodriguez Guzmán (2011) bendir á að afleiðsla sé yfirleitt ekki mjög virk aðferð til að mynda nýja hljóðgervinga. Aðskeyti sem notuð eru í afleiddum hljóðgervingum eru venjulega ekki merkingarbær og þau breyta ekki sérstaklega merkingu hljóðgervings. Hlutverk þeirra virðist vera það að styrkja eða ýkja merkinguna.

Forskeyti eru fyrst og fremst notuð þegar um er að ræða hljóð sem tengjast höggum, föllum eða hvellum og sérstaklega þegar verknaðurinn sem veldur þessum hljóðum gerist á ófyrirsjánlegan hátt. Í ensku er t.d. algengt að nota forskeyti *ka-* og *ker-* í þeim skilningi eins og í *ka-pow, ka-bang, ker-splash, ker-smack* (Rhodes 1994:290). Slík forskeyti koma ekki fyrir með hljóðgervingum sem líkja eftir röddum dýra eða hljóðgervingum sem hefjast á önghljóði. Í safninu er aðeins að finna tvö dæmi um slík forskeyti. Um er að ræða *kabúm!* og *kazak-búmm!* þar sem *ka-* og *kazak-* teljast ekki til íslenskra forskeyta eins og nefnt var hér.

Þó að flokkur viðskeyta í íslensku sé stór og fjölbreyttur er engin dæmi um viðskeyti að finna í sambandi við myndun nýrra hljóðgervinga. E.t.v. má líta á *-uq* sem viðskeyti í þreföldum hljóðgervingi *snip snap snubbuq* sem virðist vera notað til að leggja áherslu á síðasta höggið eða til að tákna að röð högga er lokið (sjá mynd 10 og umræðu í kafla 6.4.1).

### *7.2.2. Samsett myndhljóð*

Með samsettu orði er átt við orð sem inniheldur fleiri en eina rót. En hvað varðar myndhljóð er varla hægt að tala um rót nema um sé að ræða orð með lesmerkingu. Þar af leiðandi er með samsettu myndhljóði átt við tvö eða fleiri myndhljóð sem eru sett saman og mynda eina einingu. Í (21) eru sýnd þau dæmi um slík samsett myndhljóð sem myndhljóðasafnið hefur að geyma.

(21) *drykkrúnk, flommsvííííng!!!, grrurr, janghíjaa, mjáarrgg, rzzzrrrzzzzz, ssssssspuff!, vammbúmm!!!*

Eins og má sjá er ekki að finna dæmi um eignarfalls- eða bandstafssamsetningu og tengsl milli liða eru af ýmsu tagi. Í sumum tilvikum er um tvö villt form að ræða eins og *rrr + zzzzz* → *rrrzzzzz*, tamið form serm er sett saman með villtu formi eins og *sssssss + puff*

→ *ssssssspuff* eða tvö tamin form saman eins og *vamm* + *búmm* → *vammbúmm*. Í öðrum tilvikum er um tvo stofna lexíkaliseraðra orða að ræða eins og *drykk* + *krúnk* → *drykkkrúnk*. Í *mjáarrgg* koma saman *mjá* sem er lexíkaliserað orð og *arrgg* sem er ekki lexíkaliserað. Annað dæmi um það er *grr* + *urr* → *grrurr*. Myndhljóð eru sett saman á skapandi hátt og með ólíkum tilgangum eins og hér er lýst:

- Annar liðurinn hefur áhrif á merkingu hins liðarins. Til dæmis táknar *drykkrúnk* garg hrafns sem langar í drykk (sjá mynd 18a) og *mjáarrgg* táknar mjálm kattar sem er reiður.
- Samsett myndhljóð líkir eftir tveimur hljóðum sem tveir verknaðir í röð gefa frá sér. Sem dæmi má nefna *ssssssspuff* þar sem fyrst heyrist hljóð frá einhverju lofti sem berst út áður en galdramaður birtist allt í einu (sjá mynd 18b) eða *rzzzrrrzzzzz* þar sem hrotum er skotið inn milli hljóða sem sofandi maður gefur frá sér.
- Samsett myndhljóð líkir eftir tveimur hljóðum sem heyrast samtímis í sama atburðinum. Sem dæmi má taka *vammbúmm* og *flommsvííííng* (sjá mynd 18c) sem líkja eftir hljóðum sem heyrast í graut í slagsmálum, þ.e.a.s. það heyrist ekki fyrst *vamm* og svo *búmm*. Annað dæmi er *janghíjaa* sem táknar læti og hróp frá ungu fólki.

Öll þessi dæmi sýna að samsetning er virk aðferð til að mynda ný myndhljóð.

*(a) drykkrúnk* *(b) ssssssspuff* *(c) vammbúmm, flommsvííííng*

Mynd 18. Dæmi um samsett myndhljóð.

### 7.3. Samantekt

Í þessum kafla höfum við gert grein fyrir nokkrum atriðum sem tengjast orðhlutafræði. Í fyrsta lagi kemur í ljós að í íslenskum teiknimyndasögum má finna dæmi um orð með lesmerkingu sem lýsa verknuðum í staðinn fyrir að herma eftir hljóðum sem þeir verknaðir gefa frá sér. Sum þessara orða samsvara sögnum í svokölluðum erikuhætti en í mörgum tilvikum er óhægt að segja í hvaða orðflokk þau geta flokkast. Varðandi

upphrópanir kemur í ljós töluvert ósamræmi í því að hve miklu leyti þessi orð eru lexíkaliseruð í íslensku og hvaða orðaflokki þau tilheyra.

Varðandi orðmyndunaraðferðir í sambandi við myndhljóð sem safnað var fyrir þetta verkefni má finna nokkur dæmi um afleidd myndhljóð en aðskeytin breyta ekki merkingu myndhljóða því þau eru ekki sérstaklega merkingarbær. Hlutverk þeirra er það að styrkja eða ýkja merkinguna. Samsetning virðist líka vera virk aðferð til að mynda ný myndhljóð.

# 8. Merkingarfræðileg atriði

Í þessum kafla verða skoðuð ýmis atriði sem tengjast merkingu myndhljóða. Í fyrsta lagi verða myndhljóðin í myndhljóðasafninu flokkuð eftir merkingu þeirra. Í öðru lagi verður fjallað um tengsl milli tiltekinna hljóða og merkingar. Að lokum verður rætt um dæmi um samheiti og margræðni í myndhljóðasafninu.

## 8.1. Flokkun myndhljóða eftir notkun

Eins og sagt var í kafla 2.6 nota ýmsir málfræðingar mismunandi flokkunarkerfi til að skipta hljóðgervingum í ólíka undirflokka. Hér verða myndhljóðin í myndhljóðasafninu flokkuð á svipaðan hátt og Enckell og Rézeau (2005) flokka hljóðgervinga eftir uppruna hljóða sem líkt er eftir. Í töflu 7 eru sýnd öll dæmi sem tilheyra hverjum flokki.

| **Hljóð sem talfærin gefa frá sér** | |
|---|---|
| **Hróp** | *aaaaa, aoooooooo, brölt, hröð, hhöurð, hjukk hjukk, veee, vrö, vúúúúúú, wúúú* |
| **Talhljóð og muldur** | *bla bla, gilli gilli gilli, killi-killi, muldur, pískur pískur, skvaldur* |
| **Hljóð frá nefi** | *hnus hnus, sniff sniff, snøft, þeff þeff* |
| **Hljóð frá munni** | *glamrr, glub, glubb, glugg, glúg, glúgg, gurgle, gúlp, kiss, kjams, namm namm, njamm, sjatt, smatt, smjatt, tygg, schlurp, slurk slurk, slurp, smakk, ulla* |
| **Snökt og andvörp** | *búhú búhú, búúú, grát, grenj, suk* |
| **Ýmis hljóð frá mannslíkama** | *geisp, gisp, hic, hikk, hhhhhhh, hnnazzzzz, hrot hrrot, roops, rop, ropp, rzzzrrrzzzz, zzzzz* |
| **Uppkast** | *bðöö, blaarg, blegh, blögh, huulöö, æl* |
| **Rýt og hljóð tengd áreynslu** | *arrf, gnnn, grmhz, grnng, grúmf, grúnk, hrmpf, huargh, húmpf, húrk, mfmg, mfmpff, mmpf, nnrrgh, oorrgg, púf, úff* |
| **Hljóð sem dýr gefa frá sér ýmist með röddinni eða á annan hátt** | |
| **Hljóð frá dýrum** | *béff, gagg gagg gagg, garg, golligolligoll, groff, gronk, grrr, grönk, gúff, hnegg hnegg hnegg, hvæs, hönk, iiiihiii, iiik, kakakk, kráááááá, kroakk, krunk krunk, meeeee, mjá, mjáarrgg, oink, tsk tsk, urr, voff voff,* |
| **Hljóð í náttúrunni og hljóð frá hljóðfærum, tækjum, vélum o.s.frv** | |
| **Hljóð frá tökkum** | *flappy flappy flappy, klik, slökkv, tik tak, tik tik tik, tikk tokk* |
| **Píp og flautur** | *bíb búb, bíííib, bíuíuíu, búúú, ti ti ti ti,úúúúúú vaúúaú* |

| | |
|---|---|
| **Hljóð frá síma** | *ding dong, driiiiii, dring dring, drriiiiinnng, hring, ring, ríííng* |
| **Skothvellir** | *bang, blamm, fvúmm, gúff, pamm, pang, pá, plaff, pow pow, ratatattatatata, skjót* |
| **Bremsur** | *brems* |
| **Vélar** | *broom, brmmm, brumm, ffrááá, foom, krmmpp, rrrrrr, skrans, ssrranss, spól, vommm, vroom vroom, vrrr, vrrmm, vrrúusshh, vrúmm* |
| **Sprengingar/eldingar** | *bam, brumm, búmm, bæng, fliss, kaboomm, kabúm, kazak-búmm, popp, prump, prutt, púff, pæng, spúmm* |
| **Hlutur þrútnar** | *blopp, fffffffff, fúmp, gling, plopp, pop, sproing, thrútna* |
| **Hlutur brotnar** | *graak, kling, knakk, krak, krakk, krass, rif, rip, ritsj, skrak, skrogg, smakk, stinng* |
| **Hlutur er skorinn** | *klipp, klps klips, snip snap snubbuq* |
| **Raflost** | *krrakk* |
| **Málmhljóð** | *blíng, bong, bonk bonk, ding, ding ding, dong, donk, glong, klambr klambr, klang, klig klang kling klinc, klonk, ploínk, tong* |
| **Hljóð frá vökvum** | *blob, blopp, blub, blubb, blöbb* |
| **Suð, blístur og ískur** | *bssbssbssbssbss, bzzt, bzzz, bziiigg, dss dsss, dziiigg, dziiinkk, dzzíííínn, ffftt, fisssss, fsss, fsst, hvisssss, ííííííí, ííííííííng, pfíííííí, psss psss, psssch, pssssssshh, pst pst, shisss, shwip, skriiiiiiiii, skrikk skrikk skrikk, skríííí, skríííík, skríísh, skrríís, ssss, suchk, suða, viiizz, vúúff, vzz, ziip* |
| **Högg og árekstrar** | *Blamm, boing boing, brask, bunk, búmm, kless, kling klang, pamm, ping pong, skell, skruss, slamm, slunk, smakk, smell, splat, staff, stimpl, sting, stökk, tak, tjúnk, tok , tokk, tuff, tvang, vomp, þvopp* |
| **Hlutur dettur** | *Bomm, bramm, brommmmm, vúmp* |
| **Köst** | *svipp, svisjh, svissh, svúsh, tssshh, tsuk, tzhuckh, voossh* |
| **Hljóð frá mannslíkama eða hlutum sem maður meðhöndlar** | |
| **Hnefahögg** | *bif, dúnk, kýl, lemj, pof, pvúmp* |
| **Högg á hlut með líkamshluta** | *bamm, bank bank, bukk, dunk, dust dust, dúnk dúnk, glonk glonk glonk, högg, klapp, píp, pok, pomm, pomp, pot, púff, skrum, tapp tapp, thump thump, tvang, vlamm, vomp* |
| **Spörk** | *bkklkkkkk, klomp, spark* |
| **Maður dettur** | *bomp, bumpp, búmp, dúnk, dúmp, flop, flúmp, frúmmm, fvúmp, (glong), glúmp, hlúnk, klúnk, kronk, plomp, slump, sproing, túmp túmp, tvúmp, tvúnk, þúnnnnk* |
| **Hvinur** | *snap, snapp* |
| **Málmsmellir** | *clack, click, hringl, klak, kligg, klik, klikk, kliks, kling kling, klirr klirr, krank* |
| **Bréf er meðhöndlað** | *flaps, flett flett flett, krump* |

| | |
|---|---|
| **Vökva er hellt** | *plask, plomp, skvett, splank, splass, splatt, sploss, splúmms, spraut, ssssslabb* |
| **Núningur** | *klór klór klór, skrats, skrisk skrosk skrisk, skriss riss riss, skriss skriss, skrits skrats, skrtt skrtt, skrrríítss, skrubbs skrabbs, skrusk skrask skrisk, skrúbb skrúbb, slubbs slubbs, slúbb, svffss* |
| **Hljóðfæri** | *ta-taaaa* |
| **Ýmsar hreyfingar** | *fúss, greið, hopp hopp hopp, hrifs, hrist, hrista, mylj mylj mylj, plokk, plopp plopp, struns, trítl, töff töff* |
| **Samræði** | *nauðgi nauðgi, smjatt* |

Tafla 7. Flokkun myndhljóða eftir uppruna hljóða sem líkt er eftir.

### 8.2. Tengsl milli hljóða og merkingar

Í töflu 7 má sjá alls konar dæmi um hljóðtáknun, þ.e. tengsl milli hljóðasamsetningar og merkingar orða. Í grein sinni finnur Oswalt (1994) tengsl milli atkvæðagerðar enskra myndhljóða og hljóða sem líkt er eftir. Niðurstöðurnar sem hann dregur virðast gilda að nokkru leyti í þeim orðum sem safnað var fyrir þetta verkefni. Hér er samantekt á þeim.

- Lokhljóð eru sjálf mjög stutt hljóð sem byrja og enda snögglega. Þegar bæði $C_1$ og $C_2$ eru lokhljóð í einkvæðum myndhljóðum af gerðinni $C_1VC_2$ tákna slík orð yfirleitt örstuttan verknað eða hljóð eins og *píp, pop, pot, tap, tik tak*.
- Önghljóð eru mynduð með því að þrengja tímabundið að loftstraumunum frá lungunum og þar af leiðandi líkja þau eftir hljóðum sem eru mynduð á sambærinlegan hátt. Sem dæmi má nefna *fissss, sssss* sem tákna gas eða reykur sem berst út úr einhverju gati.
- Ef orðið byrjar á lokhljóði en endar á önghljóði þá táknar orðið hljóð sem hefur skyndilegt upphaf og endar með einhverjum núningi eins og *puff, paf, plash* o.s.frv.
- Ef orðið byrjar á önghljóði en endar á lokhljóði þá er núningur í upphafi og hljóðið hefur skyndilega endingu, t.d. þegar einhver hlutur hreyfist í loftinu en hreyfingin endar með skyndilegu höggi eins og *fvúmp, sssslab* eða *þvopp*. Orðið *högg* er einnig dæmi um þetta.
- Nefhljóð eru oft notuð í $C_2$ stöðu til að tákna endurómun. Hér er venjulega ekki um að ræða tannbergsmælt [n] heldur annaðhvort tvívaramælt [m] sem yfirleitt táknar há og sterk hljóð eins og *búmmm, fvúmmm, pamm* eða uppgómmælt [ŋ] í bakstöðuklösunum *ng* [ŋk] og *nk* [n̥k] sem eru notuð til að tákna hluti sem skoppa

eins og *ping poing, boing, dúnk dúnk dúnk* en *ng* [ŋk] en sérstaklega notað til að tákna ýmsar hringingar eins og *driiiing*. Endurómunin endursplegast mjög oft í fjölföldun nefhljóðanna eins og sýnt var t.d. í mynd (4d).

Firth (1930) skilgreindi hugtakið undirmyndan (e. *phonestheme*) sem „basic unit of sound or sounds systematically paired with a certain meaning in a language“. Samkvæmt Childs (1994:144) geta undirmyndön tekið þátt í orðmyndun en þau hafa ekki form hins hefðbundna myndans. Þar er til dæmis vel þekkt að framstöðuklasinn *gl-* í ensku kemur fyrir í orðum sem tengjast bjarma, ljóma eða ljós eins og *glimmer, glisten, glitter, gleam, glow, glint* o.s.frv. en þetta virðist gilda einnig í íslensku t.d. í orðum eins og *glampi, glans, glit, gljái*. Í þessum skilningi tengjast undirmyndön skynjunarhljóðtáknun sem nefnd var í kafla 2.5. Í myndhljóðasafninu má finna fleiri dæmi um þetta fyrirbæri eins og sýnt verður hér á eftir.

Rhodes (1994:287) segir að framstöðuklasinn *fl-* í ensku tengist vökva sem er að hreyfast en *sl-* kemur fyrir þegar vökvinn er sérstaklega seigfljótandi eða að einhverju leyti sóðalegur. Í myndhljóðasafninu má sjá að *sl-* kemur fyrir í *sssslab, slubb, slump, slurk, slurp*. Benda má á að í íslensku tengist *sl-* í framstöðu oft bleytu (*sletta, slydda, slefa, sleipur*, o. fl.). Hér er fróðlegt að skoða sérstaklega myndhljóðið *slumpp* þar sem sýnt að hve miklu leyti er hlutverk undirmyndananna mikilvægt. Í mynd 19 er sýnt að *slumpp* fylgir teikningu þar sem stór snjóhengja skellur til jarðar. Alexander Jóhannesson (1926:29) bendir á að „þau orð sem enda á k, t eða p tákna stundum högg eða fall, t.d. bump“. Auk þess er *u* talið dimmt sérhljóð sem hér hentar til að tákna skell. Í stuttu máli má e.t.v. segja að hér sé um að ræða þrjú undirmyndön (*sl-u-mpp*) sem ásamt atkvæðagerðinni (önghljóð í upphafi og lokhljóð í bakstöðu) útskýra hvað myndhljóðið *slumpp* táknar án þess að þurfa á lesmerkingu að halda.

Mynd 19. Notkun á myndhljóð *slumpp* þar sem undirmyndön og atkvæðagerð útskýra merkingu myndhljóðsins.

Í myndhljóðasafninu má finna fleiri dæmi um myndhljóð sem byrja á *s* þar sem merking þeirra tengist einhverjum vökva. Samhljóðaklasi *spl-* virðist vera áberandi eins og sýnt er í *splank, splass, splatt, sploss, splúmms*. Önnur dæmi sem byrja á klasa með *s* sem fyrri

hljóð eru *skvett, smjatt* og *spraut* sem hafa lesmerkingu. Framstöðuklasinn *bl-* virðist einnig tengjast vökva eins og *blob, blub, blubb, blöbb* en þessi myndhljóð tákna slettu eða kúlur í vökvanum frekar en vökva sem rennur eða hreyfist.

Samhljóðaklasi *kl-* (eða *cl-*) tengist alls konar málmhljóðum á borð við smelli, högg eða árekstra. Sem dæmi má nefna myndhljóðin *clack, click, klak, kless, kligg, klik, klikk, kliks, kling kling, klirr klirr, klambr klambr, klang, klig klang kling klinc, klonk.* Önnur hljóð sem virðast hafa sterk tengsl við merkingu eru önghljóð *v* og sérstaklega samhljóðaklasinn *sv-* sem táknar eitthvert kast eða hlut sem hreyfist í loftinu. Sem dæmi má taka *svipp, svisjh, svissh, svúsh, viiizz, voossh, vúúff.* Einnig má nefna að Alexander Jóhannesson (1926:30) bendir á að *r* sé titringshljóð og sem slíkt kemur það fyrir í myndhljóðum sem táknar alls konar tæki eða vélarhljóð eins og *broom, brmmm, brumm, ffrááá, krmmpp, rrrrrr, skrans, ssrranss, vroom vroom, vrrr, vrrmm, vrrúusshh, vrúmm.*

### 8.3. Um samheiti og margræðni

Eins og sagt var í kafla 2.1 hélt Saussure (1916) því fram að tengslin milli táknmyndar og táknmiðs væru handahófskennd og að hljóðgervingar væru undantekning frá því. Samkvæmt öðrum málfræðingum eru þau tengsl mjög sterk varðandi hljóðgervinga en samt þýðir það ekki að þau séu augljós eða ótvíræð. Hljóð tengt tilteknum verknaði getur verið skynjað með misjöfnum hætti og þar af leiðandi getur það komist til skila í rithætti á mismunandi vegu. Til dæmis má nefna hljóðgervinga sem líkja eftir skothvelli. Í mynd 20 eru sýnd notkunardæmi um orð sem myndhljóðasafnið hefur að geyma: *plaff* [p$^{h}$laf], *skjót* [skjout], *bang* [pauŋk], *blamm* [plam:], *pamm* [p$^{h}$am:], *pá* [p$^{h}$au:]. Orð *plaff* og *skjót* eru dæmi um sagnir í svokölluðum erikuhætti (sjá umræðu í kafla 7.1) og þau eiga ekkert hljóð sameiginlegt. Samt vísa þessar sagnir til sama verknaðarins því um samheiti er að ræða, þ.e. lesmerking er eins í báðum tilvikum. Munurinn á þeim tengist málsniði því *plaffa* er óformlegra en *skjóta*. Hins vegar eru *bang, blamm, pamm* og *pá* ekki íslensk lexíkaliseruð orð. Þau hafa þá enga lesmerkingu og þ.a.l. teljast ekki til samheita en þau eru öll notuð til að herma eftir skothvelli. Það sem skiptir máli er að þau hafa svipaðri hljóðasamsetningu með lokhljóði í upphafi og nefhljóði í hala nema í *pá*.

*(a) plaff*




*(b) skjót*

*(c) bang*

*(d) blamm*

*(e) pamm*

*(f) pá*

Mynd 20. Ýmis orð sem tákna skothvelli.

Þetta var dæmi um það hvernig hægt er að líkja eftir einu hljóði með ólíkum hætti. Nú skulum við skoða dæmi um það hvernig eitt orð getur líkt eftir hljóðum af ýmsu tagi. Til að mynda eru sýnd í myndum (21a-e) notkunardæmi um orðin *smakk* og *pamm*. *Smakk* er aðlagað enskt tökuorð *smack* og í enskri orðabók er það skilgreint m.a. sem „að slá harkalega (sérstaklega um kinnhest)“ og „að smella kossi“ sem eru mjög ólíkir verknaðir. Um er þá að ræða margrætt orð en í myndum (21a-c) eru sýnd notkunardæmi þar sem orðið er notað í annarri merkingu. Í (21a) táknar *smakk* hljóð örvar með gúmmíoddi sem lendir á höfði manns og í (21c) tengist það skurn sem brotnar. Varðandi *pamm* má segja að það sé ekki lexíkaliserað orð hvorki í ensku né í íslensku en myndir (21d-e) sýna hvernig þessi hljóðgervingur er notaður til að herma eftir tveimur hljóðum af mjög ólíku tagi. Varla er hægt að segja að það að skjóta byssu hljómi eins og að loka bók. Hins vegar virðast hljóðasamsetning og atkvæðagerð í *pamm* vera hentug í báðum tilvikum því um er að ræða hljóð sem byrjar snögglega og endar með endurómun.

*(a) smakk*

*(b) smakk*

*(c) smakk*

*(d) pamm*

*(e) pamm*

Mynd 21. Ólík notkunardæmi um *smakk* og *pamm.*

Til samanburðar er einnig áhugavert að skoða notkun orðs *smjatt*. Samkvæmt íslenskri orðabók hefur sögn *smjatta* einungis eina merkingu og hún er skilgreind á eftirfarandi hátt: „opna munn og loka honum með smelli (þegar e-ð bragðgott er í honum), kjamsa“. Kjartan Arnórsson (1982) notar *smjatt* í ströngum skilningi orðsins eins og sýnt er í mynd

(22a). Hins vegar notar Þórarinn Leifsson (1979) *smjatt* á gróteskan hátt í háðslega myndasögublaðinu *GISP!* með annarri merkingu sem kemur ekki fyrir í *Íslenskri orðabók* (mynd 22b). Eins og sagt var í undanförnum kafla eru samhljóðaklasar eins og *sm-* notaðir í tengslum við seigfljótandi eða klístraða vökva. Ástæðan fyrir því að velja *smjatt* í (22b) er sú að kímnin felst í því að koma lesandanum á óvart með því að nota orðið í óvenjulegu samhengi vegna þess að verknaðurinn í (22b) gefur frá sér hljóð sem minnir á smellinn sem vísað er til í hinni hefðbundu merkingu orðsins. Með öðrum orðum er *smjatt* valið í (22b) út af hljóðsamsetningunni en ekki út af lesmerkingunni því *smjatta* er ekki beinlínis margrætt orð. Í þessum skilningi er notkun *smjatt* í (22b) eins konar stílbragð sem einkennir myndasögublöð á borð við *GISP!*

*(a) smjatt* *(b) smjatt*

Mynd 22. Notkun orðs *smjatt* í ólíkum merkingum.

## 8.4. Samantekt

Í þessum kafla voru myndhljóðin í myndhljóðasafninu flokkuð eftir merkingu þeirra og gerð var grein fyrir ýmsum atriðum sem tengjast merkingu myndhljóða. Í ljós kemur að í íslenskum teiknimyndasögum má finna mörg dæmi um myndhljóð sem sýna sterk tengsl milli atkvæðagerðar þeirra og hljóða sem líkt er eftir. Einnig virðast sumir samhljóðaklasar taka þátt í orðmyndun en þeir hafa ekki form hins hefðbundna myndans. Í sumum tilvikum geta þessir samhljóðaklasar ásamt atkvæðagerð útskýrt hvað myndhljóðið tákna án þess að þurfa á lesmerkingu að halda.

Að lokum voru sýnd dæmi um samheiti þar sem einu hljóði er líkt eftir með ólíkum hætti svo sem dæmi um margræðni þar sem eitt orð getur hermt eftir hljóðum af ýmsu tagi.

## 9. Niðurstöður

Við þetta verkefni hefur verið safnað 444 myndhljóðum úr íslenskum teiknimyndasögum eftir ólíka rithöfunda sem gefnar voru út á mismunandi tímum. Um er að ræða fyrsta myndhljóðasafnið sem gert hefur verið fyrir íslensku. Í ritgerðinni voru skoðuð nokkur atriði í sambandi við hljóðtáknun í íslensku og gerð var grein fyrir hljóð-, hljóðkerfis-, orðhluta- og merkingarfræðilegum atriðum. Í rannsókninni kemur í ljós að hve miklu leyti myndhljóðin standa í sérstakri stöðu í tungumálinu því þau brjóta næstum því allar tegundir reglna í íslenska málkerfinu. Meginniðurstöður eru eftirfarandi:

- Varðandi atkvæðagerð eru sérhljóð [i], [u], [a] og [ɔ] algengari í kjarna myndhljóða sem líkja eftir hljóðum sem líflausir hlutir gefa frá sér. Langflest myndhljóð eru einkvæð orð með flókinni atkvæðagerð sem brýtur oftast gegn hömlunum þremur sem samkvæmt bestunarkenningunni krefjast þess að öll form séu einföld, auðveld eða ómörkuð.
- Í myndhljóðum er leyfilegt að lengja sér- og samhljóð á óvenjulegan hátt án þess að líta sérstaklega á venjulegu lengdarregluna.
- Finna má allmörg dæmi um endurtekin myndhljóð. Ekki er um að ræða málfræðilega endurtekningu heldur endurtekningu með tilfinningagildi. Í sumum tilvikum fylgja endurtekningunni hljóðskipti þar sem sérhljóð með ólíkum einkennum eins og frammælt og uppmælt sérhljóð eða nálæg og fjarlæg sérhljóð skiptast á.
- Sum myndhljóð hafa samhljóðaklasa sem brjóta hljóðskipunarreglur í íslensku.
- Enska hefur gríðarleg áhrif á íslensk myndhljóð í teiknimyndasögum. Í sumum tilvikum eru ensk orð ekki aðlöguð að íslenskum rithætti og þá er um að ræða dæmi um málvíxl milli ensku og íslensku. Flest ensk myndhljóð eru samt aðlöguð íslensku að einhverju leyti en aðlögunarferðir brjóta oft meginreglunum og tilhneigingum um aðlögun tökuorða.
- Myndhljóð í teiknimynsasögum halda sig ekki alltaf við stafi úr íslenska stafrófinu.
- Í íslenskum teiknimyndasögum má finna dæmi um orð með lesmerkingu sem lýsa verknuðum í staðinn fyrir að herma eftir hljóðum sem þeir verknaðir gefa frá sér.

Sum þessara orða samsvara sögnum í svokölluðum erikuhætti en í mörgum tilvikum er óhægt að segja í hvaða orðflokk þau geta flokkast.

- Í upphrópunum kemur í ljós töluvert ósamræmi varðandi það að hve miklu leyti þessi orð eru lexíkaliseruð í íslensku og hvaða orðaflokki þau tilheyra.
- Í þeim dæmum sem má finna um afleidd myndhljóð breyta aðskeytin ekki merkingu myndhljóða því þau eru ekki sérstaklega merkingarbær. Hlutverk þeirra er það að styrkja eða ýkja merkinguna.
- Samsetning virðist vera virk aðferð til að mynda ný myndhljóð.
- Í mörgum tilvikum má finna bein tengsl milli hljóðsamsetningar og merkingar myndhljóða. Uppruni hljóðsins sem líkt er eftir virðist hafa áhrif á atkvæðagerð og samhljóðaklasa sem koma fyrir í myndhljóðum
- Meðal myndhljóða má finna dæmi um samheiti og margræðni.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu viðfangsefni í öðrum tungumálum.

# Heimildir


Akita, Kimi, og Mark Dingemanse. 2019. Ideophones (Mimetics, Expressives). Í: Mark Aronoff (ritstj.), *Oxford Research Encyclopedia of Linguistics*. Oxford University Press, Oxford. doi:10.1093/acrefore/9780199384655.013.477

Akita, Kimi. 2013. Constraints on the semantic extension of onomatopoeia. *Public Journal of Semiotics*, 5(1):21-37. doi:10.37693/pjos.2013.5.9646

Alexander Jóhannesson. 1926. *Hugur og tunga*. Bókaverzlun Þorsteins Gíslasonar, Reykjavík.

Amanuma, Yasushi. 1974. *Giongo gitaigo jiten [A dictionary of onomatopoeia and mimesis]*. Tokyo do Shuppan, Tókýó.

Anton Karl Ingason. 2008. *Hrynkerfi íslensku í bestunarkenningu*. Ritgerð til B.A.-prófs. Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.

Anscombre, Jean-Claude. 1985. Onomatopées, délocutivité et autres blablas. *Revue Romane*, 20/2: 169-204.

Aoyama, Hideyasu. 1991. *Tyoosengo syootyoogo-zitten [A dictionary of Korean sound-symbolic words]*. Daigaku Shorin, Tókýó.

Attridge, Derek. 1988. Literature as imitation: Jakobson, Joyce, and the Art of Onomatopoeia. Í: Derek Attridge. (ritstj.), *Peculiar language: literature as difference from Renaissance to James Joyce* (s.127-157). Methuen, London.

Ásta Svavarsdóttir, Halldór Ármann Sigurðsson, Sigurður Jónsson og Sigurður Konráðsson. 1982. Formendur íslenskra einhljóða: meðtaltíðni og tíðnidreifing. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 4:63-85.

Ásta Svavarsdóttir. 2007. Djúsið eller djúsinn? Om tilpasning af moderne importord i islandsk talesprog. Í: Pia Jarvad og Helge Sandøy (ritstj.), *Stuntman og andre importord i Norden. Om udtale og bøjning* (s. 75-81). (Moderne importord i språka i Norden VII.) Novus forlag, Osló.

Babel, Ralph. 2020. *Unleugbar und der Erikativ*. Sótt [21. ágúst 2021] af https://faql.de/sonstiges.html

Benayoun, Robert. 1968. *Vroom tchac zowie: Le ballon dans la bande dessinée*. André Balland, Paris.

*Beygingarlýsing íslensks nútímamáls* (e.d.). Kristín Bjarnadóttir ritstjóri. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 2. janúar 2019 af bin.arnastofnun.is.

Bolinger, Dwight. L. 1949. The sign is not arbitrary. *Boletín del Instituto Caro y Cuervo*, 5, 52:62.

Bordbar, Mayram, og Aliyeh Kambuziya. 2016 Iconicity vs. arbitrariness of sound symbolism phenomenon through a contrastive analysis framework. *International Journal of English Language and Linguistic Research*, 5(2):17-30.

Bredin, Hugh. 1996. Onomatopoeia as a figure and a linguistic principle. *New Literary History*, 27(3):555-569.

Casas Tost, Helena. 2009. *Análisis descriptivo de la traducción de las onomatopeyas del chino al español*. Ritgerð til doktorsprófs. Universitat Autònoma de Barcelona, Barcelona.

Chapman, Raymond. 1984. *The treatment of sounds in language and literature*. Basil Blackwell, London.

Childs, George Tucker. 2003. *An Introduction to African Languages*. John Benjamins, Amsterdam og Fíladelfía.

Chomsky, Noam. 1957. *Syntactic structures*. Mouton, Haag.

Delespaul, Joris. 2015. *Going back for Seconds: Translating comic book dialogue, humour and sound effects*. Ritgerð til M.A.-prófs. Háskóli í Leuven, Antwerpen.

Dienhart, John. M. 1999. Stress in Reduplicative Compounds: Mish-Mash or Hocus-Pocus? *American Speech*, 74(1):3-37.

Diffloth, Gérard. 1972. Notes on expressive meaning. *Papers from the Regional Meeting of the Chicago Linguistics Society*, 8:440-447.

Diffloth, Gérard. 1979. Expressive phonology and prosaic phonology in Mon-khmer. Í: Theraphan Luangthongkum o.fl. (ritstj.), *Studies in Tai and Mon-Khmer Phonetics and Phonology In Honour of Eugénie J.A. Henderson* (s. 49-59). Chulalongkorn University Press, Bangkok.

Doke, Clement M. 1935. *Bantu linguistic terminology*. Longmans, Green and Co., London.

Dressler, Wolfgang U. og Lavinia M. Barbesi. 1994. *Morphogramatics*. Mouton de Gruyter, Berlín.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku.* [Rafræn útgáfa.] Reykjavík. Sótt af https://issuu.com/eirikurr/docs/ho

Eiríkur Rögnvaldsson. 2021. *Lenging sérhljóða til áherslu*. Sótt 30. janúar 2022 af vefsíðu Háskóla Íslands https://uni.hi.is/eirikur/2021/09/04/lenging-serhljoda-til-aherslu/

Enckell, Pierre og Pierre Rézeau. 2005. *Dictionnaire des onomatopées*. [2. útgáfa]. Puf, París.

Fábregas, Antonio, og Irene Gil. 2008. Algunos problemas de la interjección en lexicografía. Í: Rafael Monroy Casas og Aquilino Sánchez Pérez (ritstj.), *25 años de lingüística en España: hitos y retos* (s. 631-638). Háskóli í Murcia, Murcia.

Feist, Jim. 2013. “Sound symbolism” in English. *Journal of Pragmatics*, 45(1):104-118. doi:10.1016/j.pragma.2012.10.008

Firth, John R. 1930. *Speech*. Benn's Sixpenny Library, London.

Fischer, Andreas. 1999. What, if Anything, is Phonological Iconicity? Í: Max Nänny og Olga Fischer. (ritstj.), *Form miming meaning. Iconicity in language and literature* (s. 123-133). John Benjamins, Amsterdam/Fíladelfía.

Flego, Stefon M., og Kelly H. Berkson. 2020. A phonetic illustration of the sound system of Icelandic. *IULC Working Papers*, 20:1-14.

Fresnault-Deruelle, Pierre. 1977. *Récits et discours par la bande: essai sur les comics*. Hachette, París.

García de Diego, Vicente. 1968. *Diccionario de voces naturales*. Aguilar, Madríd.

Gasca, Luis, og Román Gubern. 2008. *Diccionario de onomatopeyas del cómic*. Cátedra, Madríd.

Geng, Erling 耿二岭. 1986. Hanyu nishengci 汉语拟声词 [Hljóðgervingar í kínversku]. Hubei jiaoyu chubanshe, Wuhan.

Grammont, Maurice. 1901. *Onomatopées et mots expressifs*. Impr. Centrale du Midi, Montpellier.

Guðrún Kvaran. 2005. *Orð*. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. Íslensk tunga II. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Halldór Halldórsson. 1950. *Íslenzk málfræði handa æðri skólum*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Hamano, Shoko. 1998. *The Sound-Symbolic System of Japanese*. CLSI Publications, Stanford.

Helga Björg Arnarsdóttir. 2019. Matasaburō, sonur vindsins eftir Kenji Miyazawa: Íslensk þýðing 風の又三郎, eftir 宮沢賢治. Ritgerð til B.A.-prófs. Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.

Hendschel, Elke, og Harald Weydt. 1994. *Handbuch der deutschen Grammatik*. De Gruyter Studium, Berlín.

Hida, Toshifumi, og Asada Hideko. 2002. Gendai giongo gitaigo yoho jiten [Diccionario moderno de las onomatopeyas y las mimesis]. Tokyo do Shuppan, Tókýó.

Hinton, Leanne; Johanna Nichols og John J. Ohala. 1994. *Sound symbolism*. Cambridge University Press, Cambridge.

Hirose, Masayoshi. 1981. *Japanese and English Contrastive Lexicography: The Role of Japanese 'Mimetic Adverbs'*. Ritgerð til doktorsprófs. Háskóli í Kaliforníu, Berkeley.

Ibarretxe, Iraide. 2006. Estudio lexicológico de las onomatopeyas vascas: el euskal onomatopeien hiztegia: euskara-ingelesera-gaztelania. *Fontes linguae vasconum: Studia et documenta*, 101:147-162.

Ibarretxe, Iraide. 2012. Análisis lingüístico de las onomatopeyas vascas. *Olhenart*, 27:129-177

Ido, Shinji G. 1999. Turkish mimetic word formation. *Asian and African Studies*, 8:67-73.

*Íðorðabankinn*. Ágústa Þorbergsdóttir (ritstj.). Úr orðasafninu [Læknisfræði]. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt [18. september 2020] af http://idord.arnastofnun.is

*Íslensk nútímamálsorðabók*. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt [20. september 2020] af http://islenskordabok.is

Jakobson, Roman og Linda R. Waugh. 1987. *The Sound Shape of Language*. 2. útgáfa. Mouton de Gruyter, Berlín.

Jespersen, Otto. 1922. *Language: Its nature, development, and origin*. Henry Holt and Co., New York.

Kaida, Masanao, o.fl. 1985. *Manga-de tanosimu eigo giongo jiten (A Treasure-House of English Onomatopoeias)*. Kenkyusha, Tókýó.

Kakehi, Hisao; Ikuhiro Tamori og Lawrence Schourup. 1996. *Dictionary of iconic expressions in Japanese*. Mouton de Gruyter, Berlín/New York.

Kaufman, Terrence. 1994. Symbolism and change in the sound system of Huastec. Í: Leanne Hinton, Johanna Nichols og John J. Ohala (ritstj.), *Sound symbolism* (s. 63-75). Cambridge University Press, Cambridge.

Kita, Sotaro. 1997. Two-dimensional semantic analysis of Japanese mimetics. *Linguistics* 35: 379- 415

Kloe, Donald R. 1977. *A Dictionary of Onomatopoeic Sounds, Tones and Noises in English and Spanish*. Blaine Ethridge Books, Detroit.

Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Íslensk tunga I. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Kristján Árnason. 2009. Að bera sér orð í munn: Hvenær verður orðið íslenskt? *Orð og tunga*, 11:75-100.

König, Ralf. 1996. *Das Kondom des Grauens*. Edition Kunst der Comics, Thurn.

Lindsay, Mark. 2009. *The Erikativ Form and the Nature of the German Base*. Stony Brook University, Department of Linguistics. Stony Brook University, Stony Brook.

Lloyd, Paul M. 1966. Some reduplicative words in colloquial Spanish. *Hispanic Review*, XXXIV: 135-42.

Mayoral, R. 1992. Formas inarticuladas y formas onomatopéyicas del inglés y español. Problema de Traducción. *Sendebar*, 3: 107-139.

*Málfarsbankinn* (e.d.). Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt [18. september 2020] af http://malfar.arnastofnun.is/.

Meinard, Mazurszka E.M. 2015. Distinguishing onomatopeoeias from inerjections. *Journal of Pragmatics* 76: 150-168. https://doi.org/10.1016/j.pragma.2014.11.011

Mörður Árnason (ritstj.). 2000. *Íslensk orðabók*. Rafræn útgáfa. Edda hf., Reykjavík.

Nodier, Charles. 2012. *Dictionnaire raisonné des onomatopées françaises*. Hachette, París.

Noguchi, Mitsuhiko. 1995. *Tyuugokugo giongo-ziten [A dictionary of onomatopoeic Chinese words]*. Toho Shoten, Tókýó.

Nogueira, Rodrigo de Sá. 1950. *Estudos sobre as onomatopeias*. Livraria Classica Editora, Lissabon.

Nuckolls, Janis B. 1999. The case for sound symbolism. *Annual Review of Anthropology* 28: 225-252.

Ono, Hideichi. 1994. *A Practical Guide to Japanese-English Onomatopoeia and Mimesis*. Hokuseido, Tókýo.

Oswalt, Robert L. 1994. Inanimate imitatives in English. Í: Leanne Hinton, Johanna Nichols og John J. Ohala. (ritstj.), *Sound symbolism* (s. 293-306). Cambridge University Press, Cambridge.

Pischedda, Pier S. 2020. Translating English Sound Symbolism in Italian Comics: A Corpus-Based Linguistic Analysis across Six Decades (1932-1992). *Arts*, 9(4), 108. doi:10.33390/arts9040108

Polis, Stéphane. 2008. Langue et réalité. De l‘usage de l‘iconicité en linguistique. *MethIS* 1:21-67.

Poyatos, Fernando. 1993. *Paralanguage. A Linguistic and Interdisciplinary Approach to Interactive Speech and Sound.* John Benjamins, Amsterdam/Fíladelfía.

Prince, Alan, og Paul Smolensky. 1993. *Optimality theory: Constraint interaction in generative grammar*. Handrit. Rutgers University og University of Colorado, Boulder.

Real Academia Española. *Diccionario de la lengua española*. 23. útgáfa, [23.4 útgáfa á netinu]. Sótt [19. september 2021] af https://dle.rae.es

Renský, Miroslav. 1966. The systematics of paralanguage. *Travaux linguistiques de Prague* 2: 97-102.

Riera-Eures, Manuel og Margarida Sanjaume. 2002. *Diccionari d'onomatopeies i mots de creació expresiva*. Ediciones 62, Barcelona.

Rhodes, Richard. 1994. Aural Images. Í: Leanne Hinton, Johanna Nichols og John J. Ohala (ritstj.). *Sound symbolism* (s. 276-292). Cambridge University Press, Cambridge.

Rodríguez Guzmán, Jorge. 2011. Morfología de la onomatopeya. ¿Sublcase de palabra subordinada a la interjección? *Moenia* 17: 125-178.

Runólfur Jónsson. 1688. *Recentissima antiquissimæ linguæ septentrionalis incunabula, id est grammaticæ islandicæ rudimenta*. E theatro Sheldoniano, Oxoniæ.

Russolo, Luigi. 1916/1998. *El arte de los ruidos*. José A. Sarmiento og Mancebo, J.A. (ritstj.). Centro de creación experimental, Cuenca, Spáni.

Saussure, Ferdinand de. 1916. *Cours de Linguistique Général*. Charles Bally, Albert Sechehaye og Albert Riedlinger (ritstj.). Payot, Lausanne.

Schourup, Lawrence. 1993. Nichi-Ei Onomatope no Taisho-kenkyu (Contrastive Study of Japanese and English Onomatopoeia). *Gengo*. 22(6):48-55.

Sigrún Helgadóttir, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Kristín Bjarnadóttir og Hrafn Loftsson. 2012. The Tagged Icelandic Corpus (MÍM). *Proceedings of the Workshop on Language Technology for Normalisation of Less-Resourced Languages -SaLTMiL 8 – AfLaT2012*, s. 67-72. Istanbúl, Tyrklandi.

Spire, André. 1986. *Plaisir poétique et Plaisir musculare: Essai sur l'evolution des techniques poétiques*. José Corti Editions, París.

*Stafsetningarorðabókin* (e.d.). Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt [18. september 2020] af http://malid.is/.

Stevenson, Angus (ritstj.). 2010. *Oxford Dictionary of English*. 3. útgáfa. Oxford University Press, Oxford.

Taylor, Kevin J. 2006. *Ka-boom!: A Dictionary of Comic Book Words, Symbols & Onomatopoeia*. Mora Publications, Surrey, Kanada.

Teuber, Oliver. 1998. Fasel beschreib erwähn - Der Erikativ als Wortform des Deutschen. *Deutschen Germanistische Linguistik*, 141-142: 6-26.

Ullmann, Stephen. 1962. *Semantics. An introduction to the science of meaning*. Blackwell, Oxford.

Unnur Bjarnadóttir. 2018. Þýðingar í Japan: Ritgerð um þýðingafræði og þýðing hluta skáldsögunnar Snjóríkið eftir Yasunari Kawabata. Ritgerð til M.A.-prófs. Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.

Voeltz, F. K. Erhard, og Christa Kilian-Hatz. 2001. *Ideophones*. John Benjamins, Amsterdam/Fíladelfía.

Wang, Shih-ping. 2005. Corpus-based approaches and discourse analysis in relation to reduplication and repetition. *Journal of Pragmatics* 37: 505-40.

Zhao, Shiyu 赵士钰. 1999. *Comparación bilingüe entre el chino y el español*. Waiyu jiaoxue yu yanjiu chubanshe, Pekín.

Zwicky, Arnold M., og Geoffrey K. Pullum. 1987. Plain morphology and expressive morphology. *Proceedings of the Thirteenth Annual Meeting of the Berkeley Linguistics Society*, 330-340.

Þórhalla Guðmundsdóttir Beck. 2013. *Í ríki myndanna. Um merkingu og uppruna lýsnadi orða í táknmáli*. Ritgerð til M.A.-prófs. Hugvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.

## VIÐAUKI I – Upplýsingar um notkunardæmi

| hljóðgervingur | myndasaga | rithöfundur | forlag / tímarit | ár | tilvísunarn. |
|---|---|---|---|---|---|
| *aaaaa* | Flauga-spaug | Emil H. Valgeirsson | sjálfsútgáfa | 1981 | FS_10 |
| *aooooooo...* | Hetjan | Embla Ýr Bárudóttir | Mál og Menning | 2007 | Bn_88 |
| *arrf* | Sætastaaa sjálfsmorð samtímans | Þórarinn Leifsson | GISP! | 1990 | G_2_16a |
| *bam!* | Pétur og vélmennið | Kjartan Arnórsson | Fjölva-útgáfan | 1979 | PV_10c |
| *bamm* | Númer 9 | Halldór Baldursson | GISP! | 1991 | G_3_12 |
| *bang* | Ókei bæ tvö | Hugleikur Dagsson | Forlagið | 2008 | ÓB2_23 |
| *bank bank* | Stebbi stælgæi | Birgir Bragason | Tíminn | 1967 | StSt_180467 |
| *bðöö* | Ókei bæ tvö | Hugleikur Dagsson | Forlagið | 2008 | ÓB2_25 |
| *béff* | Lóaboratoríum | Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir | Ókeibæ | 2014 | L_1 |
| *bif!* | Svínharður smásál | Kjartan Arnórsson | Þjóðviljinn | 1982 | SS_070882 |
| *bíb búb* | Ókei bæ tvö | Hugleikur Dagsson | Forlagið | 2008 | ÓB2_20 |
| *bííib* | Lóaboratoríum | Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir | Ókeibæ | 2014 | L_33 |
| *bíuíuíu* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_27c |
| *bkklkkkkk* | Úngfrú Ísland | Bjarni Halldórsson | GISP! | 2005 | G9_141 |
| *bla bla* | Stebbi stælgæi | Birgir Bragason | Tíminn | 1967 | StSt_250267 |
| *blaarg* | Lóaboratoríum | Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir | Ókeibæ | 2014 | L_30 |
| *blamm* | Hinar ótrúlegu alíslenzku örlagasögur | Þorri Hringsson | GISP! | 1991 | G_3_36 |
| *blamm!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_27b |
| *blegh* | Ókei bæ tvö | Hugleikur Dagsson | Forlagið | 2008 | ÓB2_10 |
| *bligg!!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_28b |
| *blink blink* | Ævintýri burstasölumanns | Björgvin Ólafsson | sjálfsútgáfa | 1985 | ÆB_13 |
| *blíng!* | Pétur og vélmennið | Kjartan Arnórsson | Fjölva-útgáfan | 1979 | PV_34c |
| *blob* | Hálfdan Uggi | Ómar Stefansson | GISP! | 1999 | G8_78b |
| *blopp!* | Á teiknimyndafígúruströndinni | Kjartan Arnórsson | GISP! | 1999 | G8_100d |
| *blopp!!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_26d |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *blubb* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_31 |
| *blöbb* | Dauði Kristjáns Gísla | Halldór Baldurrson | GISP! | 1999 | G8_17 |
| *blögh* | Ókei bæ tvö | Hugleikur Dagsson | Forlagið | 2008 | ÓB2_25 |
| *boing boing* | Svínharður smásál | Kjartan Arnórsson | Þjóðviljinn | 1982 | SS_110982 |
| *bomm* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_22c |
| *bomp!* | Pétur og vélmennið | Kjartan Arnórsson | Fjölva-útgáfan | 1979 | PV_40b |
| *bong!!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_10c |
| *bonk bonk* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_7b |
| *bonka bonk* | Hálfdan Uggi | Ómar Stefansson | GISP! | 1999 | G8_78a |
| *bramm!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_30e |
| *brask!!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_32b |
| *brems* | Edensgarðurinn | Kristján Jón | Sjálf. | 2007 | E_1 |
| *brestir!* | Stebbi stælgæi | Birgir Bragason | Tíminn | 1966 | StSt_141066b |
| *brommmmm* | Sigga Vigga og Þingmaðurinn | Gísli J. Ástþórsson | Bros sf. | 1979 | SVþ_5 |
| *broom* | Númer 9 | Halldór Baldursson | GISP! | 1991 | G_3_5a |
| *brmmm* | Skínandi blokkir | Halldór Baldursson | GISP! | 1992 | G_5_10a |
| *brrrak* | Stebbi stælgæi | Birgir Bragason | Tíminn | 1966 | StSt_141066b |
| *brumm* | Sæmundur fróði | Haraldur Guðbergsson | Fálkinn | 1965 | SF_170565b |
| *brumm* | Flauga-spaug | Emil H. Valgeirsson | sjálfsútgáfa | 1981 | FS_27 |
| *brölt* | Lóaboratoríum | Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir | Ókeibæ | 2014 | L_16 |
| *bssbssbssbssbss* | Krassandi samvera | Bjarni Hinriksson | Salka | 2005 | KS_1 |
| *bukk!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_9b |
| *bumpp!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_22b |
| *bunk* | Númer 9 | Halldór Baldursson | GISP! | 1991 | G_3_14 |
| *búhú búhú* | Lóaboratoríum | Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir | Ókeibæ | 2015 | L_4b |
| *búmm* | Flauga-spaug | Emil H. Valgeirsson | sjálfsútgáfa | 1981 | FS_14 |
| *búmm* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_30f |
| *búmp!* | Pétur og vélmennið | Kjartan Arnórsson | Fjölva-útgáfan | 1979 | PV_13 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *búúúúú* | Hálfdan Uggi | Ómar Stefansson | GISP! | 1999 | G8_78b |
| *búúú* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_11b |
| *bæng* | Sætastaaa sjálfsmorð samtímans | Þórarinn Leifsson | GISP! | 1990 | G_2_19b |
| *bziigg!!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_30f |
| *bzzt!* | Pétur og vélmennið | Kjartan Arnórsson | Fjölva-útgáfan | 1979 | PV_4f |
| *bzzz* | Ókei bæ tvö | Hugleikur Dagsson | Forlagið | 2008 | ÓB2_24 |
| *clak!* | Pétur og vélmennið | Kjartan Arnórsson | Fjölva-útgáfan | 1979 | PV_38c |
| *click* | Dauði Kristjáns Gísla | Halldór Baldurrson | GISP! | 1999 | G8_13 |
| *ding* | Ævintýri burstasölumanns | Björgvin Ólafsson | sjálfsútgáfa | 1985 | ÆB_5 |
| *ding ding* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_10b |
| *ding dong!* | Svínharður smásál | Kjartan Arnórsson | Þjóðviljinn | 1982 | SS_170882 |
| *dong! dong! dong!* | Svínharður smásál | Kjartan Arnórsson | Þjóðviljinn | 1982 | SS_090982d |
| *donk* | Hálfdan Uggi | Ómar Stefansson | GISP! | 1999 | G8_78b |
| *driiiiii!* | Rakkarapakk | Jan Pozok og Sigrún Edda Björnsdóttir | JPV útgáfa | 2005 | R_30a |
| *dring dring* | Númer 9 | Halldór Baldursson | GISP! | 1991 | G_4_41 |
| *drriiiinnng!!* | Ókei bæ tvö | Hugleikur Dagsson | Forlagið | 2008 | ÓB2_18 |
